



# Vaxtarsamningur Vesturlands

Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Vesturlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið - Júlí 2006



Útgefandi: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið  
Umsjón og ábyrgð útgáfu: Verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Vesturlands  
Ritstjóri: Baldur Pétursson  
Prentumsjón: Athygli  
Prentun: Gutenberg  
Ljósmyndir á forsíðu: Ragnar Th Sigurðsson  
1. útgáfa  
Upplag: 500 eintök

ISBN 9979-871-56-3  
ISBN 978-9979-871-56-9

# Efnisyfirlit

<b>I. FORMÁLSORÐ</b> .....	<b>5</b>
<b>II. NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR</b> .....	<b>6</b>
<b>III. INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
III.1 ALMENNT YFIRLIT .....	7
III.2 STÖRF VERKEFNISSTJÓRNAR.....	8
<b>IV. FORSENDUR, FYRIRMYNDIR OG FRAMTÍÐARSÝN</b> .....	<b>9</b>
IV.1 SVÆÐIÐ OG AFMÖRKUN ÞESS .....	9
IV.2 HUGMYNDAFRÆÐI, FYRIRMYNDIR OG FORSENDUR.....	9
IV.3 VAXTARSAMNINGUR – SJÁLFBÆR FRAMKVÆMD TIL SÓKNAR.....	10
IV.4 FRAMTÍÐARSÝN.....	10
<b>V. VAXTARSAMNINGUR HELSTU EINKENNI</b> .....	<b>11</b>
V.1 HELSTU EINKENNI VAXTARSAMNINGS .....	11
<i>Einkenni vaxtarsamnings</i> .....	11
<i>Skipurit vaxtarsamnings</i> .....	12
<i>Markmið vaxtarsamnings</i> .....	12
<i>Framkvæmd vaxtarsamnings</i> .....	13
<i>Fjármögnun og kostnaður vaxtarsamnings</i> .....	14
<i>Samstarfsaðilar vaxtarsamnings</i> .....	14
V.2 ÁHERSLA Á 4 KLASA / VAXTARKJARNA.....	14
<i>Klasar vaxtarsamnings</i> .....	14
<i>Klasar - framkvæmd - aðgerðir</i> .....	15
V.3 EINKENNI OG ÁVINNINGUR AF STARFSEMI KLASA .....	17
<i>Einkenni klasaverkefna</i> .....	17
<i>Ávinningur svæðisins – aukinn hagvöxtur</i> .....	18
<i>Ávinningur atvinnulífs – bætt afkoma</i> .....	19
<i>Starfsemi klasa - Dæmi</i> .....	19
<b>VI. ÞRÓUN EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁLA Á VESTURLANDI</b> .....	<b>21</b>
VI.1 SVEITARFÉLÖG Á VESTURLANDI.....	21
<i>Akranessvæði</i> .....	22
<i>Borgarfjarðarsvæði</i> .....	22
<i>Snæfellsnes</i> .....	22
<i>Dalabyggð</i> .....	23
VI.2 LÝÐFRÆÐI .....	23
<i>Mannfjöldapróun til lengri tíma</i> .....	23
<i>Aðfluttir umfram brottflutta</i> .....	24
<i>Aldursskipting</i> .....	25
<i>Staða kynjanna</i> .....	27
<i>Heimili og fjölskyldur</i> .....	28
<i>Nýbúar</i> .....	28
VI.3 VINNUMARKAÐUR.....	30
<i>Atvinnugreinar og ársverk</i> .....	30
<i>Atvinnuleysi</i> .....	32
<i>Tekjur og efnahagur</i> .....	33
VI.4 FYRIRTÆKI .....	35
VI.5 MENNTUN.....	35
VI.6 SAMGÖNGUR .....	38
VI.7 STÖRF Á VEGUM HINS OPINBERA .....	42
<b>VII. SAMKEPPNISSTAÐA VESTURLANDS – SVÓT</b> .....	<b>43</b>
<i>AÐFERÐ</i> .....	43
<i>STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR VESTURLANDS</i> .....	44
<i>ÓGNANIR OG TÆKIFÆRI VESTURLANDS</i> .....	46

<b>VIII. EINSTAKA TILLÖGUR.....</b>	<b>51</b>
SAMGÖNGUR .....	51
1. Samgöngubætur á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins .....	52
2. Tilraunaverkefni um safn- og tengivegi .....	53
3. Aukið fjármagn til safn- og tengivega.....	54
MENNTUN OG RANNSÓKNIR.....	55
4. Landbúnaðarháskóli Íslands.....	56
5. Viðskiptaháskólinn á Bifröst.....	57
6. Þekkingarver Vesturlands.....	58
7. Rannsóknarsetur um lífríki sjávar í Breiðafirði.....	59
8. Háskólasetur Snæfellsness.....	60
9. Þekkingarmiðstöð hjóðgarðsins Snæfellsjökuls.....	61
10. Náttúrustofa Vesturlands.....	62
11. Rafræn skráning á sjúkraskrá.....	63
12. Þekkingarsetur á Akranesi.....	64
13. Framhaldsskólar á Vesturlandi .....	65
14. Menntaskóli Borgarfjarðar.....	66
15. Fjölbrautaskóli Vesturlands.....	67
16. Fjölbrautaskóli Snæfellinga.....	68
17. Snorrastofa. Menningar- og miðaldasetur í Reykholti.....	69
FERÐAÞJÓNUSTA OG MENNING .....	71
18. Markaðsstofa ferða- og kynningarmála Vesturlands.....	71
19. Sérhæfðir safnahringir á Vesturlandi .....	73
20. Green Globe 21.....	74
MATVÆLAFRAMLEIÐSLA OG SJÁVARÚTVEGUR .....	75
21. Svæðisbundin þróun lifrænnar framleiðslu.....	75
22. Aukin arðsemi hlunninda.....	76
23. Samkeppnisstaða landvinnslunnar.....	77
IÐNAÐUR .....	78
24. Atvinnustarfsemi á Grundartanga .....	79
ADRAR MEGINTILLÖGUR .....	81
25. Upplýsingatækni .....	81
26. Ímynd Vesturlands .....	82
27. Svæðisútlit á Vesturlandi .....	83
28. Björgunarskóli á Gufuskálum .....	84
29. Ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal.....	85
<b>IX. VIÐAUKI I – VIÐTLA VIÐ IFOR WILLIAMS.....</b>	<b>87</b>
<b>X. HEIMILDARSKRÁ .....</b>	<b>89</b>
<b>YFIRLIT YFIR MYNDIR .....</b>	<b>90</b>
<b>YFIRLIT YFIR TÖFLUR .....</b>	<b>90</b>

## I. Formálsorð

Vaxtarsamningur eru nýlegt hugtak í umræðunni um byggðamál á Íslandi. Hins vegar eru vaxtarsamningar vel þekkt fyrirbæri í byggðastefnu ýmissa annarra þjóða. Þannig má benda á að Svíar og Finnar hafa um nokkurt skeið notað vaxtarsamninga sem grundvöll fyrir eflingu ýmissa landsvæða innan sinna landamæra. Kjarninn í vaxtarsamningum er að þeir eru samkomulag sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis, einkaaðila og annarra aðila á viðkomandi svæði um uppbyggingu og vöxt atvinnulífs og samfélags. Vesturland er svæði sem býr yfir fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi, en með breyttum samfélagsaðstæðum og aukinni nútímavæðingu hefur vægi frumvinnslugreina minnkað og aðrar atvinnugreinar eflast á Vesturlandi.

Aukin alþjóðavæðing og opnun hagkerfa hefur á umliðnum árum aukið verulega samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, byggðum og svæðum, um skilvirkni og árangur. Aukna alþjóðavæðingu má glögglega sjá á sviði atvinnulífs, þar sem alþjóðleg samvinna fer sífellt vaxandi, hvort sem um er að ræða útrás íslenskra fyrirtækja eða erlent samstarf á Íslandi. Sem dæmi má nefna EES-samninginn sem er eitthvert stærsta skref sem tekið hefur verið hér á landi á sviði alþjóðavæðingar og opnað fyrir alþjóðlegt samstarf Íslendinga á flestum sviðum atvinnulífs vegna sameiginlegra reglna innan EES-svæðisins sem leiddu til frjáls flæðis á sviði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafis, auk annarra atriða s.s. á sviði rannsókna og menntamála.

Á sama tíma hafa einstök svæði og byggðir víðast hvar fengið aukið hlutverk og ábyrgð, þar sem víða í heiminum, m.a. í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna verið í vaxandi mæli færð frá ríki til sveitarfélaga s.s. ráðuneytum - til svæðanna sjálfra. Á seinustu árum hefur þessi þróun breytt áherslum í svæða- / byggðamálum frá því að vera varnarstefna fyrir ákveðnar atvinnugreinar, til ahlíða aukinnar samkeppnishæfni og vaxtar atvinnulífs og svæða. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu rannsóknadstöðu, háskólastarfs og samstarfs þess við atvinnulíf, sem og aukið samstarf almennt í atvinnulífi.

Hjá stofnunum s.s. OECD má einnig sjá vaxandi umfjöllun um svæðisbundinn hagvöxt, og stofnunin hefur aukið athuganir og ráðgjöf á þessu sviði. Þetta gefur sterka vísbendingu um að starf á þessu sviði sé mikilvægur hlekkur í samræmdri og skilvirkri efnahags-, skipulags- og hagþróun einstakra svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Þróun á þessu sviði er ótvírætt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) með áherslu á samkeppnishæfni, þar sem tekið er tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Í nýlegri skýrslu OECD<sup>1</sup>, koma áður nefnd atriði skýrt fram þar sem m.a. er lögð áhersla á 5 atriði en þau eru:

1. Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingarkjarnar.
2. Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.
3. Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar - aukið fjármagn aðila.
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.

Segja má að þessi 5 atriði séu kjarninn í sókn atvinnulífs og svæða til aukinnar samkeppnishæfni og vaxtar í framtíðinni, þar sem byggðamál eru í raun orðin samofin við stefnu stjórnvalda í málum er varða atvinnuþróun, rannsóknir og nýsköpun og mynda því eina heild. Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslu á þessi atriði.

Áður nefnd þróun hefur gert kröfur um aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, opinberra sem einkaaðila, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja. Á seinustu árum hefur mikilvægi aukins samstarfs í atvinnulífi komið í ljós, m.a. í formi klasa eins og vaxtarsamningar hér á landi byggja á. Þetta má glögg sjá víðsvegar um heiminn og bent hefur verið á í ýmsum skýrslum m.a. í ofangreindri skýrslu OECD.

Í nýlegri skýrslu segir Michael E. Porter prófessor hjá Harvard háskóla m.a.: "Áhersla á klasa hefur þróast sem ein af megin aðferðum til að auka samkeppnishæfni og hagþróun svæða síðastliðinn áratug. Hundruð klasaverkefna hafa verið sett í gang víðsvegar um heiminn og fjöldinn fer vaxandi. Slíkar áherslur sem eru mismunandi í framkvæmd eru nú viðurkenndur hluti af efnahagslegri framþróun."<sup>2</sup> Mikilvægt er því að nýta slíka aðferðafræði og þekkingu til framþróunar á Íslandi, með innlendu sem erlendu samstarfi.

Sú sýn, verkfæri og markmið sem hér eru sett fram eru veigamikill grunnur að frekari árangri í framtíð varðandi uppbyggingu svæðisins. Árangri einstakra svæða má að vissu leyti líkja við fyrirtæki þar sem árangur byggist á raunhæfu stöðumati og því að taka tillit til breyttra aðstæðna, nýta ný vinnubrögð og tækni til sóknar. Ábyrgð á byggðamálum er að færast í meira mæli til viðkomandi byggðarlaga, sem gerir kröfur um nýjar áherslur. Á sama tíma er mikilvægt að starfsskilyrði atvinnulífs og byggða séu hér samkeppnishæf miðað við okkar samkeppnislönd – ekki síst í grundvallaratriðum s.s. gengis- og efnahagsmálum. Þetta gildir ekki síst þar sem alþjóðleg samkeppni er orðin verulega mikil – þar sem lítilsháttar frávik í starfsskilyrðum frá því sem erlendis gerist, getur haft viðtæk áhrif á atvinnulíf þar sem samkeppnishæfni svæða byggist hvað mest á samkeppnishæfu atvinnulífi.

Til að treysta sem best byggðaðróun einstakra svæða er afar mikilvægt að skapa kraftmikið, sjálfbært og skapandi ferli, sem hefur ábyrgð á byggðamálum viðkomandi svæða. Tækifærin koma ekki og banka á dýrari í byggðamálum frekar en á öðrum sviðum, og því er skilvirkt starf á einstaka svæðum afar mikilvægt. Starfi á sviði byggðamála lýkur hins vegar aldrei frekar en starfi innan fyrirtækja.

Í Vaxtarsamningi Vesturlands felast fjölmörg sóknarfæri sem munu reynast svæðinu heilladrjúg, styrkja innviði á svæðinu og efla búsetuskilyrði verulega. Vesturland hefur alla burði til að verða ákjósanlegasti búsetustaður landsins.

Verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Vesturlands

<sup>1</sup> Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD 2005

<sup>2</sup> The Cluster Initiative Greenbook, Örjan Sövell, Göran Lindqvist, Christian Ketels, forword by Michael E. Porter, 2003.

## II. Niðurstöður og tillögur

### NIÐURSTÖÐUR

Vesturland á sér mikla möguleika til vaxtar og þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum og tækifærum sem fyrir hendi eru á svæðinu, sem og þeim áherslum og tillögum sem hér eru kynntar. Það er jafnframt mat og framtíðarsýn verkefnisstjórnar að fyrir árið 2020 verði íbúatala svæðisins um 18.700 í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna atvinnutækifæra, góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Gert er ráð fyrir að íbúum Vesturlands í heild fjölgi árlega að meðaltali um a.m.k. 1,5%.

Í umfjöllun verkefnisstjórnar var lögð áhersla á 5 megin atriði sem mikilvægt er að leggja áherslu á í stefnumótun og verkefnum í þessari skýrslu sem og annarri stefnumótun stjórnvalda er svæðið varðar.

1. Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingarkjarnar.
2. Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.
3. Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar - aukið fjármagn aðila.
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.

Með hliðsjón af þessum áherslum má flokka tillögur um aðgerðir í þrjá flokka:

1. Efla helstu byggðakjarna og jaðarbyggðir á svæðinu.
2. Tillaga um vaxtarsamning.
3. Aðrar tillögur um áherslur og verkefni.

Vakin er sérstök athygli á mikilvægi samkeppnishæfra starfsskilyrða s.s. í gengismálum þar sem breytingar á þeim atriðum hafa mikil áhrif á afkomu atvinnulífs, hvort sem þau stunda útlutning eða eru á innlendum samkeppnismarkaði. Þetta á einnig við önnur atriði s.s. samgöngumál sem er hluti af innviðum hvers þjóðfélags.

### TILLÖGUR

#### **1. Efling helstu byggðakjarna s.s. á norðanverðu Snæfellsnesi, í Borgarfirði og á Akranesi.**

Markmið er að efla helstu byggðakjarna svæðisins sem kjarna stjórnsýslu, menntunar, rannsókna og þjónustu, auk þess sem jaðarsvæði verði eflað. Sérstaklega verði horft til þess að byggja upp frekari aðstöðu fyrir háskólasetur, rannsókn- og vísindastarf til að efla þekkingarkjarna svæðisins.

#### **2. Vaxtarsamningur**

Gerður verði Vaxtarsamningur Vesturlands frá miðju ári 2006 til ársloka 2009. Ávinningur vaxtarsamnings er að festa í sessi til langs tíma kraftmikið og skilvirkt starf sem miðar að auknum hagvexti svæðisins, auknum fjölbreytileika í atvinnulífi, efla svæðisbundna sérþekkingu og vaxtagreinar og fjölgun starfa. Þetta verði gert með því m.a. að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Mennta- og rannsóknarklasi.
- 2) Menningar- og ferðaþjónustuklasi.
- 3) Sjávarútvegs- og matvælaklasi.
- 4) Iðnaðarklasi.

Árlega verði varið 30 - 40 m.kr. til verkefnisins, sem fjármagnað verði af ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi. Skipuð verði stjórn Vaxtarsamnings Vesturlands sem í eigi sæti fulltrúar frá helstu aðilum á svæðinu.

#### **3. Tillögur um beinar aðgerðir á einstaka sviðum**

Samhliða því að starfsemi vaxtarsamnings komi til framkvæmda, er afar brýnt að ráðist verði í aðgerðir á einstaka sviðum. Forgangstillögum um aðgerðir er hér skipt í 5 megin flokka:

##### **1. Mennta- og rannsóknarklasi**

- Háskólarnir á Vesturlandi.
- Þekkingarver Vesturlands.
- Framhaldsskólar á Vesturlandi.

##### **2. Menningar- og ferðaþjónustuklasi**

- Markaðsstofa ferða- og kynningarmála Vesturlands.
- Sérhæfðir safnahringir á Vesturlandi.
- Green Globe 21.

##### **3. Sjávarútvegs- og matvælaklasi**

- Aukin arðsemi hlunninda.
- Samkeppnisstaða landvinnslunnar.
- Svæðisbundin þróun lífrænnar framleiðslu.

##### **4. Iðnaðarklasi**

- Atvinnustarfsemi á Grundartanga.
- Málmíðnaður.
- Byggingariðnaður.

##### **5. Tillögur á öðrum sviðum**

- Samgöngubætur á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins.
- Tilraunaverkefni um safn- og tengivegi.
- Upplýsingatækni.
- Svæðisútvarp Vesturlands.

Þessum tillögum er öllum lýst aftar í skýrslu þessari. Áhersla er lögð á að hraða framkvæmd þessara tillagna.

## III. Inngangur

### III.1 Almenn yfirlit

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, 28. október 2005, eða einungis fyrir rúmum 6 mánuðum síðan, kom iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir og tilkynnti formlega að ákveðið væri að skipa verkefnisstjórn að undirbúningi að Vaxtarsamningi Vesturlands.

Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar segir m.a. “Þann 3. maí 2002 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 – 2005. Í III. kafla þingsályktunarinnar eru settar fram tillögur um aðgerðir, til styrktar einstökum byggðarlögum landsins. Margvíslegt starf hefur verið unnið á grunni þessarar stefnumörkunar, m.a. er varðar byggðakjarna og vaxtarsamning fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og farið hafa fram umræður um sambærilegt starf fyrir Vesturland. Því hefur iðnaðarráðherra nú ákveðið að efna til sambærilegrar vinnu er nái til Vesturlands, þar sem taka skal mið af þeim áherslum sem unnar voru fyrir Eyjafjörð og Vestfirði. Skipuð verði verkefnisstjórn sem fari með umsjón þessa verkefnis, og er hlutverk hennar að gera tillögu til ráðherra um stefnumörkun í byggðamálum á Vesturlandi og hvaða kostir komi helst til greina við að treysta vöxt og samkeppnishæfni svæðisins. Með tillögum fylgi áætlun um aðgerðir þar sem fram komi markmið þeirra, forsendur, ábyrgð á framkvæmd, þátttakendur, ásamt tíma- og kostnaðaráætlun. Óskað er eftir að verkefnisstjórnin taki mið af skýrslum sem nýlega voru unnar fyrir ráðuneytið og varða Eyjafjörð og Vestfirði.”

Í verkefnisstjórnina voru skipaðir:

Baldur Pétursson, deildarstjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður.

Bernhard Þór Bernhardsson, deildarforseti viðskiptadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Björn Elíson, atvinnumálafulltrúi Akraneskaupstaðar.

Dagný Sigurðardóttir, sveitarstjórnarmaður í Borgarfjarðarsveit.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna.

Haraldur Líndal Haraldsson, sveitarstjóri í Dalabyggð.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ.

Páll S. Brynjarsson, bæjarstjóri í Borgarbyggð.

Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs Norðuráls.

Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði og stjórnarmaður í SSV- Þróun og ráðgjöf.

Með verkefnisstjórninni störfuðu starfsmenn SSV- Þróunar og ráðgjafar; Guðný Anna Vilhelmsdóttir, Hrefna B. Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Kristín Björg Árnadóttir, Ólafur Sveinsson, Vífill Karlsson, Þorbergur Þórsson og Þórarinn Sólmundarson starfsmaður Byggðastofnunar. Einnig komu Ásthildur Sturludóttir og Þorvaldur T. Jónsson að undirbúningsvinnunni að Vaxtarsamningi Vesturlands.

Meginþunginn í tillögugerð nefndarinnar byggir á atriðum er varðar eflingu háskóla- og rannsóknarstarfs, auknu samstarfi þess við atvinnulífið, sem og auknu samstarfi almennt innan atvinnulífsins s.s. í formi klasa eins og fram kemur í niðurstöðum. Samhliða verði almenn starfsskilyrði á svæðinu treyst. Einnig verði byggt enn frekar á helstu styrkleikum og tækifærum svæðisins á sviði menntunar og rannsókna, menningar og ferðaþjónustu, sjávarútvegs- og matvælaframleiðslu og iðnaði. Á þessum 4 stöðum byggir verkefnisstjórnin helstu tillögur sínar, ásamt því að benda á umbætur í samgöngumálum og samskiptum sveitarfélaga sem geta styrkt umræddar stöðir.

Markmið tillagnanna er fyrst og fremst að auka hagvöxt svæðisins og fjölga atvinnutækifærum og treysta byggðakjarna svo þeir geti enn frekar sinnt því lykilhlutverki sínu að vera miðstöð atvinnu, menningar og þjónustu á svæðinu og er vaxtarsamningur – eins konar verkfæri til að ná þessum markmiðum. Samstillt átak aðila atvinnulífsins, sveitarstjórna, fjármálastofnana ríkisvaldsins, rannsóknastofnana og háskóla er nauðsynlegt til að árangur náist.

### III.2 Störf verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórnin hefur nú unnið rösklega í tæpt eitt ár að gagnasöfnun, viðtölum við heimamenn og aðra, á sama tíma og miðlað hefur verið til landsins erlendri ráðgjöf á sviði byggðamála. Samvinna og samstarf hefur verið við vaxtarsamninga annarra svæða.

Mikilvægi slíkrar stefnumótunarvinnu felst einkum í því að íbúar, sveitarstjórnir, stofnanir, fyrirtæki og aðrir hlutaðeigandi aðilar vinni sameiginlega að stefnumótun fyrir svæðið sem heild, auk þess að fylgja eftir ákveðnum stefnumótunarmálum til að stuðla að framgangi svæðisins. Markmiðið með þessari vinnu felst í frumkvæði heimamanna, að móta ákveðna stefnu í byggðámálum til aukinnar samkeppnishæfni á Vesturlandi. Ætlunin er að Vaxtarsamningur Vesturlands efli búsetuþróun á svæðinu, atvinnulíf og stuðli að því að gera Vesturland álitlegri búsetukost fyrir alla aldurshópa. Með þetta í huga lagði verkefnisstjórn upp með eftirfarandi spurningar sem leitast var við að svara við gerð vaxtarsamnings:

1. Á hvern hátt er hægt að stuðla hvað best að framþróun á Vesturlandi?
2. Hverjar eru stærstu áskoranirnar sem Vesturland stendur frammi fyrir í dag?
3. Hvernig er brugðist sem best við þessum áskorunum eða breytingum?
4. Hver eru áhersluatriði næstu þriggja ára í formi tillagna?

Á sama tíma hefur verið lögð sérstök áhersla á samkeppnishæfni svæðisins á öllum sviðum með hliðsjón af þróun alþjóðavæðingar. Segja má að störf verkefnisstjórnar séu nýstárleg – þar sem m.a. er tekið mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði atvinnu- og byggðamála, en þau eru m.a.:<sup>3</sup>

1. Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingarkjarnar.
2. Áhersla á samstarf og klasauppbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.
3. Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana – klasar - aukid fjármagn aðila.
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.

Í megin atriðum má segja að áherslum í störfum verkefnisstjórnar megi skipta í 4 flokka:

1. Gagnasöfnun. 2. Samstarf við helstu aðila á svæðinu. 3. Upplýsingamiðlun frá erlendum aðilum.
4. Skipuleg greining á sóknarfærum svæðisins. Vinna á áður nefndum áherslusviðum hefur síðan verið í formi funda á Vesturlandi, verkefna og samstarfi við innlenda sem erlenda aðila.

Þann 12. maí sl. var haldinn opinn fundur á Akranesi þar sem Ifor Williams, alþjóðlegur ráðgjafi á sviði vaxtarsamninga, hélt erindi um alþjóðavæðingu, samkeppnishæfni, alþjóðleg verkefni á sviði klasa og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði. Í máli Ifor Williams kom m.a. fram að vaxtarsamningar og fyrirtækjaklasar hefðu gefist vel erlendis til að auka samkeppnishæfni og vöxt í atvinnulífinu. Á tímum vaxandi alþjóðavæðingar og samkeppni væri mikilvægt fyrir atvinnulíf og opinbera aðila að nýta slík tækifæri. Með starfsemi vaxtarsamninga og klasa gæfst tækifæri á hagnýtri samvinnu, en smáð fyrirtækja væri ekki vandamál heldur einangrun þeirra. Með starfsemi vaxtarsamninga er lögð áhersla á að auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana og að efla klasasamstarf innan atvinnulífsins og á milli atvinnulífs og fleiri aðila innanlands sem erlendis. Ifor Williams lagði einnig áherslu á mikilvægi sérhæfingar, að viðkomandi svæði legði áherslu á sín sérkenni og hvaða svið atvinnulífsins væru vænlegust til árangurs. Hann lagði áherslu á að Vesturland skapaði sér mikla sérstöðu með tvo vaxandi háskóla og gifurleg tækifæri fælust þar fyrir landshlutann. Sjá nánar viðtal við Ifor í **Viðauka I** fastast í skýrslunni.

**Viðskiptataekifæri í vaxtarsamningum**

Ífor Williams, ráðgjafi hjá McKinsey & Company, hefur komið til landsins til að auka samkeppnishæfni og vöxt í atvinnulífinu. Á tímum vaxandi alþjóðavæðingar og samkeppni væri mikilvægt fyrir atvinnulíf og opinbera aðila að nýta slík tækifæri. Með starfsemi vaxtarsamninga og klasa gæfst tækifæri á hagnýtri samvinnu, en smáð fyrirtækja væri ekki vandamál heldur einangrun þeirra. Með starfsemi vaxtarsamninga er lögð áhersla á að auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana og að efla klasasamstarf innan atvinnulífsins og á milli atvinnulífs og fleiri aðila innanlands sem erlendis. Ifor Williams lagði einnig áherslu á mikilvægi sérhæfingar, að viðkomandi svæði legði áherslu á sín sérkenni og hvaða svið atvinnulífsins væru vænlegust til árangurs. Hann lagði áherslu á að Vesturland skapaði sér mikla sérstöðu með tvo vaxandi háskóla og gifurleg tækifæri fælust þar fyrir landshlutann. Sjá nánar viðtal við Ifor í **Viðauka I** fastast í skýrslunni.

<sup>3</sup> Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD 2005




## IV. Forsendur, fyrirmyndir og framtíðarsýn

### IV.1 Svæðið og afmörkun þess

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er Vesturlandskjördæmi eins og það var skilgreint í fyrrverandi kjördæmaskiptingu landsins. Vesturland nær frá botni Hvalfjarðar áfram ströndina að botni Gilsfjarðar. Þessu landsvæði má skipta upp í 4 nokkuð lík atvinnusvæði, en það eru Akranes og sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar, Borgarfjörður umhverfis Borgarnes, þá Snæfellsnes ásamt Kolbeinsstaðarhreppi og að lokum Dalabyggð. Borgarfjörður og Dalabyggð hafa einkennst af miklum landbúnaði en iðnaður, þjónusta og þekkingarstarfsemi hefur vaxið hraðar í Borgarfirði en Dalabyggð. Akranes og Snæfellsnes hafa einkennst af öflugum sjávarútvegi en iðnaður og þjónusta hafa vaxið hraðar á Akranesi.

Þrátt fyrir þessa skilgreiningu munu áhrif byggða- aðgerða í þessum kjarna ná út fyrir þetta svæði til Vestfjarða og Norðurlands vestra.

Vesturland liggur að höfuðborgarsvæðinu og er Akranessvæðið næst. Margt bendir til þess að vöru- og vinnumarkaður á Akranesi og jafnvel upp í Borgarfirði séu farnir að renna að nokkru leyti saman við höfuðborgarsvæðið. Í raun má segja að þessi svæði séu í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og njóti margvíslegs ávinnings er því fylgir. Ljóst er að höfuðborgarsvæðið er Vestlendingum mikilvægt. Það sést m.a. á rannsóknum sem gerðar hafa verið á Vesturlandi svo og hvernig vöxtur og viðgengi einstakra svæða á Vesturlandi eru í nokkru samræmi við nálægð höfuðborgarsvæðisins<sup>4</sup>



Mynd 1: Vesturland.

### IV.2 Hugmyndafræði, fyrirmyndir og forsendur

Í störfum nefndarinnar og mótun tillagna hefur verið lögð megin áhersla á samstarf og ráðgjöf við hina ýmsu aðila á svæðinu, einkaaðila sem opinbera aðila, atvinnulíf og launþega – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur einnig verið lögð megin áhersla á nýjungar í vinnubrögðum um byggðamál og ráðgjöf erlendra sérfræðinga á sviði byggðamála – þar sem horft er til reynslu og þróunar, með hliðsjón af áhrifum alþjóðavæðingar á samkeppnishæfni atvinnulífs, svæða og einstakra landa. Segja má að forsendum þessara tillagna megi skipta í fernt:

1. Áhersla á sérstöðu og styrkleika svæðisins.
2. Uppbygging háskóla - vísindastarfs og þekkingarkjarna.
3. Aukið samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana s.s. með klasasamstarfi.
4. Samkeppnishæf og góð starfsskilyrði – sem forsendu sóknar.

Störf nefndarinnar eru nokkuð nýstárleg og taka mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði byggðamála og því mótast tillögur af þessum áherslum. Í þessu sambandi hefur m.a. verið horft til reynslu Finnlands með kjarnauppbyggingu byggðar, þar sem áhersla er lögð á öflugt starf háskóla, rannsóknastofnana og samstarf þessara stofnana við atvinnulíf, m.a. með samstarfsverkefnum s.s. vaxtarsamningum sem hafa skilað góðum og markvissum árangri. Kjarni í öflugri byggðapróun er samkeppnishæfni svæða með öflugri samstarfi helstu aðila, ekki einungis innan viðkomandi svæða og landa – heldur og ekki síður á alþjóðavettvangi. Jafnframt er í tillögum nefndarinnar stuðst við erlenda reynslu og ráðgjöf á sviði byggðamála, þar sem nýtt er það sem vel hefur tekist erlendis.

<sup>4</sup> Vífill Karlsson (2004) Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi.

### IV.3 Vaxtarsamningur – sjálfbær framkvæmd til sóknar

Til að tryggja framgang þessara áherslna verði slíkt gert með sérstöku skipulegu samstarfi einkaaðila og opinberra aðila - sem hér er kallað vaxtarsamningur – einskona sjálfbæru stjórnunar- og framkvæmdarferli. Í tillögum verkefnisstjórnar er lagt til að vaxtarsamningur gildi frá miðju ári 2006 til ársloka 2009. Stefnt skal að því að hann verði þá tekinn til endurskoðunar á sama hátt og gert hefur verið t.d. í Finnlandi.

Framkvæmdin miðar að frekari uppbyggingu viðkomandi kjarna með klasafyrirkomulagi og samstarfsneti aðila s.s. einstaklinga, háskóla, rannsóknarstofnana, atvinnulífs, sveitarfélaga og ríkis um slíka uppbyggingu, þar sem byggt verði á vinnuaðferðum er því tengjast, m.a með öflugum ráðgjafa- og stuðningsferli á þessu sviði, sjá nánar kafla um klasa. Kostnaður vegna þessa samstarfs verði borinn af þátttökuáðilum, ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi.

Kjarni í þessu starfi er uppbygging klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum sem og öðrum sviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Víða erlendis hefur starfsemi klasa fæst verulega í vöxt, ekki síst til að tryggja aukna samkeppnishæfni viðkomandi starfsemi atvinnulífs og svæða. Klasar geta því átt við hvort sem um er að ræða starfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, þó að í báðum tilvikum sé æskilegt að ákveðnar forsendur í atvinnulífi séu til staðar, s.s. fjöldi fyrirtækja o.fl. Aukið mikilvægi klasa er ekki síst hluti af þróun alþjóðavæðingar og þeim breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi á seinustu árum, ekki síst með auknu frjálsræði á öllum sviðum s.s. innan EES-samningsins.

### IV.4 Framtíðarsýn

Það er mat aðila að Vesturland eigi sér mikla möguleika til vaxtar, þróunar og aukinnar samkeppnishæfni með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, samhliða nýjum áherslum og aukinni sókn í þau tækifæri sem hægt er að nýta. Það er mat aðila að sýn til framtíðar byggist á þeim styrkleika og þeim miklu tækifærum sem framundan eru og mælt með því að hún verði eftirfarandi:

***Fyrir árið 2020 verði íbúatala Vesturlands um 18.700 í fjölskylduvænu samfélagi, sem byggist á fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi og verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingar frítíma.***

Kjarninn í þessari sýn er fjölbreytt, framþróað, sérhæft og samkeppnishæft atvinnulíf með sterk alþjóðleg tengsl. Þetta verði grunnur að eftirsóttu og fjölskylduvænu samfélagi, vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma. Fyrir árið 2020 verði íbúatala Vesturlands komin í um 18.700.

#### Umfjöllun um markmið, fjölgun íbúa og starfa til 2009 og til 2020

Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að íbúum Vesturlands muni fjölga um 3.800 fram til ársins 2020, eða frá 14.863 í árslok 2005 í um 18.700. Þetta þýðir að árleg fjölgun íbúa yrði a.m.k 1,5% að meðaltali. Sé miðað við 65% atvinnuþátttöku af íbúafjölda þýðir þetta fjölgun starfa um 2.500 fram til ársins 2020, eða úr tæplega tíu þúsund störfum í um rúmlega tólf þúsund störf. Sé horft til fyrsta tímabils vaxtarsamnings, þ.e. 2006 – 2009 þýðir þetta fjölgun íbúa um 1.100 talsins og fjölgun starfa rétt um 700 talsins.

Árið 2000 voru 5.985 íbúar á Akranessvæði en 6.385 árið 2005. Á Borgarfjarðarsvæði fór íbúafjöldi úr 3.286 í 3.587 sama tímabil. Á Snæfellsnesi 4.205 í 4.176 og í Dalabyggð 791 í 715. Þetta er fjölgun upp á 400 íbúa á Akranessvæði, 301 á Borgarfjarðarsvæði en fækkun upp á 29 á Snæfellsnesi og 76 í Dalabyggð.

## V. Vaxtarsamningur helstu einkenni


Varðandi helstu atriði þessa kafla er stuðst við efni frá skýrslu um vaxtarsamning Eyjafjarðarsvæðisins og Vestfjarða, samhliða annarri gagnavinnu er þetta varðar.

### V.1 Helstu einkenni vaxtarsamnings

#### Einkenni vaxtarsamnings

- Sameiginleg stefnumörkun samstarfsaðila fyrir vaxtargreinar á svæðinu.
- Tengir saman atvinnulíf, rannsóknarstofnanir, háskóla o.fl. í skipulegt samstarfsnet.
- Samanstendur af vaxtarklösum sem og stuðningsverkefnum.

Eins og fram kemur hér eru einkenni vaxtarsamnings tengd sameiginlegri stefnumörkun og samstarfi helstu aðila er miða að uppbyggingu vaxtarkjarna og tengslaneta er það varðar.



Mynd 2: Samstarfsaðilar vaxtarsamninga.


Með samstarfi innan vaxtarsamnings er unnið að stefnumótun og samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, á sviði klasa og samstarfs, sem stuðlar að myndun þekkingarkjarna (Centre of Expertise).

Hvað samstarfsformið varðar, má lýsa því með myndinni hér að ofan, þar sem sjá má helstu aðila s.s. háskóla og rannsóknarstofnanir, ráðgjafa- og vísindagarða þar sem þeir eru, atvinnulíf, svæðastofnanir, fjármálafyrirtæki, ríki, bæi og sveitarfélög. Framlag þessara aðila er í formi þekkingar og vísinda, verkefnastjórnunar, viðskipta, uppbyggingar innviða og fjármögnunar. Með samstarfi þessara aðila er mögulegt að móta samræmdari stefnu er varðar aukna samkeppnishæfni og vöxt, atvinnulífs og svæðisins.

### Skipurit vaxtarsamnings

Skipuriti vaxtarsamnings má lýsa með eftirfarandi mynd, en aðild að stjórn vaxtarsamnings eiga almennt fulltrúar helstu aðila á viðkomandi svæði eins og sýnt var hér að framan, s.s. frá atvinnulífi, háskólum, rannsóknarstofnunum, ríki, bæjum, sveitarfélögum, svæðastofnunum og fjármálastofnunum.

Skipuritið er þó almennt svipað og gerist hjá fyrirtækjum á markaði, þar sem stjórn annast stefnumótun, en rekstur kemur í hlut framkvæmdastjóra og klasastjóra skv. nánari ákvörðunum og stefnu framkvæmdastjórnar. Hlutverk framkvæmdastjóra er að annast rekstur vaxtarsamningsins, en hlutverk klasastjóra er að hvetja til og efla samstarf / klasasamstarf fyrirtækja á markaði þeirra í milli og /eða við aðra aðila s.s. háskóla, rannsóknastofnanir eða aðra aðila – innan eða utan svæðis.



Mynd 3: Skipurit vaxtarsamnings.

### Markmið vaxtarsamnings

- Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Að fjölga samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- Að laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.


Markmið samningsins er að auka samkeppnishæfni svæðisins byggða á styrkleikum og tækifærum og efla þannig hagvöxt. Þetta verði gert með því að þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu sem fjölgi um leið samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum. Jafnframt er mikilvægt að nýta með skilvirkum hætti möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum og tengslum og styrkja þannig Vesturland sem alþjóðlega miðstöð sérþekkingar og laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Sérstök áhersla verði lögð á hina margvíslegu aðferðafræði er treysti samkeppnishæfni atvinnulífs og þar með svæðisins. Eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að vinna að er nýting á innlendum og erlendum samanburðarrannsóknnum á atriðum er varða samkeppnishæfni svæðisins við

höfuðborgarsvæðið sem og samkeppnissvæði erlendis. Í þessu sambandi er mikilvægt að efla markvissa umfjöllun um samkeppnishæfni, s.s. með fundum og ráðstefnum, þar sem fengnir verða innlendir og erlendir sérfræðingar á þessu sviði þar sem samkeppnishæfni er grundvallar forsenda árangurs til lengri tíma lítið.

### Framkvæmd vaxtarsamnings

- Efla uppbyggingu klasa á ákveðnum kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast.
- Veita ráðgjöf um klasa - er nái einnig til aðila utan kjarnasviða, sé þess óskað.
- Einstaka klasaverkefni verða sjálfstæð og óháð. Starfsemi einstakra klasa byggist á starfi sem þekkt er í klasaverkefnum. Vaxtarsamningurinn nái frá miðju ári 2006 til ársloka 2009, en verði þá endurmetinn.
- Aðild að vaxtarsamningi verði frá ríki, sveitarfélögum, atvinnulífi og stofnunum.
- Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Skilgreina markmið og starfsemi, m.a. vöxt og fjölda starfa eftir klösum. Áhersla verði lögð á samkeppnishæfni, samanburðarrannsóknir, verkefni o.fl.



Mynd 4: Þróunarþrep klasa.

Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Þetta verði gert með áherslum sem byggjast á starfslýsingum sem þekktar eru í klasaverkefnum og einstaka klasaverkefni verði sjálfstæð og óháð og starfi á forræði viðkomandi aðila. Einnig verði sinnt ráðgjöf um aukið samstarf á sviðum utan kjarnasviða verði þess óskað. Mikilvægt er að í upphafi starfstíma verði veitt upplýsingamiðlun s.s. í formi námskeiðs með innlendum og erlendum aðilum um framkvæmd klasa.

Vaxtarsamningur, staða, aðgerðir og áhrif verði einnig metin árlega. Eins og fram kemur á myndinni, er almennt hlutverk opinberra aðila, s.s. hvað fjármögnun varðar, meira en einkaaðila – þar sem hlutverk opinberra aðila er að styrkja þessa þróun eins og kostur er. Þegar frá líður og hlutur einstaklinga og fyrirtækja vex, minnkar að sama skapi hlutverk opinberra aðila. Hlutverk opinberra aðila er því að styðja við sjálfbæra þróun á þessu sviði.

Til að annast þessa framkvæmd verði gerður vaxtarsamningur opinberra aðila og einkaaðila er nái frá miðju ári 2006 til 2009. Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Meðal verkefna þeirra verði að skilgreina vöxt og fjölda starfa innan klasanna. Það skal áréttað að vaxtarsamningur og uppbygging klasa er engin töfralausn, enda engar töfralausnir til í byggðamállum, eða áherslum er miða að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Árangur byggist á langtímaáherslum og vinnu hinna ýmsu aðila sem að málinu koma.

## Fjármögnun og kostnaður vaxtarsamnings

- Fjármögnun samningsins verði frá opinberum aðilum og einkaaðilum.
- Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður verði um 30 - 40 milljónir kr.<sup>5</sup>, sem skiptist á milli ríkis, sveitarfélaga, einkaaðila og stofnana.
- Kostnaður er m.a. vegna starfsmanna sem sinna ráðgjöf um klasa, þróunarverkefna o.fl..
- Kostnaður vegna rekstrar einstakra klasa verður borinn af viðkomandi aðilum.

Gert er ráð fyrir að fyrst um sinn verði fjármögnun að mestu frá ríkinu, þar sem um byrjunarverkefni er að ræða. Á síðari stigum verði hlutur einkaaðila, stofnana og sveitarfélaga á svæðinu hærrí. Kostnaður vegna rekstrar og ráðgjafar einstakra klasa er hins vegar borinn af viðkomandi aðilum. Í því sambandi er í meginatriðum gert ráð fyrir að í upphafi vinnu á sviði klasa geti viðkomandi aðilar fengið ráðgjöf gegn vægu gjaldi, en síðar verði greitt fyrir slíka ráðgjöf á markaðsverði.

## Samstarfsaðilar vaxtarsamnings


Verkefnisstjórnin hefur ekki fjallað ítarlega um það hverjir kæmu að samstarfi um vaxtarsamning, en hins vegar er ljóst að æskilegt er að helstu aðilar á svæðinu sem málið varðar komi að slíku samstarfi. Það er því æskilegt að eftirfarandi aðilar komi t.d. að slíku samstarfi. Ríkið, fulltrúar bæjar- og sveitarfélaga, háskóla, rannsóknarstofnana, samtök atvinnurekenda, samtök launþega og Útflutningsráð. Tekið skal fram að ekki hefur verið rætt við fulltrúa þessara aðila um slíkt samstarf að neinu marki, þó lauslega hafi verið minnst á slíka tillögu sem möguleika. Það er enda í verkahring stjórnvalda að ákveða framhald þessa máls.

## V.2 Áhersla á 4 klasa / vaxtarkjarna

### Klasar vaxtarsamnings

Á umliðnum árum hefur vöxtur Vesturlands verið að þróast og byggst í meira mæli en áður á aukinni sérhæfingu á ákveðnum sviðum sem og styrkleikum svæðisins. Það er því tillaga verkefnisstjórnar að byggt verði á þessum styrkleikum og þeim tækifærum sem þeir um leið skapa með því að styrkja enn frekar þessa 4 kjarna og byggja upp og styrkja klasamyndun á þessum sviðum sem eru:

- Sjávarútvegs- og matvælaklasi.
- Mennta- og rannsóknarklasi.
- Menningar- og ferðaþjónustuklasi.
- Lönaðarklasi.



Mynd 5: Samstarfsaðilar vaxtarsamninga.

SSV – Þróun og ráðgjöf

<sup>5</sup> Rekstrarkostnaður í þessu sambandi inniheldur m.a. aðkeypta sérfræðiþjónustu, ferðakostnað, laun framkvæmdastjóra og ráðgjafa, sem og allan annan rekstrarkostnað.

Atvinnustarfsemi á þessum fjórum sviðum á Vesturlandi byggir þegar á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru og hafa byggst upp á umliðnum árum. Ekki er því verið að "búa til" eitthvað nýtt – enda ekki mögulegt að byggja upp klasa frá grunni – þar sem kjarni í slíku ferli myndast af þróun í atvinnulífinu sjálfu. Hins vegar er mjög mikilvægt að stuðla að vexti þeirra klasa/kjarna sem fyrir eru - eins og þeirra fjögurra sem hér hafa verið nefndir – þar sem þeir hafa sterkustu einkenni af klasa í atvinnulífi á svæðinu.

Einstaka þáttum vaxtarsamningsins verður nú lýst nánar.

### Klasar - framkvæmd - aðgerðir

- Skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu.
- Skapa aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði.
- Auka samvinnu aðila í rannsóknum og þekkingarstarfsemisfyrirtækjum.
- Nýta mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun.
- Stuðla að innlendum sem erlendum tengslanetum á milli aðila á viðkomandi sérsviðum.
- Bæta samhæfingu aðgerða sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á sínum sérsviðum.

Framkvæmd vaxtarsamnings er að skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu og aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði með öflugum samstarfi aðila. Þetta verði gert með skilvirku samstarfi aðila í rannsóknum og þekkingarstarfsemisfyrirtækjum til að nýta sem best mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun.

Með samstarfinu verði ekki síður stuðlað að svæða-, lands- og alþjóðlegum tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum. Einnig verði stuðlað að samhæfingu og aðgerðum sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á viðkomandi sérsviðum.



Mynd 6: Vaxtarsamningur Vesturlands.

SSV – Þróun og ráðgjöf.

## **ÞRJÁR STÖÐIR VAXTARSAMNINGS**

Til viðbótar því að efla klasastarfsemi og tengslanet byggir starfsemi vaxtarsamnings á þremur megin stöðum, þ.e.

- Samkeppnishæfum starfsskilyrðum og góðum samgöngum.
- Stuðla að framkvæmd tillagna í þessari skýrslu og öðrum sem og alþjóðlegum samskiptum.
- Stoðstarfsemi við atvinnulíf og að stuðla að öflugu samstarfi háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífs.

**Í fyrstu stoð** er átt við almenn starfsskilyrði atvinnulífs hér á landi og að þau séu samkeppnishæf miðað við það sem gerist erlendis, þar sem það er afar mikilvæg forsenda fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Þessu til viðbótar koma svo starfsskilyrði sem aðilar á Vesturlandi geta boðið í samkeppni við önnur svæði hér á landi sem erlendis. Þetta er mikilvægt þar sem atvinnulíf er orðið mjög hreyfanlegt og alþjóðlegt. Hluti af starfsskilyrðum eru góðar samgöngur, en í skýrslunni er að finna tillögur verkefnisstjórnar á því sviði.

**Í annarri stoð** er átt við þær tillögur sem er að finna í skýrslunni og verði með einhverjum hætti komið í framkvæmd, en þeim er skipt í forgangstillögur og aðrar tillögur, flokkaðar eftir áherslusviðum. Það er því eitt af þeim verkefnum sem stjórn vaxtarsamnings þarf að sinna, að vinna að því með viðeigandi aðila að þessum tillögum verði komið í framkvæmd, eftir því sem aðstæður og möguleikar gefa tilefni til. Annar hluti þessarar stoðar er að treysta sem best og auka alþjóðleg samskipti aðila á svæðinu. Þetta er mikilvægt til að treysta sem best vaxtarmöguleika svæðisins – þar sem þeir styrkleikar og tækifæri sem nýta má til vaxtar byggja m.a. á auknum alþjóðlegum verkefnum og tengslum sem sífellt fara vaxandi á tímum alþjóðavæðingar.


**Í þriðju stoð** er átt við stoðstarfsemi við atvinnulíf, s.s. þá þjónustu sem til staðar er hjá ráðgjafaraðilum á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, en nefna má aðila s.s. atvinnuþróunarfélög. Þjónusta og ráðgjöf af slíku tagi er mikilvæg t.d. hvað varðar ráðgjafastarfsemi varðandi klasa og netsamstarf aðila, sem og alla aðra þjónustu við atvinnulíf. Síðast en ekki síst er mikilvægt að stuðla að öflugu samstarfi háskóla, rannsóknarstofnana og atvinnulífs.



### V.3 Einkenni og ávinningur af starfsemi klasa

#### Einkenni klasaverkefna

Segja má að klasaverkefni sé skipulagt ferli til að auka vöxt og samkeppnishæfni klasa innan svæða með þátttöku fyrirtækja, stjórnvalda og háskóla / rannsóknastofnana. Á undanföllum árum hafa klasaverkefni orðið miðpunktur í ferli við að auka vöxt og samkeppnishæfni klasa.




Mynd 7: Frammistöðulíkan klasa.

Í umfangsmiklum könnunum sem framkvæmdar hafa verið á meðal klasa víðsvegar um heiminn í Ameríku, Evrópu, Ástralíu og Nýja Sjálandi,<sup>6</sup> hefur komið fram að 85% þeirra sem tekið hafa þátt í klösum telja að klasar hafi aukið samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja og 89% telja að það hafi aukið vöxt, 81% telja að þeir hafi náð sínum markmiðum á meðan einungis 4% telja að markmið hafi ekki náðst.

Helstu markmið innan klasa má flokka í 6 flokka en þeir eru: **1.** rannsóknir og netsamstarf, **2.** vöxtur klasa, **3.** samvinna á milli fyrirtækja, **4.** menntun og þjálfun, **5.** nýsköpun og tækni, **6.** hagsmunagæsla.

<sup>6</sup> *The Cluster Initiative Greenbook*, Örjan Sövell, Göran Lindqvist, Christian Ketels, forword by Michael E. Porter, 2003.




Mynd 8: Algengustu markmið í starfsemi klasa.

### Ávinningur svæðisins – aukinn hagvöxtur

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur gert verulega auknar kröfur til fyrirtækja – en ekki síður til einstakra byggða og svæða um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun ef ná á árangri á sviði byggðamála.

Á umliðnum árum hefur orðið ótvíræð þróun frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy), þar sem uppruna hagvaxtar má í vaxandi mæli rekja til byggða- og vaxtarkjarna, frekar en einstakra atvinnugreina. Þetta má m.a. sjá á mörgum svæðum innan hinna ýmsu landa, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Aukið hlutverk og ábyrgð á þessu sviði kemur því í vaxandi mæli í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefst nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bera á þessum málum.

Sjá nánar umfjöllun í kafla um klasa.



Mynd 9: Klasar á Ítalíu.


Breyttar aðstæður og þessi þróun byggir ekki síst á aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða vegna kjarnamyndunar, netsamstarfs og klasa í atvinnulífi. Af þessum sökum er afar mikilvægt fyrir hagvöxt og framþróun viðkomandi svæða að styrkja netsamstarf og klasastarf atvinnugreina sem kostur er. Verulegur árangur hefur orðið af klasamyndun víða erlendis, s.s. kringum Silicon Valley í Kaliforníu, Oulu í Finnlandi og fjölmörgum svæðum á N-Ítalíu, en þar hefur þróast mikil sérhæfing einstakra svæða, þar sem atvinnulíf er leiðandi á alþjóðamörkuðum á viðkomandi sviðum – sjá mynd 9. Sem dæmi um vöxt klasa má nefna Oulu svæðið í Finnlandi, en þar hefur tekist að byggja upp klasa hátæknifyrirtækja sem er leiðandi á alþjóðamörkuðum – en innan þessa klasa er m.a. fyrirtækjarisinn Nokia.

## Ávinningur atvinnulífs – bætt afkoma

Hver er ávinningur atvinnulífsins af vaxtarkjörnum? Af hverju ættu fyrirtæki að huga að netsamstarfi eða klasamyndun og er það þess virði? Á sama hátt og það hefur verið ávinningur svæða að styrkja starfsemi klasa og netsamstarf til að efla samkeppnishæfni svæða og hagvöxt þeirra, er það ekki mögulegt nema að vöxturinn komi fyrst frá atvinnulífinu.

Sá árangur sem einstök svæði hafa náð á grunni klasa og netsamstarfs hefur því byggst á auknum vexti fyrirtækjanna – og um leið bættri afkomu og auknum hagnaði. Það er sá ávinningur sem atvinnulíf getur átt von á, takist verkefni á sviði netsamstarfs og klasa í viðkomandi tilfellum.

Á einstaka svæðum á Vesturlandi er þegar fyrir hendi ákveðin kjarnamyndun í atvinnulífi, en “kjarni” málsins er einfaldlega að beita þeim vinnubrögðum sem skila árangri til vaxtar, sóknar og aukinnar samkeppnishæfni, m.a. auknu netsamstarfi fyrirtækja.



Mynd 10: Ávinningur atvinnulífs af starfi klasa, samkv. erlendum athugunum.

Ef fyrirtæki vilja kanna möguleika á auknu netsamstarfi á ákveðnu sviði geta þau einfaldlega óskað eftir aðstoð ráðgjafa sem aðstoða þá fyrirtæki við að greina möguleika og valkosti - óháð því í hvaða starfsemi fyrirtækið er – verði þessar tillögur að veruleika. Gert er ráð fyrir að byrjunaraðstoð verði gegn vægu gjaldi upp að vissu marki, en þá verði um hefðbundna ráðgjafabjónustu að ræða. Þetta á þó eftir að útfæra nánar. Aukið netsamstarf hefur ekki síst skilað auknum árangri í ýmsu markaðsstarfi fyrirtækja. Netsamstarf getur þó orðið með ýmsu móti og tengst ýmsum þáttum í starfseminni, allt frá rannsóknum til markaðsmála.

Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að árangur af starfsemi klasa einkennist m.a. af miklu netsamstarfi og trausti - samkeppni og samstarfi - miklum hreyfanleika og markvissri upplýsingaöflun - landfræðilegri nálægð - sérhæfðri opinberri fjárfestingu og stefnumótandi forystu og nánu bandalagi aðila. Sjá ennfremur umfjöllun í kafla um klasa.

### Starfsemi klasa - Dæmi

Þegar fjallað er um klasa er mikilvægt að fram komi í hverju klasi og netsamstarf felast. Í megin atriðum má segja að aðilar og helstu atriði í starfsemi klasa skiptist í 3 flokka. Þessir flokkar eru: **1.** Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði. **2.** Tengsl þeirra við helstu þjónustu- og aðfangasala. **3.** Starfsskilyrði og þjónusta á viðkomandi svæði.

#### 1. Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði

Í fyrsta lagi er um að ræða þau kjarnafyrirtæki sem mynda viðkomandi klasa. Ef um væri t.d. að ræða klasa í ferðaþjónustu væri um að ræða þau fyrirtæki sem hann mynduðu, sem gætu verið ferðaskrifstofur, samgöngufyrirtæki s.s. flugfélög, fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu o.fl. Um væri

að ræða leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði. Á milli þessara aðila væri samstarf sem byggði á gagnkvæmum ávinningi um aukna samkeppnishæfni, vöxt og frekari þróun á einstaka sviðum rekstrar- og markaðsmála, sem aðilar koma sér saman um.

## 2. Nettengsl þjónustu- og aðfangasala

Í öðru lagi er um að ræða tengsl þessara kjarnafyrirtækja við helstu þjónustu- og aðfangasala. Markviss tengsl og samstarf við þessa aðila geta treyst og eft samkeppnishæfni og rekstrarskilyrði klasans. Þetta samstarf er mikilvægt til að hraða þróun og vexti fyrirtækjanna með sameiginlegum áherslum á þá þætti sem skipta mestu máli fyrir viðkomandi klasa. Í þessu sambandi geta áherslur verið þess eðlis að það borgi sig að vinna að sameiginlegum áherslum í samstarfi aðila, þar sem slík vinna væri tæplega á færi eins fyrirtækis.



Mynd 11: Nettengsl klasa.

## 3. Starfsskilyrði og þjónusta

Grunnurinn að árangursríkum rekstri fyrirtækja og klasa er að fyrir hendi sé samkeppnishæft starfsumhverfi. Í því sambandi er átt við atriði s.s. mannauð, aðgengi að menntuðu og þjálfuðu vinnuafli, aðgengi að fjármagni, starfsskilyrði atvinnulífs almennt, tæknistig á svæðinu, sem og alla aðra innri gerð svæðisins. Þar er átt við atriði s.s. samgöngur innan svæðis, sem og til og frá svæðinu. Kjarni málsins í starfsemi klasa er einfaldlega að nýta kosti skipulegs samstarfs til að auka samkeppnishæfni viðkomandi fyrirtækja og um leið svæðisins. Með aukinni alþjóðavæðingu og aukinni samkeppni innanlands og erlendis, er nauðsynlegt að beita öllum þeim atriðum sem fyrir hendi eru og gefist hafa vel til að ná auknum árangri.

Á tímum alþjóðavæðingar og breyttra aðstæðna er það einfaldlega meira og meira undir einstaka svæðum komið hvernig þeim tekst að spila úr þeim styrkleikum og tækifærum sem eru til staðar. Á sama tíma hafa kjarnasvæði vaxandi hlutverki að gegna í hagþróun viðkomandi landa af ástæðum sem rekja má til breyttra aðstæðna, opnunar markaða og aukins frelsis á öllum sviðum sem og aukinni alþjóðlegri samvinnu og alþjóðavæðingu, eins og glögg má sjá m.a. með EES-samningnum. Allt þetta eru breytingar á aðstæðum og starfsskilyrðum sem krefjast um leið breyttra vinnubragða til að auka samkeppnishæfni og hagvöxt. Eitt af þeim atriðum sem gagnast geta í þessari baráttu er starfsemi klasa - þrátt fyrir að slíkt kunni ekki að henta í öllum tilvikum.

Í lokin er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað sé klasi. Nokkrar skilgreiningar eru til á því, en sú sem er hvað þekktust er skilgreining Michael Porters, prófessors við Harvard háskóla í Bandaríkjunum, en hann skilgreinir klasa á eftirfarandi hátt: **“Klasi er hópur fyrirtækja, þjónustuaðila, stofnana og tengdra aðila á sama svæði og á ákveðnu sviði sem keppa hver við annan – en hafa einnig með sér náð samstarf.”**



## VI. Þróun efnahags- og atvinnumála á Vesturlandi

### VI.1 Sveitarfélög á Vesturlandi

Á Vesturlandi voru 14.863 íbúar í desember 2005 og hafði íbúum fjölgað um rétt rúmlega 9% frá því 1971. Á svæðinu eru 4 sveitarfélög með fleiri en 1.000 íbúa. Vesturland nær yfir 9.554 km<sup>2</sup> svæði eða tæplega 10% af flatarmáli landsins alls. Samgöngur um svæðið eru nokkuð góðar og má segja að enginn fjallvegur sé verulegur farartálmi á veturna eftir miklar endurbætur á veginum um Bröttubrekku sem lauk haustið 2003. Á Vesturlandi voru 17 sveitarfélög 1. des 2005 (Tafla 1: Sveitarfélög á Vesturlandi. Flatarmál og mannfjöldi 1.des. 2005. ) en í sveitarstjórnarkosningum í júní 2006 var kosið í 10 sveitarfélögum.

Tafla 1: Sveitarfélög á Vesturlandi. Flatarmál og mannfjöldi 1.des. 2005.

Sveitarfélag	Mannfjöldi	Km <sup>2</sup>	Mann/km <sup>2</sup>
Akranes	5782	9	<b>642,4</b>
Hvalfjarðarstrandarhreppur	147	279	<b>0,5</b>
Skilmannahreppur	214	56	<b>3,8</b>
Innri-Akraneshreppur	113	26	<b>4,3</b>
Leirár- og Melahreppur	129	133	<b>1,0</b>
Skorradalshreppur	64	208	<b>0,3</b>
Borgarfjarðarsveit	732	1.268	<b>0,6</b>
Hvítársíðuhreppur	83	1.408	<b>0,1</b>
Borgarbyggð	2708	1.837	<b>1,5</b>
Kolbeinsstaðahreppur	102	340	<b>0,3</b>
Grundarfjarðarbær	974	152	<b>6,4</b>
Helgafellssveit	55	250	<b>0,2</b>
Stykkishólmur	1165	10	<b>116,5</b>
Eyja- og Miklaholtshreppur	137	378	<b>0,4</b>
Snæfellsbær	1743	689	<b>2,5</b>
Saurbæjarhreppur	77	266	<b>0,3</b>
Dalabyggð	638	2.173	<b>0,3</b>
<b>Samtals</b>	<b>14863</b>	<b>9482</b>	<b>1,6</b>

Heimild: Hagstofa Íslands og Landmælingar Íslands

Íbúar sveitarfélaganna voru 1. des. 2005 allt frá 64 í hinu fámennasta til 5.782 í því fjölmennasta. Stærð sveitarfélaganna er allt frá 9 til 2.173 km<sup>2</sup>. Sveitarfélögin eru því mjög misjafnlega þéttbýl (Tafla 1: Sveitarfélög á Vesturlandi. Flatarmál og mannfjöldi 1.des. 2005. ).

Árið 1950 náði fjöldi sveitarfélaga hámarki á Íslandi eða alls 229 og þar af voru 39 sveitarfélög á Vesturlandi. Síðustu 15 ár hefur sveitarfélögum á Vesturlandi fækkað verulega og í sveitarstjórnarkosningum 2006 var kosið í 10 sveitarfélögum en þau eru; Akraneskaupstaður, sameinað sveitarfélag Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri- Akraneshrepps, Mela- og Leirársveitar og Skilmannahrepps, sameinað sveitarfélag Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps, Skorradalshreppur, Stykkishólmur, Helgafellssveit, Snæfellsbær, Grundarfjörður, Eyja- og Miklaholtshreppur og sameinað sveitarfélag Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðusíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps.

Árið 1990 sameinuðust Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur í Ólafsvíkurkaupstað og af frekari sameiningu varð fjórum árum seinna þegar sveitarfélagið Snæfellsbær varð til við sameiningu Staðarsveitar, Breiðvíkurhrepps, Neshrepps utan Ennis og Ólafsvíkurkaupstaðar.

Árið 1994 voru sameinuð sveitarfélög í Borgarfirði þegar að Borgarnesbær, Hraunhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag sem fékk nafnið Borgarbyggð. Fjórum árum síðar sameinuðust Álftaneshreppur, Borgarbyggð, Borgarhreppur og Þverárhlíðarhreppur. Hið sameinaða sveitarfélag fékk nafnið Borgarbyggð. Árið 1998 sameinuðust Andakílishreppur, Hálsasveit, Lundarreykjadalshreppur og Reykholtisdalshreppur í sveitarfélagið Borgarfjarðarsveit. Árið 2006 sameinuðust sveitarfélögin Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Kolbeinsstaðahreppur í eitt sveitarfélag.

Árið 1994 varð sveitarfélagið Dalabyggð til við sameiningu Suðurdalshrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps, Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps. Fjórum árum seinna sameinuðust Dalabyggð og Skógarstrandarhreppur í sveitarfélagið Dalabyggð og árið 2006 sameinuðust Dalabyggð og Saurbæjarhreppur í sveitarfélagið Dalabyggð sem nær yfir alla Dalasýslu.

Árið 2006 sameinuðust fjögur sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar í eitt, en það eru Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri - Akraneshreppur, Skilmannahreppur og Leirár- og Melasveit.

### **Akranessvæði**

Akranes varð löggiltur verslunarstaður 1864 og fékk kaupstaðarréttindi árið 1942. Á Akranesi bjuggu 747 íbúar árið 1901, en þegar bærinn fékk kaupstaðarréttindi hafði fjöldinn vaxið upp í 1.929. Árið 1971 voru íbúar Akraness 4.251 en 5.782 árið 2005.

Á Akranesi hafa sjávarútvegur og iðnaður verið hvað öflugustu atvinnuvegirir síðustu áratugi. Stór og rótgróin sjávarútvegsfyrirtæki, sjúkrahús, framhaldsskóli auk iðnaðarfyrirtækja hafa verið stærstu vinnuveitendurnir á Akranesi. Í hreppunum sunnan Skarðsheiðar var lengi stundaður hefðbundinn landbúnaður sem hefur dregist saman á undanförunum áratugum líkt og landbúnaður almennt á landinu öllu. Stóriðja hefur verið starfrækt á Grundartanga í um á þriðja áratug. Stærsti hluti vinnuafsis kemur af Akranesi og nágrenni.

### **Borgarfjarðarsvæði**

Myndun þéttbýlis í Borgarnesi er hægt að rekja til verslunar og tilrauna til útflutnings á laxaafurðum á seinni hluta 19. aldar. Borgarnes þróaðist hægt skrefum fram að seinni heimsstyrjöldinni. Um aldamótin 1900 voru íbúar í Borgarnesi 50 talsins. Árið 1940 var fjöldi íbúanna kominn upp í 629 og 1.846 í desember 2005 og 2.708 í Borgarbyggð í desember 2005.

Á Borgarfjarðarsvæði hefur landbúnaður verið öflugur og mikil þjónusta byggst upp í kringum hann og þá sérstaklega á áttunda áratugnum og fram á þann niunda. Sláturhús var stækkað í Brákarey og stórt mjólkursamlag byggt í Borgarnesi. Uppganginn á áttunda áratugnum má sjá af því að íbúum fjölgaði um 40% frá 1970 til 1980, árið 1970 voru þeir 1.157 en árið 1980 voru þeir 1.619.

Fyrir utan landbúnað og þjónustu við hann voru starfræktir fimm framhaldsskólar í Borgarfirði á þessum tíma, á Bifröst, Varmalandi, Reykholti, Borgarnesi og Hvanneyri. Í dag eru tveir háskólar og nýstofnaður framhaldsskóli sem tekur til starfa 2006. Stækkun háskólanna hefur haft mikil áhrif út í samfélagið og hefur nemendum fjölgað um 400 síðustu 10 ár.

Iðnaður hefur eflst verulega í Borgarfirði síðasta áratug og hefur störfum fjölgað mikið síðustu árin. Þetta á einkum við um byggingariðnað. Ferðaþjónusta hefur einnig vaxið í Borgarfirði.

### **Snæfellsnes**

Snæfellsbær varð til úr sameiningu nokkurra sveitarfélaga á utanverðu Snæfellsnesi. Kjölfesta atvinnulífsins í Snæfellsbæ eru veiðar og vinnsla sjávarfangs eins og annars staðar á Snæfellsnesi. Undanfarin ár hefur ferðaþjónustan verið að byggjast upp á Snæfellsnesi og hefur m.a. sumarhúsum fjölgað mikið og þá sérstaklega á Hellnum og Arnarstapa. Aukin sókn er í ferðir upp á Snæfellsjökul, auk þess sem ferðamenn sækjast í auknum mæli eftir að skoða sérstöðu náttúrunnar á Snæfellsnesi.

Fjöldi íbúa í sveitarfélagnum sem mynda Snæfellsbæ var 1.893 í desember 1971 en 1.743 í desember 2005.

Grundarfjarðarbær er yngsta þéttbýli á Snæfellsnesi. Upp úr miðri 20. öld færðist mikill kraftur í uppbyggingu bæjarins. Árið 1971 voru íbúar þar 717 talsins, og voru orðnir 974 árið 2005. Sjávarútvegurinn er stærsti atvinnuvegurinn, en með tilkomu Fjölbrotaskóla Snæfellinga fjölgaði atvinnutækifærum fyrir íbúa í Grundarfirði sem og á Snæfellsnesi öllu.

Í Stykkishólmi hefur verslun verið stunduð frá fornu fari. Þar ráku danskir kaupmenn verslun lengi vel. Um miðja tuttugustu öld voru íbúar 843. Árið 1971 voru íbúar 1.040 talsins og 1.165 árið 2005. Sjávarútvegur með áherslu á skelfisksveiðar og vinnslu, skipasmíðastöð og minni þjónustufyrirtæki í kringum sjávarútveginn ásamt St. Franciskusspítalanum hefur verið undirstaðan í atvinnulífi

Stykkishólms. Á sunnanverðu Snæfellsnesi er hefðbundinn landbúnaður stærsta atvinnugreinin. Þar er ekki mikil útgerð eða fiskiðnaður, þó einna helst á Hellnum og Arnarstapa. Í Kolbeinsstaðahreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi var lengi stundaður hefðbundinn landbúnaður sem hefur dregist saman á undanförunum áratugum líkt og landbúnaður almennt á landinu öllu. Á norðanverðu Snæfellsnesi er ekki mikill landbúnaður, helst í Helgafellssveit. Hins vegar hefur ferðaþjónusta á Snæfellsnesi verið að eflast undanfarin ár.

## Dalabyggð


Búðardalur er þéttbýli Dalabyggðar og er ungt í þeim skilningi að það byggðist upp á 20. öld. Íbúar voru 1.036 árið 1971 og 638 árið 2005. Búðardalur byggðist fyrst upp sem þjónustukjarni við landbúnað en ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í Dalabyggð. Í frumvinnslugreinum, sem reknar hafa verið þar, má helst nefna mjólkursamlag og sláturhús. Stærsta fyrirtækið og þar með stærsti vinnuveitandi staðarins er MS í Búðardal sem er sérstök framleiðslu- og þjónustueining innan MS. Þar hefur tekist vel til með framleiðslu á margs konar vörum, sérstaklega ostum sem fara til dreifingar á landsvísu. Verslun hefur verið rekin um langt árabíl í Búðardal.

## VI.2 Lýðfræði

### Mannfjöldapróun til lengri tíma

Á Vesturlandi bjuggu 14.863 íbúar í lok ársins 2005. Þetta skiptist niður í 6.385 íbúa á Akranessvæði, 4.302 á Borgarfjarðarsvæði og Dölum og 4.176 íbúa á Snæfellsnesi eins og áður hefur komið fram. Þróun íbúafjöldans hefur verið mjög misjöfn. Frá árinu 1971 til 2005 fjölgaði íbúum um 32% á Akranessvæði, 19% á Borgarfjarðarsvæði, íbúafjöldinn stóð í stað á Snæfellsnesi en íbúum fækkaði um 40% í Dölum (Mynd 13). Eftirtektarvert er að á Borgarfjarðarsvæði hafði íbúum fjölgað álíka mikið og á landsbyggðinni allri að meðaltali á þessu tímabili, þó að þróunin hafi reyndar ekki verið eins á tímabilinu.

Mannfjöldapróun á Vesturlandi árin 1971-2005. Vísitala, 1971 grunnár.




Mynd 12: Mannfjöldi á Vesturlandi.

Heimild: Hagstofa Íslands

Áttundi áratugurinn var mikill uppbyggingartími á landsbyggðinni almennt. Mikil uppbygging var bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Þess vegna er langmikilvægast að líta til þróunarinnar frá 1980 sem er samfelld stöðnun á Vesturlandi sé litið til mannfjöldapróunar og fullyrða má að allnokkur viðsnúningur eigi sér stað á árunum eftir opnun Hvalfjarðarganganna og uppbyggingu á Grundartanga, þ.e. frá 1997 (Mynd 13).

## Aðfluttir umfram brottflutta



Mynd 13: Tíðni aðfluttra umfram brottflutta.

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Á árunum 2000 til 2005 flytja 13,6% fleiri til höfuðborgarsvæðisins en frá því. Á árunum 1995 til 2000 er sambærileg tala 22,4%. Hlutfallslegur jákvæður flutningsjöfnuður eykst á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum árið 2005. Á Vesturlandi er viðsnúningur á árunum 2000 til 2005 og er flutningsjöfnuður jákvæður um 26,4% árið 2005, aðfluttir eru 1.523 og brottfluttir eru 1.186. Nokkuð dregur úr neikvæðum flutningsjöfnuði á Vestfirðum og Norðurlandi vestra á árunum 2000 til 2005 frá fyrra tímabili. Á Austurlandi er jákvæður flutningsjöfnuður sem nemur 56,7%. Á Suðurlandi hefur orðið viðsnúningur á árunum 2000 til 2005 og er flutningsjöfnuður þar jákvæður um 26,7% árið 2005. Til landsins flytja 7.773, til útlanda flytja 3.913 og er hlutfall mismunar flutningsjafnaðar 98,6% árið 2005.

Á Vesturlandi eru margar ytri og innri aðstæður sem valda þessum viðsnúningi. Þegar litið er til ytri aðstæðna er ljóst af samanburði við önnur landsvæði að dregið hefur verulega úr neikvæðum flutningsjöfnuði á þeim öllum nema á Vestfirðum og Norðurlandi vestra. Aðeins á landsvæðunum næst höfuðborgarsvæðinu snýst neikvæður flutningsjöfnuður í jákvæðan á tímabilinu, að Austurlandi undanskildu. Lengsta hagvaxtarskeið í sögu landsins hefur laðað vinnuafl að frá útlöndum, aukið kaupmátt launa og fasteignaverð. Þetta ásamt auknu umferðarálagi á höfuðborgarsvæðinu, bættu vegakerfi í landinu og mildari vetrum hefur leitt til þess að sífellt fleiri hafa flust á jaðra höfuðborgarsvæðisins með fyrrgreindum afleiðingum. Stóriðjuframkvæmdir útskýra hvers vegna sambærileg einkenni flutningsjöfnuðar er að finna á Austurlandi.

Af innri aðstæðum á Vesturlandi, sem stuðlað hafa að bættum flutningsjöfnuði, má nefna miklar framkvæmdir á Grundartanga og mikla uppbyggingu í þekkingarstarfsemi á Vesturlandi og stórbætt samgöngukerfi. Hins vegar hefur þróun í frumvinnslugreinum unnið á móti. Þar má nefna hrun skelfisksstofnsins í Breiðafirði, samdrátt í landvinnslu og mikla endurskipulagningu í landbúnaði og úrvinnslugreinum hans.



Tafla 2: Búerlafloftningar eftir sveitarfélögum 2005.


Búseta	Fluttir alls			Fluttir innan sveitarfélags	Fluttir milli svf. innan landsvæðis			Fluttir milli landsvæða			Fluttir milli landa		
	Aðfl.-umfr.-brottf.	Að-fluttir	Brott-fluttir		Aðfl.-umfr.-brottf.	Að-fluttir	Brott-fluttir	Aðfl.-umfr.-brottf.	Að-fluttir	Brott-fluttir	Aðfl.-umfr.-brottf.	Að-fluttir	Brott-fluttir
Allt landið	3.860	28.664	24.804	35.758		11.152	11.152	0	9.739	9.739	3.860	7.773	3.913
Höfuðborgarsvæðið	1.426	16.876	15.450	22.485		8.832	8.832	-71	3.909	3.980	1.497	4.135	2.638
Landsbyggð	2.434	11.788	9.354	13.273		2.320	2.320	71	5.830	5.759	2.363	3.638	1.275
<b>Vesturland</b>	<b>337</b>	<b>1.523</b>	<b>1.186</b>	<b>1.698</b>	<b>0</b>	<b>245</b>	<b>245</b>	<b>70</b>	<b>887</b>	<b>817</b>	<b>267</b>	<b>391</b>	<b>124</b>
Akranes	81	470	389	864	13	73	60	39	303	264	29	94	65
Hvalfjarðarstrandarhr.	-2	7	9	1	-2	3	5	0	3	3	0	1	1
Skilmannahr.	48	66	18	11	12	22	10	10	16	6	26	28	2
Innri-Akraneshr.	-5	8	13	0	-4	3	7	-1	5	6	0	0	0
Leirár- og Melahr.	-2	25	27	0	0	13	13	-6	7	13	4	5	1
Skorradalshr.	-2	10	12	0	4	6	2	-6	4	10	0	0	0
Borgarfjarðarsveit	58	108	50	21	4	21	17	50	76	26	4	11	7
Hvítársíðuhreppur	-2	1	3	0	-2	1	3	0	0	0	0	0	0
Borgarbyggð	119	378	259	298	2	41	39	27	234	207	90	103	13
Kolbeinsstaðahr.	2	9	7	0	-3	0	3	3	7	4	2	2	0
Grundarfjarðarbær	25	96	71	104	-7	9	16	4	55	51	28	32	4
Helgafellssveit	7	11	4	0	3	7	4	4	4	0	0	0	0
Stykkishólmur	19	100	81	158	-20	10	30	2	49	47	37	41	4
Eyja- og Miklaholtshr.	0	26	26	7	-1	0	1	-7	13	20	8	13	5
Snæfellsbær	-13	143	156	176	0	19	19	-41	78	119	28	46	18
Saurbæjarhr.	-4	9	13	1	-8	1	9	3	6	3	1	2	1
Dalabyggð	8	56	48	57	9	16	7	-11	27	38	10	13	3

Heimild: Byggingastofnun / Hagstofa Íslands


Á síðasta ári fluttu 3.860 fleiri íbúar til landsins en frá því, til höfuðborgarsvæðisins fluttu 1.426 og til landsbyggðar 2.434 íbúar umfram brottflutta. Á Vesturland fluttu 1.523 íbúar, brottfluttir íbúar voru 1.186 og því eru aðfluttir umfram brottflutta 337 árið 2005. Jákvæð íbúapróun er í flestum sveitarfélögum á Vesturlandi nema í nokkrum smærri sveitarfélögum og í Snæfellsbæ.

### Aldursskipting

Á Vesturlandi voru 14.863 íbúar þann 1. desember árið 2005. Til að sýna aldersdreifingu á Vesturlandi öllu og nokkrum völdum landsvæðum hefur verið sett upp aldurstré fyrir svæðin og þau sett ofan á aldurstré fyrir landið allt (ólitaðar súlur í grunn). Myndunum er ætlað að gefa vísendingar um ólíkar aðstæður á svæðunum.




Mynd 14: Aldursdreifing á Vesturlandi í heild.




Mynd 15: Aldursdreifing á Akranesi/Borgarfj.

Heimild: Byggðastofnun.

Aldursdreifing á Vesturlandi fylgir nokkuð landsmeðaltali. Karlar og konur eru færri í aldurshópum 25 til 39 ára og karlar eru fleiri á aldrinum 0 til 19 ára. Á Akranesi og í Borgarfirði er aldursdreifing með svipuðum hætti og eru karlar á svæðinu 446 fleiri í heild en konur miðað við 1. desember 2005.



Mynd 16: Aldursdreifing á Snæfellsnesi.



Mynd 17: Aldursdreifing í Dalabyggð.

Heimild Byggðastofnun.

Aldursdreifing á Snæfellsnesi fylgir ekki landsmeðaltali. Í öllum aldurshópum frá 0 til 24 ára eru hlutfallslega fleiri karlar og konur en landsmeðaltal. Í öllum aldurshópum yfir 50 ára eru hlutfallslega færri karlar og konur miðað við landsmeðaltal 1. desember 2005.


Aldursdreifing í Dalabyggð fylgir ekki landsmeðaltali. Konur eru rúmlega 13% færri en karlar á svæðinu. Allir aldurshópar undir 50 ára eru hlutfallslega minni en landsmeðaltal. Í öllum aldurshópnum yfir 55 ára eru karlar áberandi fleiri en konur þegar miðað er við landsmeðaltal 1. desember 2005.

Aldurstré á Vesturlandi er nokkuð einkennandi fyrir dreifbýli. Vægi ungs fólks er lágt. Það fer gjarnan til stærri þéttbýlisstaða í ýmsum tilgangi, m.a. í skóla og vinnu og virðist síðan snúa aftur þegar það er farið að nálgast fimmtugsaldurinn. Þetta er unnt að fullyrða því aldurstré á Vesturlandi hafa verið svona í áratugi<sup>7</sup>. Aldurstré í Dalabyggð er erfiðara að útskýra. Lögum þess er verulega

<sup>7</sup> Vífill Karlsson (2005) Framhalds- og háskólasókn Vestlendinga: 16-18; Vífill Karlsson (2004) Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi.

frábrugðió landsmeðaltali. Þegar horft er til meðalaldurs þá er nokkuð ljóst að ungu fólki fækkar ört undanfarin ár í Dalabyggð.

### Þróun meðalaldurs á Vesturlandi



Mynd 18: Íbúafjöldi og meðalaldur á Vesturlandi.

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Meðalaldur á landinu öllu er 35,5 ár 1. desember 2005 og hefur hækkað um 2 ár frá árinu 1995. Á Vesturlandi var meðalaldur 36 ár 1. desember 2005 og hefur hækkað um 1,3 ár frá 1995. Meðalaldur er hæstur í Dalabyggð 41,1 ár og lægstur á Snæfellsnesi 34,9 ár.

### Staða kynjanna

Áhugavert er að horfa til fjölda karla og kvenna, eða öllu heldur hversu mikið færri/fleiri konur eru í samanburði við karla. Þetta hefur stundum verið kallað kynjahalli. Ef konur eru nokkru færri eða fleiri en karlar er talað um kynjahalla á viðkomandi landsvæði, annars ekki. Þegar þessar tölur eru brotnar meira upp kemur í ljós að kynjahallinn er -6,3% á Akranessvæði, -6,0% á Borgarfjarðarsvæði, -6,8% á Snæfellsnesi og -12,9% í Dölum. Þetta þýðir að konur eru nokkru færri á öllum svæðum á Vesturlandi, einkum í Dölum. Leitnitölurnar<sup>8</sup>, sem byggja á þróun 10 ára tímabilsins 1995-2004, gefa til kynna að kynjahallinn sé stöðugur á Borgarfjarðarsvæði en fari vaxandi á öllum hinum svæðunum, en einna mest í Dölum (Mynd 20).

<sup>8</sup> Útskýring: Leitnitöla endurspeglar meðaltalsbreytingu á hverju ári og hefur visst forspárgildi sem þarf þó að meta hverju sinni.

## Kynjahalli 2004 og leitni 1994-2004



Mynd 19: Kynjahalli á Vesturlandi.

Heimild: Hagstofa Íslands

## Heimili og fjölskyldur

Meðalfjöldi í kjarnafjölskyldu er 4,01 á Vesturlandi. Til kjarnafjölskyldu teljast hjón eða fólk í skráðri sambúð með börn 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur sem eru með börn undir 17 ára aldri. Á höfuðborgarsvæðinu er meðalfjöldi einstaklinga í kjarnafjölskyldu 3,47 sama ár.

Þegar horft er til heimila á Vesturlandi, sem geta þá bæði verið fjölskyldur eða einstæðingar, þá eru einstæðir foreldrar 8% þeirra, sambúð án barna 18%, sambúð með börnum 21% og á hinum 53% heimilanna býr fólk eitt. Á landinu öllu eru 7% heimila einstæðra foreldra, 20% sambúð án barna, 23% sambúð með börnum og 50% þeirra býr fólk eitt. Út frá tölunum má ætla að heimilin séu fleiri þar sem fullorðið fólk býr eitt með eða án barna. Það er þó alls ekki víst því heimili þar sem fólk býr eitt eru oftalin<sup>9</sup>.


## Nýbúar

Nýbúum fjölgar hérlendis. Þeir hafa sett mark sitt á íslenskt samfélag og það sést á aukinni fjölbreytni íslenskrar menningar. Matarmenning er skýrasta dæmi þess. Bæði hefur sérhæfðum matsölustöðum fjölgað mikið, auk þess sem úrval matvöruverslana hefur aukist og ber þess merki að fólk af fjarskyldum menningarsvæðum verstar þar.

Á Íslandi voru nýbúar af tæplega 130 þjóðernum árið 2005. Ýmis þjónusta er hverjum íbúa nauðsynleg og erfitt að veita nýbúum ef þeir hafa ekki vald á tungumálinu og innsýn í íslenska menningu. Hér má benda á þjónustu mennta- og heilbrigðisstofnana.

<sup>9</sup> Það eru tvær ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi eru einstaklingar sem hafa náð 18 ára aldri taldir búa einir jafnvel þó þeir búi í foreldrahúsum. Í öðru lagi er all nokkuð um óskráða sambúð (Símtal V.K. við Guðjón Hauksson starfsmann mannfjöldadeildar Hagstofu Íslands þann 30. maí 2006)

## Nýbúahlutfall á Vesturlandi og öðrum svæðum árin 2005 og 2000




Mynd 20: Nýbúahlutfall á Vesturlandi og öðrum svæðum.

Heimild: Hagstofa Íslands

Nýbúar voru rúmlega 10.000 árið 2002 en eru tæplega 14.000 árið 2005. Þeir koma til starfa aðallega í iðnaði og ýmsum ófaglærðum störfum. Hlutfallslega eru nýbúar jafn margir hér og á öðrum Norðurlöndum eða um 4,6% árið 2005. Sé litið til einstakra landsluta eru nýbúar flestir á Austurlandi, en þar er nýbúahlutfallið 17,6%. Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall sé óvenju hátt vegna framkvæmda í tengslum við stóriðju og kunni að lækka eftir að framkvæmdum lýkur. Þess utan eru Vestfirðir með 6,2% en á Vesturlandi er þetta hlutfall 4,6% eins og á landinu öllu.

## Nýbúahlutfall á Vesturlandi árið 2005 og leitni árin 2000-2005



Mynd 21: Nýbúahlutfall á Vesturlandi

Heimild: Hagstofa Íslands

Þegar þessar tölur eru brotnar meira upp kemur í ljós að nýbúahlutfall er 2,4% á Akranessvæði, 4,2% á Borgarfjarðarsvæði, 8,6% á Snæfellsnesi og 3,8% í Dölum. Leitnitölurnar, sem byggja á þróun tímabilsins 2000-2005 gefa til kynna að nýbúahlutfallið sé stöðugt á Snæfellsnesi en fer vaxandi á öllum hinum svæðunum, en einna mest í Dölum (Mynd 22).

### VI.3 Vinnumarkaður

Umfjöllun um vinnumarkaðinn er skipt upp í umfjöllun um þróun launa<sup>10</sup>, atvinnuleysis og úrval atvinnutækifæra.

#### Atvinnugreinar og ársverk

Breytingar á vinnumarkaði á Vesturlandi einkennast af uppbyggingu stóriðju á Grundartanga og nýjum tækifærum, sérstaklega er snúa að samgöngumálum og hafnarmannvirkjum. Fræðslustarfsemi er atvinnugrein sem hefur tekið miklum breytingum ásamt fasteigna- og viðskiptaþjónustu. Samdráttur í frumvinnslugreinum kallar á nýsköpun sem á eftir að koma fram í þjónustugreinum og enn frekar í fræðslustarfsemi.

Tafla 3: Fjöldi starfa eftir atvinnugreinum á Vesturlandi 1998-2004.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Alls</b>	<b>7.560</b>	<b>7.660</b>	<b>7.810</b>	<b>7.890</b>	<b>7.940</b>	<b>7.830</b>	<b>7.770</b>
<b>Frumvinnslugreinar alls</b>	<b>1.220</b>	<b>1.220</b>	<b>1.250</b>	<b>1.190</b>	<b>1.210</b>	<b>1.150</b>	<b>1.060</b>
Landbúnaður	540	540	530	510	500	490	480
Fiskveiðar	680	690	730	680	710	650	580
<b>Iðngreinar alls</b>	<b>2.590</b>	<b>2.580</b>	<b>2.550</b>	<b>2.530</b>	<b>2.430</b>	<b>2.340</b>	<b>2.430</b>
Fiskvinnsla	780	730	650	660	640	640	720
Annar iðnaður	1.170	1.270	1.290	1.250	1.200	1.120	1.050
Veitustarfsemi	80	80	80	70	60	70	70
Mannvirkjagerð	570	510	540	560	520	510	590
<b>Þjónustugreinar alls</b>	<b>3.740</b>	<b>3.860</b>	<b>4.010</b>	<b>4.160</b>	<b>4.300</b>	<b>4.340</b>	<b>4.270</b>
Verslun og viðgerðaðþjónusta	760	740	760	780	750	740	740
Hótel- og veitingahúsarekstur	190	210	220	220	220	240	220
Samgöngur og flutningar	360	370	380	380	370	360	350
Fjármálaþjónusta	170	180	200	190	190	190	210
Fasteigna- og viðskiptaþjónusta	220	230	270	310	370	320	320
Opinber stjórnsýsla	650	680	690	650	680	720	660
Fræðslustarfsemi	380	390	400	430	460	480	500
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	790	830	870	950	980	990	970
Önnur þjónusta	220	230	230	250	280	320	320


Heimild: Byggðastofnun/ Hagstofa Íslands

Störfum fjölgar á Vesturlandi til ársins 2002. Viðsnúningur er þegar störfum fækkar um 170 á árunum 2002 til 2004. Þetta er að langmestu leyti útskýrt með fækkun starfa við fiskveiðar, en fækkun starfa í þeirri starfsgrein er almennt á landinu öllu skv. tölum Byggðastofnunar. Hlutfallslega er hún minni heldur en á landinu öllu (Mynd 23). Störfum fækkar í frumgreinum og iðnaði um 320 og fjölgar í þjónustugreinum um 530 störf á tímabilinu.

Atvinnulíf á Akranesi og í Borgarnesi er nokkuð fjölbreytt. Í Borgarnesi eru útibú frá opinberum stofnunum, mörg störf í iðnaði og þjónustu og tveir háskólar eru starfræktir í nágrenninu, á Bifröst og Hvanneyri. Á Akranesi er bæði öflugur sjávarútvegur og iðnaður og stóriðja í nágrenninu.

Á Snæfellsnesi er fjölbreytnin í atvinnulífinu ekki eins mikil, sjávarútvegurinn er þar aðal atvinnuvegurinn. Ferðaþjónusta er nokkur og vaxandi á Snæfellsnesi. Atvinnulíf í Dalabyggð er frekar einhæft, en það byggist nær eingöngu á landbúnaði og þjónustu við hann. Tækifæri liggja einkum í ferðaþjónustu og áherslu heimamanna á að skilgreina svæðið sem matvælaframleiðsluhérað.

### Hlutfallsleg breyting starfa á Vesturlandi og landinu öllu árin 1999 - 2004




Mynd 22: Hlutfallsleg breyting starfa.

Heimild: Hagstofa Íslands

Á Vesturlandi er hlutfallslegur samdráttur frumvinnslugreina á tímabilinu minni en á landsvísu eða 13,1% á móti 15,2% samdrætti á landsvísu. Hlutfallslegur samdráttur í landbúnaði er meiri á Vesturlandi, eða 11,1% á móti 4% á landsvísu. Samdráttur í fiskveiðum er minni á Vesturlandi eða 15,9% á móti 22,7% á landsvísu. Í fræðslustarfssemi og fasteigna- og viðskiptaþjónustu er fjölgun starfa meiri á Vesturlandi en á landsvísu. Nokkra athygli vekur breyting á störfum í opinberri þjónustu á Vesturlandi þar sem um er að ræða 2,9% samdrátt á móti 8,7% aukningu á landsvísu.

### Hlutfall starfa eftir atvinnugreinum á Vesturlandi og landinu öllu árið 2004



Mynd 23: Hlutfall starfa á Vesturlandi árið 2004.

Heimild: Hagstofa Íslands


Það sem helst einkennir atvinnulíf á Vesturlandi er sterk staða frumvinnslugreina, samhliða mörgum störfum í iðnaði. Frumvinnslugreinar ásamt iðngreinum eru 44,9% starfa á Vesturlandi á móti 29,2% á landsvísu árið 2004. Störf í þjónustugreinum eru 55% á Vesturlandi á móti 70% á landsvísu. Nokkra athygli vekur að hlutfall starfa í opinberri þjónustu er 8,5% á Vesturlandi á móti 7,1% á landsvísu. Samanburður Vesturlands við landið í heild í þjónustugreinum er óhagstæður sem bendir til að þar liggi nokkur tækifæri fyrir Vesturland þegar litið er til framtíðar. Það er þó ekki alveg víst þar sem Vesturland liggur að höfuðborgarsvæðinu og mikil þjónusta er sótt þangað.

### Atvinnuleysi

Almennt er talið að visst atvinnuleysi sé eðlilegt. Nokkrar skýringar eru á því en hér verða nefndar þrjár. Það getur verið tímafrekt að leita að hentugu starfi, einkum þegar sífellt meira af vinnuaflinu verður sérhæft. Þá eru sumar atvinnugreinar háðar árstíðarsveiflum og að síðustu er alltaf einhver hluti starfa sem hverfur einfaldlega vegna tækniþróunar, framfara og þróunar sem atvinnulíf hverrar þjóðar gengur í gegnum. Þegar horft er til þarfar atvinnugreinanna fyrir vinnuafli, þróaðist hagkerfi á Íslandi alla 20. öldina úr frumframleiðsluhagkerfi yfir í þjónustu- og þekkingarhagkerfi.

Atvinnuleysi hefur aldrei verið mikið vandamál á Íslandi í samanburði við önnur aðildarlönd OECD. Þá hefur það enn fremur einkennt Ísland að atvinnuleysi hefur alla jafna verið meira á höfuðborgarsvæðinu heldur en utan þess. Þetta hefur verið útskýrt með miklum hreyfanleika íslensks vinnuafli en hún er ekki fullnægjandi ein og sér þó svo töluvert sé til í því. Að síðustu hefur atvinnuleysi verið mest á haustin og veturna, en minnst á vorin og sumrin.

#### Meðalatvinnuleysi á mánuði á Vesturlandi, höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni á árunum 1995 til 2004



Mynd 24: Meðal atvinnuleysi.

Heimild: Byggingastofnun/ Hagstofa


Atvinnuleysi á Vesturlandi hefur verið minna en meðaltal síðustu ára, hvort heldur sem litið er til höfuðborgarinnar eða landsbyggðarinnar. Sveiflur í atvinnuleysi á Vesturlandi fylgja sveiflum annars staðar og frá árinu 1999 til 2001 er atvinnuleysi innan við 1% á Vesturlandi.



## Tekjur og efnahagur

Eftir seinni heimsstyrjöldina jukust atvinnutekjur Íslendinga mikið. Framan af voru þær almennt hærri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan var einkum mikil uppbygging í sjávarútvegi og landbúnaði, drifin af tæknivæðingu bæði til sjós og lands. Þegar stærstu verkefnum var lokið hægðist á hagvexti í lok níunda áratugarins og fram á miðjan tíunda áratuginn en þá hófst hagvaxtarskeið að nýju sem stendur enn yfir og er drifið áfram af mikilli endurskipulagningu og nýsköpun í þekkingarstarfsemi almennt. Þar sem vægi þessa iðnaðar er mest á höfuðborgarsvæðinu eru atvinnutekjur þar miklu hærri heldur en á landsbyggðinni almennt.

Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir landshlutum  
(skv framtali árið 2005)




Mynd 25: Meðal atvinnutekjur eftir landshlutum.

Heimild: Byggðastofnun/Ríkisskattstjóri

Á Vesturlandi eru meðalatvinnutekjur 15% lægri framtalsárið 2005 en á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnutekjur annarra landshluta eru lægri, fyrir utan á Suðurnesjum (14% lægri) og á Austurlandi (12% lægri). Meðalatvinnutekjur eru lægstar á Norðurlandi vestra (23% lægri) og á Suðurlandi (22% lægri). Meðalatvinnutekjur á Vesturlandi hækka um 3,6% á meðan þær hækka um 3,8% á höfuðborgarsvæðinu frá fyrra ári.

### Meðalatvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum

(skv. framtali 2005)




Mynd 26: Meðal atvinnutekjur eftir greinum.

Heimild: Bygðastofnun/Ríkisskattstjóri

Meðalatvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu eru hærrí í öllum starfsgreinum. Meðalatvinnutekjur á Vesturlandi eru 9,6% lægri en landsmeðaltal og í landbúnaði eru meðalatvinnutekjur lægstar á Vesturlandi. Í þjónustugreinum, opinberri stjórnsýslu og fræðslustarfsemi eru meðalatvinnutekjur lægri á Vesturlandi en landsmeðaltal.

### Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir landshlutum

(skv. framtali 1998-2005)



Mynd 27: Meðal atvinnutekjur eftir landshlutum, þróun.

Heimild: Bygðastofnun/Ríkisskattstjóri


Munur meðalatvinnutekna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess hefur aukist á tímabilinu um 6% en munurinn var 11% árið 1998 og 17% árið 2004. Á Vesturlandi er munurinn 10% 1998 og 15% 2004. Hækkun meðalatvinnutekna á milli árunna 2003 og 2004 eru 3,8% á höfuðborgarsvæðinu, 1,4% utan höfuðborgarsvæðis og 3,6% á Vesturlandi.

Ýmsar skýringar er að finna á ofangreindum mun atvinnutekna eftir landsvæðum. Ein þeirra er samsetning atvinnugreina eins og getið var að framan. Þetta útskýrir ekki allt eins og vikið hefur

verið líka að (Mynd 27). Þá má leita í hagfræðikenningar. Þar má einkum finna eitt sem gæti átt við hér á landi. Mikil hækkun fasteignaverðs virðist hafa leitt til þess að hærra launaðir einstaklingar velji sér búsetu í höfuðborginni en síður þeir sem eru með lægri laun<sup>11</sup>. Þá verður líklegra að hluti láglaunaðra starfsmanna í tiltekinni atvinnugrein búi heldur einhverstaðar í jaðri höfuðborgarsvæðisins en þeir sem eru með hærri laun. Stór hluti fólks af Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið og því líklegt að það sé í lægra launaðri stöðum heldur en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og vinna í sömu atvinnugrein. Þá er einnig algengt að yfirmannsstöður og stöður í þekkingarstarfsemi á þessum svæðum séu mannaðar fólki sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Þetta vekur upp spurningar hvort svæðisskiptingin sé úrelt þegar kemur að vinnumarkaðnum.

## VI.4. Fyrirtæki

Hlutfall fjölda launagreiðenda eftir atvinnugreinum 2003



Mynd 28: Hlutfall fjölda launagreiðenda eftir atvinnugreinum.

Heimild: Byggðastofnun/ Hagstofa

Fjöldi launagreiðenda á Vesturlandi árið 2003 var 1.359, sem er um 6,5% af heildarfjölda launagreiðenda á landinu öllu, en þeir voru 21.264. Hlutfall launagreiðenda í frumvinnslugreinum er hærra á Vesturlandi en á landsvísu, eins og sjá má á myndinni að ofan og endurspeglar það mikilvægi landbúnaðar og sjávarútvegs á svæðinu. Tækifæri fyrir Vesturland virðast liggja í þjónustugreinum þegar mið er tekið af þessum greinum á landsvísu.


## VI.5 Menntun

Þar sem fyrirsjáanlegt er að mestur vöxtur verði í þekkingarstarfsemi og tengdum atvinnugreinum er athyglisvert að kanna hversu stór hluti vinnumarkaðarins á Vesturlandi hefur lokið formlegri menntun og þá hvers konar menntun og hvernig landshlutinn stendur í samanburði við aðra.

<sup>11</sup> McMillen, D. P. (2003) The return of centralization to Chicago: using repeat sales to identify changes in house price distance gradients

## Menntun eftir landshlutum meðaltal árána 2000 - 2002

(Íbúar 16 til 74 ára)




Mynd 29: Menntun eftir landshlutum.

Heimild: Byggðastofnun/ Hagstofa

Á Vesturlandi hafa 35,8% íbúa eingöngu lokið grunnenntun á móti 25,5% á höfuðborgarsvæðinu, en hlutfallið er hæst á Norðurlandi vestra 45,1%. Íbúar á Vesturlandi sem lokið hafa framhaldsskólamenntun eru 23,8%, sem er lægra en í öðrum landshlutum að undanskildu Norðurlandi vestra. Hlutfall íbúa á Vesturlandi sem lokið hafa háskólamenntun er 10,5% á móti 17,8% á höfuðborgarsvæðinu. Tækifærin á Vesturlandi liggja því einkum í að auka hlut þeirra íbúa sem lokið hafa framhaldsskóla- og háskólamenntun.

## Heildarfjöldi íslenskra háskólanema




Mynd 30: Háskólanemendur á Íslandi.

Heimild: Byggðastofnun/ Hagstofa

Háskólanemendum hefur fjölgað á landinu úr 8.381 árið 1997 í 15.974 árið 2004. Á Vesturlandi hefur háskólanemendum fjölgað úr 239 árið 1997 í 615 árið 2004. Þar munar mest um tilvist tveggja vaxandi háskóla á Vesturlandi.

### Hlutfall háskólanema eftir landshlutum miðað við fjölda íbúa




Mynd 31: Háskólanemendur eftir landsvæðum.

Heimild: Bygðastofnun/ Hagstofa

Hlutfall háskólanema á höfuðborgarsvæðinu er 6,2% árið 2004. Á Vesturlandi hefur hlutfall háskólanema hækkað úr 1,7% árið 1997 í 4,3% árið 2004. Hlutfall háskólanema er lægst á Suðurnesjum 1,3% árið 2004.

### Dreifing háskólanema með lögheimili á Vesturlandi eftir háskólum.



Mynd 32: Dreifing háskólanema eftir háskólum.

Heimild: Bygðastofnun/ Hagstofa

Hlutfall nemenda í Háskóla Íslands með lögheimili á Vesturlandi lækkar úr 46% árið 1997 í 33% árið 2004. Í Háskólanum á Akureyri eru 6% 1997 og 9% árið 2004. Í Háskólanum í Reykjavík eru 5% árið 2000 og 4% árið 2004. Í Kennaraháskólanum er hlutfallið um 20% öll árin. Í Viðskiptaháskólanum á Bifröst er hlutfallið 15% árið 2000 og 20% árið 2004.

Tafla 4: Fjöldi háskólanemenda eftir skólum og lögheimili.

	1997				2000				2004			
	Allt landið		Vesturland		Allt landið		Vesturland		Allt landið		Vesturland	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Háskóli Íslands	5.549	66	109	46	6.670	64	135	38	8.712	55	200	33
Háskólinn á Akureyri	415	5	14	6	649	6	19	5	1.496	9	54	9
Háskólinn í Reykjavík					643	6	19	5	1.355	8	22	4
Hólaskóli									88	1	8	1
Kennaraháskóli Íslands	718	9	38	16		12	88	25	2.245	14	109	18
Landbúnaðarhásk. á Hvanneyri					1.263	1	23	6	164	1	51	8
Tækniháskóli Íslands									943	6	34	6
Viðskiptaháskólinn á Bifröst					177	2	55	15	417	3	126	20
Aðrir háskólar	1.699	20	78	33	1.089	10	9	5	554	4	3	2
<b>Samtals fjöldi háskólanema</b>	<b>8.381</b>	<b>100</b>	<b>239</b>	<b>100</b>	<b>10.491</b>	<b>100</b>	<b>348</b>	<b>100</b>	<b>15.974</b>	<b>100</b>	<b>607</b>	<b>100</b>

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Nemendum í Háskóla Íslands hefur fjölgað úr 5.549 árið 1997 í 8.712 árið 2004. Háskólanemum með lögheimili á Vesturlandi hefur fjölgað í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri á tímabilinu. Hlutfall nema með lögheimili á Vesturlandi er hæst í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Viðskiptaháskólanum á Bifröst.

## VI.6 Samgöngur

Samgöngukerfi eru samfélögum mikilvæg. Samgöngur eru forsenda velferðar og efnahagsframfara. Vegakerfi á Vesturlandi er 1.881 km að lengd, þar af eru stofn- og tengivegir 1.318 km. Á Vesturlandi er ein ferja, Breiðafjarðarferjan Baldur sem í raun tengir saman Vesturland og Vestfirði. Fjallvegir sem einhver veruleg umferð er um allt árið eru 6 talsins, þar af 3 á Snæfellsnesi, 1 í Dölum og 2 í Borgarfirði. Á Vesturlandi eru 11 hafnir, í Borgarfjarðarsýslu eru 3, Mýrasýslu er 1, Snæfellsnessýslu eru 6 og 1 í Dalasýslu. Nothæfir flugvellir eru sjö talsins, 2 í Borgarfjarðarsýslu, 2 í Mýrasýslu og 4 í Snæfellsnessýslu. Áætlunarflug var stundað til þriggja þeirra, en hefur legið niðri síðustu tvo áratugi. Flugvöllur við Borgarnes í Mýrasýslu er ætlaður undir æfingarflug en að öðru leyti eru þeir notaðir fyrir einkaflug.

Vegakerfið á Vesturlandi hefur lagast á undanfönum árum. Bundið slitlag er á flestum stofnvegum. Einbreiðum brúm hefur fækkað. Þá hafa Vestlendingar losnað nýlega við nokkra hættulega og seinfarna vegakafli með samgöngubótum. Þar má nefna Hvalfjarðargöngin sem opnuð voru árið 1998, veg yfir Kolgrafarfjörð sem opnaður var árið 2004, auk þess sem endurbygging vegar um Kolás og Norðurárdal er langt komin. Þá hafa lagfæringar verið unnar á erfiðum fjallvegum, þar má nefna Vatnaleið árið 2002 sem leysti veg um Kerlingaskarð af hólmi. Lagfæringu á vegi um Bröttubrekku lauk árið 2003 og er hann nú bæði fljótfarinn sem og opinn allt árið.


Þrátt fyrir þessar stóru tímabæru framkvæmdir hafa kröfur til vegakerfisins, hlutlægar sem huglægar, aukist mun meira og eru nokkrar ástæður eru fyrir því. Í fyrsta lagi hefur umferð á vegum á Vesturlandi aukist verulega. Þar er bæði um umferð vegna atvinnu og frítíma. Eins jukust þungaflutningar á vegum gríðarlega eftir að sjóflutningum var hætt. Almenningsamgöngur hafa átt undir högg að sækja og vægi smábíla í fólksflutningum fer stöðugt vaxandi.

Í öðru lagi hefur sumarhúsum fjölgað mikið og eru þau mjög dreifð um allt svæðið. Það gerir allt aðrar og nýjar kröfur til vegakerfisins þegar vá ber að höndum. Lögreglu-, sjúkra- og slökkvibílar þurfa að hafa greiðan aðgang þegar svo ber undir.

Í þriðja lagi veldur sífellt hreyfanlegra vinnuafli til og frá Vesturlandi allt aðrar og auknar kröfur um að umferð gangi greiðlega.

Þessi upptalning leiðir hugann að raunverulegum umferðartölum og hvernig þróun þeirra hefur verið undanfarin ár.

## Þróun ÁDU á Vesturlandi í samanburði við Suðurland 1980-2005



Mynd 33: Bílaumferð á Vesturlandi.

Heimild: SSV/Vegagerðin  
Vegmælir Akranessvæðis er á Kjalarnesi, Borgarfjarðarsvæði við Hafnarfjall, Snæfellsnes austan við Vegamót, Dalabyggð í Bröttubrekku, Suðurland A við Hveragerði og Suðurland B norðan við vegamót þrengslavegar og Helliheiðarvegur.

Umferð um Vesturland er minni heldur en um bæði Reykjanes og Suðurland jafnvel þó hún hafi aukist hlutfallslega meira síðustu 2-3 áratugi eins og við sjáum í umfjöllun hér á eftir. Meðalumferð (Ársgagsumferð) um Reykjanes var 9.036 bílar á dag árið 2005, tæplega 7.000 um Suðurland, 5.808 til Akranessvæðis, 3.441 til Borgarfjarðarsvæðis, 664 til Snæfellsness og um 300 til Dalabyggðar. Ofmat er í tölunni til Akranessvæðis því mælirinn er vestan við þéttbýlið á Kjalarnesi (Mynd 34). Tölur samkvæmt mæli um Hvalfjarðargöng væru vanmetnar því þá vantaði umferðartölur þeirra sem fara um Hvalfjörðinn.

Þegar vikið er nánar að þróun umferðar á Vesturlandi þá er ljóst að hún hefur aukist mjög mikið og hlutfallslega meira heldur en til Suðurlands og Reykjanes<sup>12</sup>. Sé horft til talna frá 1980 þá hefur umferð aukist um 468% á Vesturlandi fram til ársins 2005 ef horft er til mælis undir Hafnarfjalli í Borgarfirði. Þessi tala lækkar í 407% ef horft er til mælis undir Kjalarnesi. Á sama tíma er aukningin um 228% til Suðurlands ef horft er til mælis hjá Hveragerði en 179% um Reykjanesbraut. Hvalfjarðargöng útskýra þennan mun að langmestu leyti.

Forvitnilegt er að vita hvernig þessi umferð skiptist á milli fólksbíla og vöruflutningabíla. Samkvæmt nákvæmri vegakönnun sem Vegagerðin framkvæmdi á vegamótum rétt sunnan við Laxá í Leirársveit árið 1989 var hlutfall vöruflutningabíla 7,3% af heildinni. Önnur nákvæm vegakönnun sem Vegagerðin framkvæmdi árið 2002 við enda Hvalfjarðarganganna benti til þess að þetta hlutfall væri 8,3%.<sup>13</sup> Samkvæmt tölum Spalar er hlutfall stórra bíla 6,0% af þeim sem fara um göngin og er það hlutfall mjög stöðugt síðustu 5 árin. Þeir gera ráð fyrir að það hlutfall kunni að vera vanmetið vegna millistærðarflokks 6-12 metra langra bíla sem þeir flokka í þessum útreikningum með litlum bílum. Hlutfallslegur munur stórra bíla er ekki mikill á milli vegakönnana Vegagerðarinnar. Hins vegar ef stuðst er við meðalumferð til Akranessvæðis þá hafa vöruflutningabílar verið 159 að jafnaði hvern dag árið 1989 en 425 árið 2002. Því má segja að umferð stórra bíla hafi aukist mikið jafnvel þó hún sé í nokkru samræmi við aukningu annarrar umferðar á þjóðvegum landsins.

Á þessu sést að umferð á milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands hefur tekið miklum breytingum frá því að Hvalfjarðargöng voru opnuð þann 11. júlí 1998. Útlit er fyrir að umferð muni halda áfram

<sup>12</sup> Vífill Karlsson (2004) Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi: bls. 151.

<sup>13</sup> Vífill Karlsson (2004) Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi: bls. 153.

að aukast og því ljóst að huga þarf að endurbótum á vegum á Kjalarnesi, afkastagetu Hvalfjarðarganga og framtíðar vegtengingum norðan Hvalfjarðar annars vegar m.t.t. Grundartangasvæðisins og hins vegar upp í Borgarnes.

Með lagningu Sundabrautar má gera ráð fyrir að leiðin á milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands styttest nokkuð og verði mun greiðfærari og betur í stakk búin til að sinna þeirri umferð sem nú fer um Vesturlandsveg. Tímasparnaður vegfarenda verður því allnokkur. Varðandi styttingu vegalengda þá er misjafnt hvaða viðmiðun er tekin, en ætla má að hvort heldur farin er svokölluð innri – eða ytri leið yfir Kleppsvík og að því gefnu að Kollafjörður verði þveraður þá verði stytting vegalengda á bilinu 6 – 8 km.

Á Grundartanga eru nú tvö stóriðjufyrirtæki, Íslenska járnblendifélagið og Norðurál. Hjá þessum tveimur fyrirtækjum eru nú samtals um 600 manns í föstum störfum, auk verktaka. Skipakomur á Grundartanga eru nú um 250 á ári og inn- og útflutningur nálgast nú um 1 milljón tonna á ári, og mun væntanlega fara yfir milljón tonna árið 2006. Árið 1997 voru skipakomur rétt rúmar 100 og inn- og útflutningur um 300.000 tonn. Þróun skipaumferðar og flutninga hefur verið mjög ör. Ljóst er að aukin umsvif á Grundartanga munu leiða til aukinna flutninga og þar með talið umferð vöruflutningabíla, sem nú er a.m.k. 6% umferðar um Hvalfjarðargöng.

Að óbreyttu vegakerfi verður ekki séð að þær viðamiklu skipulagsbreytingar sem eru að verða á höfuðborgarsvæðinu geti gengið greiðlega, nema til komi verulegar endurbætur á aðkomuleiðum til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þá má nefna að út frá öryggissjónarmiðum er það löngu orðið brýnt að tryggja tvær meginleiðir til og frá höfuðborginni í norður og með aukinni byggð við Úlfarsfell verður þessi þörf á úrbótum enn ljósari.

Lagning Sundabrautar mun án efa verða mikil samgöngubót og hafa áhrif á byggðapróun í höfuðborginni og á Vesturlandi. Grundvallarforsenda í því efni er að Sundabraut verði skilgreind sem þjóðvegur allt frá Sæbraut í suðri og norður fyrir Hvalfjörð. Brýna nauðsyn ber að hanna framkvæmdina í einni heild á þessu svæði og gera ráð fyrir henni sem verkefni sem verði að ljúka innan fárra ára. Í þessu felst eftirfarandi:

1. Vegtenging frá Sæbraut yfir Elliðavog.
2. Vegur með ströndinni að Kollafirði.
3. Vegtenging yfir Kollafjörð.
4. Tvöföldun vegarins um Kjalarnes.
5. Tvöföldun Hvalfjarðarganga í einum eða tveimur áföngum.

Samhliða þessu verkefni þarf að skoða vegtengingar norðan Hvalfjarðar. Það er mat verkefnisstjórnar að eftirfarandi vegaf framkvæmdir norðan Hvalfjarðar séu þær brýnustu fyrir Vestlendinga (Mynd 35):

1. Tvöföldun Hvalfjarðarganga í einum eða tveimur áföngum og lagning Sundabrautar.
2. Vegur vestan Hvalfjarðarganga 2+1 upp í Bifröst.
3. Þverun Grunnafjarðar.
4. Færsla þjóðvegur 1 út fyrir byggðina í Borgarnesi.
5. Uppbygging þjóðvegur nr. 1 í Norðurárdal.
6. Uppbyggingu þjóðvegur um Fróðárheiði verði lokið.
7. Vegur um Lundarreykjadal verði lagfærður.





Mynd 34: Vegir á Vesturlandi og tillögur um endurbætur.

© Ólafur Valsson

**1. Tvöföldun Hvalfjarðarganga í einum eða tveimur áföngum og lagning Sundabrautar** er orðin tímabær. Mikil umferð á þessum vegi hefur aukið tíðni umferðarhindrana sem hafa skapað aukna umferðarhættu vegna framúraksturs. Vöruflutningabílar eru ein megin ástæða þessa, þar sem þeir fara bæði hægar og erfitt er að taka fram úr þeim.

**2. Vegur vestan Hvalfjarðarganga 2+1** upp í Bifröst er eðlilegt framhald af fyrri framkvæmd og lýtur sömu rökum, þ.e. stöðugt vaxandi umferð og minna umferðaröryggi.

**3. Þverun Grunnafjarðar** er mikilvægt framfaraskref fyrir grunngerð Vesturlands inn á við. Framkvæmdin auðveldar Vestlendingum norðan Skarðsheiðar að sækja þjónustu sem eingöngu er að finna á Akranesi eins og sjúkrahús og Akurnesingum aðgengi að þjónustu eins og háskólar í Borgarfirði eru dæmi um.

**4. Færsla þjóðveg 1 út fyrir byggðina í Borgarnesi** er aðkallandi út af aukinni slyshættu sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur vaxandi umferðar um þjóðvegi landsins samhliða vaxandi byggð í Borgarnesi.

**5. Uppbygging þjóðveg nr. 1 í Norðurárdal** er brýnt verkefni vegna slyshættu. Þessi vegakafli er einn hættulegasti vegakafli á landinu þegar horft er til slysatíðnitalna Vegagerðarinnar. Vaxandi þéttbýli í Bifröst samhliða almennri umferðaraukningu um þjóðvegi landsins kallar á framkvæmdina sem allra fyrst.


**6. Uppbyggingu þjóðveg nr. 1 um Fródárheiði verði lokið.** Jafnvel þó miklar vegabætur hafi verið framkvæmdar á Snæfellsnesi undanfarin ár er mikilvægt að gera veginn um Fródárheiði góðan vegna þess að hann tengir saman nyrðri og syðri hluta Snæfellsbæjar, sem er víðfeðmasta sveitarfélag á Snæfellsnesi.

**7. Vegur um Lundarreykjadal verði lagfærður** til þess að ljúka við byggingu á nútímalegu vegasambandi á milli Vesturlands og Suðurlands um Uxahryggjaleið.

## VI.7 Störf á vegum hins opinbera

Þegar horft er til opinberra starfa, flokkað eftir ráðuneytum, kemur í ljós að vægi ráðuneyta í störfum á Vesturlandi er mismikið eðli málsins samkvæmt. Óvenjuhátt hlutfall starfa innan landbúnaðarráðuneytisins er vegna Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Hátt hlutfall innan umhverfisráðuneytisins skýrist á starfsemi Landmælinga á Akranesi.

Vegna mikils fjölda starfsmanna hjá ríkinu er erfitt að finna nákvæman fjölda og staðsetningu starfa, af þeim sökum getur verið að einhver starfsemi hafi orðið útundan.



Mynd 35: Fjöldi opinberra starfa á Vesturlandi.

Heimild: Bygðastofnun/ Hagstofa Íslands

Í það heila er heildarfjöldi opinberra starfa 69 á höfuðborgarsvæðinu á hverja þúsund íbúa en 55 á Vesturlandi.

Tafla 5 : Samanburður á störfum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi

	Landið allt	Höfuðborgar- svæðið	Vesturland
Heildarfjöldi ríkisstarfa á landinu öllu	17.586		
Fjöldi starfa á vegum ríkisins		12.637	824
Fjöldi íbúa	293.596	184.244	14.863
Hlutfall ríkisstarfa af heildarfjölda ríkisstarfa		71,86%	4,69%
Hlutfall íbúa af heildarfjölda íbúa landsins		62,76%	5,06%
Fjöldi ríkisstarfa á Vesturlandi ef hlutfallið væri 5,06% af heildarfjölda ríkisstarfa - þ.e. í samræmi við íbúafjölda			890
Fjölgun ríkisstarfsmanna til að ná hlutfalli íbúafjölda 5,06% – þ.e. 890 - 824 = 66 störf			66

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja þá eru 17.586 störf á vegum ríkisins á landinu öllu en heildarfjöldi er ekki nákvæmur þar sem ekki fengust tæmandi upplýsingar. Eins og sjá má á töflu 5 eru um 72% þessara starfa á höfuðborgarsvæðinu en tæp 5% á Vesturlandi. Ef gert væri ráð fyrir að ríkisstarfsmenn væru hlutfallslega jafn margir í öllum landslutum miðað við fólksfjölda og gert er áfram ráð fyrir 17.586 stöðugildum, væru ríkisstarfsmenn á Vesturlandi um 890 í stað 824, eða um 66 stöðugildum fleiri en hér hefur verið reiknað með. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að af þessum 824 störfum eru um 217 störf á heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum á Vesturlandi og er þar með talinn St. Franciskusspítalinn í Stykkishólmi, sem er ekki talinn ríkisstofnun en er rekin fyrir fé frá ríkinu. Segja má að nánast engar menningarstofnanir á vegum ríkisins séu á Vesturlandi, eða einungis 2 störf, annað hjá RÚV og hitt hjá Landsbókasafninu.


## VII. Samkeppnisstaða Vesturlands – SVÓT

Þessari greiningu er skipt upp á milli tveggja kafla. Annars vegar er farið skipulega yfir styrkleika og veikleika Vesturlands og hins vegar er farið í tækifæri og ógnanir Vesturlands.

### Aðferð

Verkefnisstjórnin hóf störf haustið 2005. Hún tók við frumhugmyndum að tillögum að vaxtarsamningi frá starfsmönnum SSV- Þróunar og ráðgjafar. Stjórnin vann þessar tillögur áfram í samstarfi við starfsmenn SSV – Þróunar og ráðgjafar svo og fjölda annarra aðila sem leitað var til og tengdust tillögugerðinni með beinum eða óbeinum hætti. Tillögurnar ganga út á að stuðla að aukinni samkeppnishæfni einstakra landssvæða á Vesturlandi.

Til greiningar á samkeppnisstöðu landsvæðis hefur þjóðardemantur Porters verið nýttur (Mynd 37). Með því er hægt að greina í hvaða atvinnugreinum Vestlendingar eru líklegastir til að geta haslað sér völl og sveitarfélögin geta hlúð að með grunngerð sem hæfir þeim. Fyrir nokkrum árum tók Vífill Karlsson saman stutta lýsingu á þessu líkani og er eftirfarandi texti tekinn þaðan nánast orðrétt<sup>14</sup>.



Mynd 36: Demantslíkan Porters.

Heimild: Porter (1990)

Þjóðardemantur Porters greinir samkeppnisstöðu þjóðar. Samkeppnisstaða þjóðar fjallar ekki um það hvernig þjóðir keppa hver við aðra líkt og fyrirtæki gera, heldur fjallar samkeppnisstaða þjóðar miklu fremur um það hvernig aðstæður í þjóðfélaginu styðja við tiltekna atvinnugreinar, með beinum eða óbeinum hætti.

Fjórir þættir hafa áhrif á samkeppnisstöðu þjóðar. Þeir eru staða framleiðslupátta, staða eftirspurnar, stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni og skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar. Þess utan hafa stjórnvöld og tækifæri einnig veruleg áhrif en með óbeinum hætti þó eða öllu heldur í gegnum þættina fjóra.

Greining á stöðu framleiðslupátta byrjar á því að tilgreina framleiðslupættina. Þá eru þeir greindir niður eftir hreyfanleika, hversu sértækir þeir eru, hvort stöðug endurnýjun og þróun þeirra sé í gangi svo eitthvað sé nefnt.

Með stöðu eftirspurnar er í grófum dráttum reynt að varpa ljósi á það að hve miklu marki kaupendur hvetja framleiðslugreinar til dáða.

<sup>14</sup> Vífill Karlsson (2001) Byggðamál, vangaveltur um aðgerðir og aðgerðaleyfi.

Það má segja að þættirnir *stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni* fjalli um hvernig eigendur fyrirtækjanna og ytri markaðsaðstæður þrýsti á stjórnendur fyrirtækjanna og hvetji þá þannig til stöðugrar hagræðingar og sóknar á arðbærari viðskiptatækifæri.

*Skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar* mynda tengslanet og þeir sem tilheyra tengslanetinu geta haft hag af því að skiptast á upplýsingum, sameinast um þróunarvinnu og skiptast á viðskiptasamböndum, svo eitthvað sé nefnt. Með þessu getur myndast afar skapandi og hvetjandi samfélag í tilteknum atvinnuklasa.

Eins og áður sagði er tvennt annað sem hefur áhrif á samkeppnisstöðu samfélags. Það eru tækifæri og stjórnvöld. Tækifæri eru skyndilegar ytri breytingar á högum samfélags og reyndar einnig ný sýn á þær aðstæður sem fyrir eru, eða m.ö.o. innri breytingar á högum samfélags. Tækifærin geta bæði orðið til góðs og ills. Dæmi um tækifæri eru iðnbyltingin, síðari heimstyrjöldin og tölvubyltingin sem allar veittu íslenska hagkerfinu tækifæri til þess að ná bættri samkeppnisstöðu. Aðrar breytingar gætu verið móðuharðindin en það voru skyndilegar neikvæðar „ytri breytingar“ sem rýrðu afkomumöguleika þjóðarinnar og samkeppnisstöðu hennar um leið.

Stjórnvöld hafa áhrif á samkeppnisstöðu þjóðar. Með ákvörðunum sínum geta stjórnvöld bæði stuðlað að því að samkeppnisstaða þjóðarinnar batni og versni. Það er ekki langt síðan að margir voru þeirrar skoðunar að bein afskipti hins opinbera af atvinnulífinu bætti samkeppnisstöðu þjóðarinnar. Nú eru menn almennt á því að óbein afskipti skili meiri árangri. Dæmi um óbein afskipti eru lagasetningar sem stuðla að eðlilegri samkeppni á sem flestum mörkuðum.

Þjóðardemanturinn gerir þó ráð fyrir að tækifæri og stjórnvöld hafi áhrif á samkeppnisstöðu samfélags í gegnum þættina fjóra.

Þegar samkeppnisstaða þjóðar hefur verið skilgreind er reynt að greina hvort klasar hafi myndast í kringum þær atvinnugreinar sem þjóðin hefur samkeppnisforskot í. Talað er um lóðréttá og láréttá klösun. Lárétt klösun landsvæðis fjallar um mismunandi vinnslustig atvinnugreinar, þ.e. þegar kaupendur og birgjar eru til staðar. Dæmi um þetta eru fiskveiðar, fiskmarkaðir, fiskvinnsla í millistigsvinnslu og síðan í neytendapakkningu. Sé að finna fyrirtæki á þessum vinnslustigum á einum stað er lárétt klösun fyrir hendi. Þegar skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar eru líka til staðar tölum við um lóðréttá klösun. Fiskiðnaðarskóli, rannsóknarstofnanir og sölusamtök eru dæmi um lóðréttá klösun í fiskiðnaði.

Þó Porter noti þetta líkan til þess að greina samkeppnisstöðu þjóðar þá getur hann þess einnig að líkanið sé ágætt til þess að greina samkeppnisstöðu einstakra landshluta eða svæða<sup>15</sup>.

Á grundvelli þessarar greiningar má þróa skynsamlega og vel ígrundaða atvinnustefnu fyrir tiltekna þjóð eða land. Atvinnustefnan byggir á samkeppnisstöðu sem þjóðin býr þegar yfir og getur sótt fram í klösum tengdum þeim atvinnugreinum. SVÓT – greiningin sem fer fram hér á eftir er unnin út frá Demantslíkani Porters. Þegar staða atvinnulífsins er metin eru það styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri landshlutans út frá samkeppnistöðu þeirra. Mat búsetuskilyrða og almennra þátta lýtur hefðbundinni meðhöndlun SVÓT greiningar.

## **Styrkleikar og veikleikar Vesturlands**

**Mannfjöldapróun** hefur verið nokkuð hagstæð á nánast öllu Vesturlandi síðustu 10 ár. Í Döllum hefur þróunin hins vegar verið neikvæð. Á Snæfellsnesi hefur þróunin verið frekar jákvæð jafnvel þó hún hafi verið frekar neikvæð í Stykkishólmi frá 2002 eftir hrun hörpuskelsstofns við Breiðafjörð og í Snæfellsbæ sem er að hluta til rakin til strjálbýlis<sup>16</sup> á sunnanverðu nesinu. Almennt má segja að þau sveitarfélög sem byggjast upp á strjálbýli hafi verið með neikvæða mannfjöldapróun. Sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar eru undantekningar sem rekja má til vaxandi stóriðju.

<sup>15</sup> Porter, M.E. (1990) *The Competitive Advantage of Nations*: 158.

<sup>16</sup> Skilgreining: Strjálbýli er landsvæði sem eingöngu er samsett af sveitabæjum. Dreifbýli er landsvæði sem samsett er af bæjum og sveitabæjum.

Tafla 5: Styrkleikar Vesturlands.

	Vesturland	Akranessvæði	Borgarfjarðarsv.	Snæfellsnes	Dalabyggð
Almennt					
• Mannfjöldapróun	X	X	X	X	
• Menntun	X				
Búsetuskilyrði					
• Nálægð við höfuðborgarsvæðið	X	X	X		
• Þjónustustig	X	X	X		
• Aðgengi að vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins	X	X	X		
• Vegakerfi innan svæðis	X	X	X	X	X
• Vegakerfi til annarra svæða	X	X	X	X	X
• Fjarskiptakerfi, nettengingar, farsími o.þ.h.	X	X	X		
Atvinnulíf					
• Ferðapjónusta	X	X	X	X	X
• Iðnaður	X	X	X	X	
• Matvælaíðnaður					X
• Útgerð	X	X		X	
• Þekkingarstarfsemi	X	X	X		

SSV, þróun og ráðgjöf

**Kynjahalli** á Vesturlandi er of mikill. Þar vantar konur og eru vísbendingar um að þeim fækki í hlutfalli við karla nema einna síst á Borgarfjarðarsvæði. Háskólasamfélagið vinnur með því svæði að þessu leyti. Mikill vöxtur á Grundartanga virðist ekki vinna með Akranessvæði að þessu leyti því atvinnutækifærum fyrir konur virðist ekki fjölga jafn hratt og karla.

**Aldursamsetning** er óhagstæð. Þar hallar verulega á ungt fólk, einkum á aldursbilinu 30-40 ára.

**Menntunarstig** er óvenju hátt á Vesturlandi þegar horft er til háskólamenntunar, en 10,5% Vestlendinga á aldrinum 16-74 ára hafa lokið háskólamenntun. Þetta hlutfall er hærra aðeins á tveimur öðrum landsvæðum. Þarna munar eflaust verulega um nálægð tveggja háskóla. Þá er menntunarstig einnig veikleiki á Vesturlandi en það er óvenju lágt þegar horft er til framhaldsskólamenntunar. Eingöngu 23,8% Vestlendinga á aldrinum 16-74 ára hafa lokið framhaldsskólamenntun. Þetta hlutfall er lægra á aðeins einu öðru landsvæði.

**Nálægð við höfuðborgarsvæðið** er einn af megin styrkleikum Vesturlands. Nálægð við höfuðborgarsvæðið auðveldar Vestlendingum að sækja þangað vinnu og þjónustu sem er nauðsynlegur möguleiki eftir því sem menntunarstig hækkar og kröfur almennings til þjónustu fara vaxandi. Akranessvæði og Borgarfjarðarsvæði liggja næst en Snæfellsnes og Dalabyggð eru fjær. Yfir helmingur Vestlendinga býr innan 1 klst. ferðatíma frá höfuðborgarsvæðinu en ferðatími er aðeins rúmir 2 tímar af þeim svæðum Vesturlands sem eru fjærst höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 6: Veikleikar Vesturlands.

	Vesturland	Akranessvæði	Borgarfjarðarsv.	Snæfellsnes	Dalabyggð
Almennt					
• Mannfjöldapróun					X
• Kynjahalli	X	X		X	X
• Aldurssamsetning	X	X	X		X
• Menntun	X				
Atvinnulíf					
• Ferðapjónusta		X			X
• Matvælaíðnaður	X	X	X	X	

SSV, þróun og ráðgjöf

**Þjónustustig** á Vesturlandi er almennt gott, bæði hvað varðar opinbera og almenna þjónustu. Lágvöruverðsverslun og framhaldsskóli í Döllum eru skýrustu dæmi um þjónustu sem vantar þar í

samanburði við önnur svæði á Vesturlandi. Á Akranesi hafa komið fram áhyggjur varðandi fækkun sérvörverslana, trúlega vegna góðs aðgengis Akurnesinga að höfuðborgarsvæðinu eftir að Hvalfjarðargöngin opnuðu og verður því vart talinn galli. Þjónustustig virðist hækka eftir því sem frístundabyggð svæðis eflist og er því einna hæst á Borgarfjarðarsvæðinu miðað við höfðatölu.

**Aðgengi að vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins** er best af Akranessvæði vegna vegalengdarinnar og nýlegrar aðkomu SVFR að almenningsamgöngum þangað. Samkvæmt nýlegri rannsókn sækja um 10% starfandi Akurnesinga vinnu á höfuðborgarsvæðið og um 6% Borgnesinga. Þetta hlutfall lækkar á Vesturlandi eftir því sem fjær dregur.

**Vegakerfi** innan Vesturlands er nokkuð gott. Mikið átak hefur verið gert á undanförunum 5-10 árum. Nánast allir tengivegir eru lagðir bundnu slitlagi. Vegakerfi til annarra svæða er nokkuð gott og hefur farið batnandi á undanförunum árum.

**Fjarskiptakerfi** er með nokkrum ágætum á Vesturlandi. Í öllum þorpum og bæjum á Vesturland eru ADSL tengingar og VDSL tenging á norðanverðu Snæfellsnesi, en í strjálbýli er þetta mjög misjafnt. Þessar tengingar er víða að finna í strjálbýli Akranessvæðis og Borgarfjarðar en á Snæfellsnesi og í Dölum er það nánast undantekning.

**Ferðaþjónusta** er yfirleitt vel uppbyggð á Vesturlandi. Fjöldi fyrirtækja er í ferðaþjónustu og tengdum greinum á öllum svæðum. Helst hallar á gisti- og ráðstefnumöguleika á Akranesi og í Dölum eru fæstir afþreyingarmöguleikar fyrir ferðamenn.

**Iðnaður** hefur verið öflugur á Vesturlandi. Nábylið við öflugan sjávarútveg og landbúnað hefur haldið iðnfyrirtækjum við efnið og er nú svo komið að sum þeirra eru farin að fást við framleiðslu á hátæknivörum eða vörum með sérstakri hönnun. Dæmi um það má finna bæði á Akranesi og í Stykkishólmi. Vægi byggingar- og málmíðnaðar hefur aukist á Vesturlandi vegna nálægðar við hratt vaxandi höfuðborg, frístundabyggð og iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Stærsta vandamál iðnaðar á Vesturlandi er skortur á vinnuafli. Það hefur verið leyst með því leita til erlendra aðila en það dugar ekki til.

**Matvælaíðnaður** á Vesturlandi er mjög misjafnlega staddur. Þrátt fyrir almennt góðar ytri aðstæður hefur fyrirtækjum í matvælaíðnaði fækkað á öllum svæðum nema einna helst í Dölum.

Á Snæfellsnesi hefur fyrirtækjum í landvinnslu fækkað sem að nokkru leyti verður útskýrt með hruni á hörpuskelsstofni við Breiðafjörð en alls ekki að öllu leyti því hráefnisframboð hefur verið nokkuð stöðugt í öðrum tegundum. Tilraun með framleiðslu á fiskréttum bar ekki árangur. Í Borgarfirði hefur dregið verulega úr umsvifum í kjötvinnslu og vinnslu mjólkurafurða var hætt 1995. Þar er að finna vísbendingar um viðsnúning og má þar m.a. nefna vaxandi fyrirtæki í vingerð og annað sem framleiðir fiskrétti.

**Útgerð** er öflug á Snæfellsnesi og Akranesi. Fjöldi aðila í smábátaútgerð hefur vaxið einna mest en stutt siglingaleið er af öflugum fiskimiðum. Mikið er um fyrirtæki sem tengjast útgerðinni. Öflugir fiskmarkaðir eru á svæðinu.

**Þekkingarstarfsemi** hefur vaxið mikið á Vesturlandi. Þetta er einkum áberandi í Borgarfirði og nokkuð á Akranessvæði. Þarna munar mikið um nálægð við tvo mjög öfluga og hratt vaxandi háskóla í Borgarfirði. Ekki verður vart við miklar breytingar á hinum svæðunum tveimur.

## Ógnanir og tækifæri Vesturlands

**Mannfjöldapróun** hefur verið jákvæð á Vesturlandi, en ekki eins jákvæð og hún gæti verið miðað við búsetuskilyrði og fjölbreytni atvinnulífs sem þar er að finna. Í landshlutum, sem hvorki státa af eins öflugum háskólasamfélagi né iðnaði, hefur verið meiri íbúafjölgun en á Vesturlandi. Í Dölunum hefur mannfjöldi dregist mikið saman. Þar sem Vesturland býr yfir vaxandi atvinnugreinum, góðum búsetuskilyrðum og er vel tengt innbyrðis svo og til annarra nálæggra byggðakjarna virðist Vesturland aðallega skorta kynningu út á við og jafnvel inn á við. Vesturland ætti að eiga auðvelt með hagnast á ímyndarkynningu.

**Kynjahalli** á Vesturlandi ætti að geta lagast á næstu árum. Hann er orðinn mjög mikill í Dölum og óeðlilega mikill á Akranes- og Borgarfjarðarsvæði vegna nálægðar þess fyrri við höfuðborgarsvæðið og tilvistar öflugra háskóla á því seinna. Kynjahalli gæti lagast á Vesturlandi þar sem vísbendingar

eru fyrir því að konur flytjast, í samanburði við karla, í ríkara mæli frá höfuðborgarsvæðinu til Reykjaness og Suðurlands. Ekki er vitað hvers vegna sambærilegar vísbendingar er ekki að finna á Vesturlandi en ímyndarvinna í kjölfar rannsóknar á þessari stöðu er trúlega tækifæri fyrir Vestlendinga.

**Aukin sókn Íslendinga í háskólamenntun** er mikið tækifæri fyrir Vesturland. Þar sem Vesturland státtar af tveimur öflugum háskólum og þremur framhaldsskólum mun stórauðinn áhugi hérlendis fyrir háskólamenntun vera gullíð tækifæri fyrir svæðið.

**Andborgarmyndun** getur fært Vesturlandi fleiri íbúa. Ýmsar vísbendingar eru fyrir því að andborgarmyndun eigi sér stað á Íslandi<sup>17</sup>, en andborgarmyndun er þróun þar sem ákveðinn þjóðfélagshópur flyst úr borg í næsta dreifbýli<sup>18</sup>. Þetta er tækifæri sem Vesturland gæti notið. Það er hugsanlegt að forsvarsaðilar sveitarfélaga gætu nýtt sér slíkan meðbyr með því að höfða markvisst til viðkomandi þjóðfélagshóps.

**Nálægð við höfuðborgarsvæðið** felur í sér tækifæri fyrir Vesturland. Þróun sem kennd hefur verið við andborgarmyndun og birtist hérlendis m.a. í tvöfaldri (jafnvel margfaldri) búsetu færast í aukana og hefur átt sér stað erlendis í um 120 km. ríðius frá stórum borgum. Þetta færir Vesturlandi sem og öðrum nálægum landsvæðum tækifæri til að bjóða fólki sem starfar á höfuðborgarsvæðinu búsetu í friðsömu og fjölskylduvænu umhverfi.

**Þjónustustig** á Vesturlandi er almennt gott eins og fyrr sagði en tækifæri felast í nýstofnuðum framhaldsskólum á Snæfellsnesi og Borgarfjarðarsvæði. Þess utan felast tækifæri í hratt vaxandi frístundabyggð á öllu Vesturlandi sem augljóslega virðist styðja við þjónustu á borð við mat- og sérvöruverslun. Hlúa þarf vel að þessum fjöreggjum Vesturlands.

Tafla 7: Tækifæri Vesturlands

	Vesturland	Akrannessvæði	Borgarfjarðarsv.	Snæfellsnes	Dalabyggð
Almennt					
• Mannfjöldapróun	X	X	X	X	X
• Kynjahalli	X	X	X	X	X
• Aukin sókn í háskólanám	X	X	X	X	X
• Andborgarmyndun	X	X	X	X	X
Búsetuskilyrði					
• Nálægð við höfuðborgarsvæðið	X	X	X		
• Þjónustustig	X	X	X	X	X
• Aðgengi að vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins	X	X	X	X	X
• Vegakerfi innan svæðis	X	X	X	X	X
• Vegakerfi til annarra svæða	X	X	X	X	X
• Fjarskiptakerfi, nettengingar, farsími o.þ.h.	X	X	X	X	X
• Samgöngur og fjarskiptakerfi	X	X	X	X	X
Atvinnulíf					
• Ferðaþjónusta	X	X	X	X	X
• Iðnaður	X	X	X	X	
• Matvælaíðnaður	X	X	X	X	X
• Útgerð	X	X	X	X	
• Þekkingarstarfsemi	X	X	X	X	X

SSV, þróun og ráðgjöf

**Aðgengi að vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins** er tækifæri bæði fyrir Vesturland og höfuðborgarsvæðið. Fækkun á hvers kyns hindrunum á vinnumarkaði landsins stuðlar að aukinni samkeppni og sérhæfingu með tilheyrandi ábata fyrir allt samfélagið. Þau skref sem hingað til hafa verið tekin í þessa átt hafa skilað tilætluðum árangri. Þess vegna liggja tækifæri í frekari samgöngubótum á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins.

<sup>17</sup> Vífill Karlsson (2004) Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi.

<sup>18</sup> Dahms F. And McComb J. (1999) 'Counterurbanization', interaction and functional change in a rural amenity area — A Canadian example; Mitchell, C.J.A. (2004) Making sense of counterurbanization.

**Vegakerfi innan Vesturlands** er gott en ennþá leynast tækifæri í endurbótum. Tækifæri eru fyrir öll svæði en einkum Borgarfjarðarsvæði og Akranessvæði í þverun Grunnafjarðar. Einnig liggja tækifæri fyrir Snæfellsnes og Dali í lagfæringu á vegi um Skógarströnd.

**Vegakerfi til annarra svæða** en höfuðborgarsvæðisins er nokkuð gott en möguleikar felast í bættum tengingum við Suðurland um Uxahryggjaleið. Ögnun gagnvart verslun og þjónustu felst í hálendisvegi til Eyjafjarðar. Tækifæri felast í betri tengingu við Vestfirði um Barðaströnd fyrir verslun og þjónustu í Dölum.

**Fjarskiptakerfi** er grundvöllur nútíma samfélags. Því felast mikil tækifæri í dreif- og strjálbýli sem hefur vel búið fjarskiptakerfi sem hæfir kröfum nútímans. Fjarskiptakerfi er undirstaða þekkingarstarfsemi sem og kröfum nútíma heimilis um flutning á ýmsu afþreyingarefni. Eins og kemur fram í mörgum rannsóknum og skýrslum<sup>19</sup> munu bætt samgöngu- og einkum fjarskiptakerfi samfara hækjandi menntunarstigi almennings stuðla að frekari andborgarmyndun. Þetta á sér stað vegna þess að sá hái þröskuldur vinnumarkaðarins sem fjarlægður hefur verið mun lækka vegna stórbættra samgöngu- og fjarskiptakerfa. Þetta mun einkum gagnast þeim svæðum sem eru í u.þ.b. 100-150 km fjarlægð frá sterkum kjarna eins og höfuðborgarsvæðinu og ef til vill Akureyri.

**Búferlafilutningar** úr sveit í borg munu ennþá ógna ákveðnum svæðum á Vesturlandi (Tafla 8). Það eru svæði þar sem þjónusta og þekkingarstarfsemi auka ekki vægi sitt á kostnað frumvinnslugreina. Undirrót þessarar langvarandi þróunar á heimsvísu felst einkum í tæknivæðingu frumvinnslugreina ásamt takmarkaðra vaxtamöguleika og þar með sífellt minni þörf fyrir vinnuafli samhliða aukinni vinnuafliþörf í þjónustu og þekkingarstarfsemi. Þar sem frumvinnslugreinar vega þungt í atvinnulífi dreifbýlis og þjónusta og þekkingarstarfsemi í atvinnulífi þéttbýlis hefur þróunin orðið eins og raun ber vitni. Vissulega eru fleiri ástæður fyrir þessari byggðaþróun en staða og vægi frumvinnslugreina hefur mikið að segja<sup>20</sup>. Þetta á sérstaklega við um landbúnað þar sem mikil endurskipulagning stendur enn fyrir dyrum, en á síður við um sjávarútveg þar sem mikil endurskipulagning hefur þegar farið fram.

**Ferðabjónusta** á að geta átt bjarta framtíð fyrir sér á Vesturlandi sé rétt að málum staðið. Með því að tengja ferðabjónustuna við það athyglisverðasta sem er að gerast á Vesturlandi og hefur verið að gerast þar á að vera hægt að bjóða upp á alveg sér vestlenskan kima í ferðabjónustu. Tenging við sagnaarf og atvinnulíf fyrr og nú getur alið af sér menningar, mennta og atvinnulífs ferðamennsku af einstökum toga sem, jafnvel þó aðrir landshlutar fari eftir sömu hugmynd, býður upp á eitthvað alveg sérstakt á Vesturlandi sem og í hverjum landshluta. Þróun á upplýsingaskrifstofu sem starfrækt hefur verið á Vesturlandi (UKV) yfir í sameiginlega markaðsstofu er liður í því. Skráning á náttúrunýtingu á Vesturlandi: Fuglaskoðun, veiðar, tínslu svo eitthvað sé nefnt.

**Matvælaíðnaður** á sér langa sögu á Vesturlandi eins og víða á landsbyggðinni sem kemur einfaldlega til af nálægð við frjósöm ræktarlönd, gjöful fiskimið og annað sem náttúran hefur upp á að bjóða. Framan af 20. öldinni var meiri áhersla á magn en gæði í uppbyggingu fyrirtækja í matvælaíðnaði. Aukin þekking á lífríki og náttúru landsins, samhliða breyttum kröfum neytenda, hefur skapað fleiri tækifæri í vöruþróun, gæðum og ímynd, en magni eins og áður var. Við slíkar aðstæður geta verið tækifæri fólgin í að hlúa að heimamarkaðnum þó lítil sé, vera í góðum tengslum við fyrirtæki í þekkingarstarfsemi, háskóla og rannsóknastofnanir.

Eins og áður sagði þá hefur matvælaíðnaður veikt á öllum svæðum nema í Dölum. Viss ógn vofir yfir landvinnslu bæði á Snæfellsnesi og Akranesi. Tækifæri geta falist í því að rannsaka skilyrði þessarar atvinnugreinar þar.

Í Borgarfirði hefur átt sér stað veruleg endurskipulagning á sviði matvælaíðnaðar sem er að skila árangri þó þessi atvinnugrein sé mun umfangsminni en hún var, en að sama skapi fjölbreyttari.

Í Dölum hefur náðst árangur í mjólkurvinnslu og fleiri tækifæri geta falist í úrvinnslu landbúnaðarafurða. Á þessu svæði geta einnig falist tækifæri í sveigjanlegri reglugerðum sem gera bændum kleift að fullvinna einhverjar afurðir heima og byggja upp eigið vörumerki eins og framleiðslu á ostum, sultum, vínnum líkt og þekkest í nágrennalöndum okkar.

<sup>19</sup> Vífill Karlsson (2004) Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi; Banister, D. & J. Berechman (2000) *Transport Investment and Economic Development*.

<sup>20</sup> Íðnaðar- og viðskiptaráðuneytið (2005) Landfræðilegt lítróf íslenska fasteignamarkaðarins: Ástæður mismunandi þróunar fasteignaverðs eftir kjördæmum landsins.



Komið hefur fram í ýmsum rannsóknum að nálægð við útflutningshöfn sé æskileg fyrirtækjum í matvælaíðnaði. Stofnun Faxaflóahafna og hugmyndir um útflutningshöfn og frystihótel í Grundarfirði eru því tækifæri fyrir þessa atvinnugrein á Vesturlandi.

Óhentugt flutningakerfi er ógnun við landvinnslu á Snæfellsnesi og jafnvel á Akranesi en margar starfsgreinar eru háðar greiðum flutningum á landi og er landvinnsla ein þeirra. Flutninganetið er veikt af tveimur ástæðum gagnvart Snæfellsnesi sérstaklega. Annars vegar er landvinnslan háð góðu aðgengi að hráefnismörkuðum. Aðgengi Snæfellinga gæti verið betra að fiskmörkuðum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi því afli sem keyptur er þaðan er í flestum tilfellum fluttur fyrst til Reykjavíkur og síðan út á Snæfellsnes til vinnslu í stað þess að flytja hann beina leið þangað. Þetta hækkar ekki bara flutningskostnaðinn um tugi prósentu heldur dregur úr gæðum hráefnisins. Hins vegar veldur fjarlægð frá útflutningshöfn auknum kostnaði.

Tafla 8: Ógnanir Vesturlands.

	Vesturland	Akranessvæði	Borgarfjarðarsv.	Snæfellsnes	Dalabyggð
Almennt					
• Mannfjöldapróun					X
• Kynjahalli					X
• Vegakerfi til annarra svæða					
• Búferlaflutningar	X		X	X	X
Atvinnulíf					
• Ferðapjónusta					
• Iðnaður	X	X	X	X	
• Matvælaíðnaður	X	X		X	
Starfsskilyrði atvinnulífs					
• Veikur gjaldmiðill	X	X	X	X	X

SSV, þróun og ráðgjöf

**Iðnaður** á Vesturlandi býr bæði við ógnanir og tækifæri. Skortur á vinnuafli samhliða stöðugt minni sókn Íslendinga í iðnnám er ógnun. Nálægð við öflugan framhaldsskóla á Akranesi (FVA) getur verið tækifæri sem hægt er að nýta til að snúa þessari stöðu við. Ef aðbúnaður til iðnnáms verður bættur við FVA aukast líkurnar á því að hæfileikaríkt ungt fólk velji þá leið.

**Útgerð** er öflug á Snæfellsnesi og Akranesi. Tækifæri geta legið í afleiddum og tengdum atvinnugreinum. Huga þarf betur að samþættingu hefðbundinnar útgerðar og ferðapjónustu þannig að kvátalausir bátar geti fengið nýtt hlutverk, eins og t.d. sjóstangaveiði eða skoðunarferðir á sjó. Einnig þarf að kanna alla möguleika á hvort það leynist ekki sérþekking í veiðiaðferðum og tækni sem selja mætti áfram í framleiðslu á tækjum eða ráðgjöf. Það er t.d. sérkennilegt að önglaverksmiðja hafi ekki þróast með einhverjum hætti við Breiðafjörð. Andvirði þess markaðar er í kringum 100 m.kr. á ári og varan kemur aðallega frá Noregi. **Þekkingarstarfsemi** á mikla möguleika á Vesturlandi með tvo háskóla á svæðinu og þrjá framhaldsskóla. En betur má ef duga skal. Tækifæri í aukinni þekkingarstarfsemi felast í öflugu og víðfeðmu neti slíkra fyrirtækja. Það má gera m.a. með stofnun þekkingarsetra og tengingu þeirra á milli.

**Of smár gjaldmiðill.** Ein helsta ógnun við atvinnulíf á svæðinu, er óstöðugt rekstrarumhverfi sem fram kemur í miklum gengissveiflum og háum vöxtum. Fram hefur komið að íslenska gjaldeyriskerfið sé það allra smæsta í heimi með sjálfstæðan fljótandi (markaðsskráðan) gjaldmiðil og líklegt er að smæð þess magni upp allar gengissveiflur og vexti hér á landi langt umfram það sem eðlilegt er og ella væri, ef gjaldeyriskerfið væri hluti af stærra gjaldeyriskerfi. Slíkar sveiflur skaða verulega atvinnugreinar sem standa í alþjóðlegri samkeppni. Óvenju hátt hlutfall atvinnugreina á Vesturlandi í samanburði við aðra landshluta eru í þessari stöðu. Þar má nefna fiskveiðar, fiskvinnslu, ferðapjónustu og ýmsar greinar í verslun og þjónustu sem eru háðar komu ferðamanna.

Smæð gjaldeyriskerfisins kann að valda því að gengi krónunnar er afar óstöðugt og viðkvæmt fyrir innlendum sem erlendum áhrifum, og magnar af þeim sökum upp allar sveiflur og áhrif langt umfram

það er eðlilegt er (sveiflumagnari), sem um leið eykur áhættu alls gjaldeyris- og fjármálakerfisins. Dæmi um þetta má m.a. sjá á gengisþróun í tengslum við einstaka innlendar framkvæmdir sem og við kaup erlendra aðila á íslenskum skuldabréfum, þar sem tiltölulega litlar fjárhæðir í alþjóðlegum samanburði hafa mikil áhrif á gengisþróun krónunnar. Einstaka erlendar skýrslur og fréttir virðast einnig geta haft veruleg áhrif á gengið.<sup>22</sup>

Bera mætti hið smá íslenska gjaldeyriskerfi (eins og hverfi eða gata í stórborg) saman við stærri gjaldeyriskerfi – við lítinn bát og stórskip á sjó, þar sem báturinn er á sífelldri hreyfingu hvort sem það stafar af hreyfingum innan bátsins eða öldum utan hans, á meðan stærri skip hreyfast ekki í sambærilegum tilfellum. Starfsskilyrði atvinnulífsins eru því stöðug hvað þetta varðar í stóru skipi, á meðan ríkja miklar sveiflur í hinum smáa bát á úthöfum alþjóðlegs fjármálamarkaðar, með samsvarandi aukinni áhættu og kostnaði.

Þessar gengissveiflur og háir vextir kosta einstaklinga og atvinnulíf miklar fjárhæðir og skaða um leið samkeppnishæfni, hagþróun og lífskjör. Slíkar sveiflur skaða meira landsbyggð eins og t.d. Norðurland vestra til skemmri tíma, þar sem hærra hlutfall útflutnings- og samkeppnisgreina er á þeim svæðum en á höfuðborgarsvæðinu, eins og bent er á í nýlegri skýrslu um fasteignamarkaðinn.<sup>23 24</sup>

---

<sup>22</sup> Útkoma skýrslu Fitch Rating um lánsþæfismat Íslands 21. feb. 2006 og mikið fall krónunnar í kjölfarið, sem og fl. skýrslur.

<sup>23</sup> Landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins (bls. 6, 9, 11, 24), lönaðar- og viðskiptaráðuneytið 2005, sjá vefslóð, <http://www.idnarraduneyti.is/utgefing-efni/skyrslur/nr/1754>

<sup>24</sup> Vaxtarsamningur Suðurlands, lönaðar- og viðskiptaráðuneytið, apríl 2006.

## VIII. Einstaka tillögur

### Samgöngur

Aukin alþjóðavæðing og aukin samkeppni krefst í auknum mæli samkeppnishæfra starfsskilyrða fyrir atvinnulíf – m.a. hvað innri gerð þjóðfélagsins varðar s.s. varðandi greiðfærar samgöngur allt árið um kring innan sem og á milli þéttbýliskjarna og til hinna einstöku landshluta. Staðsetning útflutningshafna og alþjóðaflugvalla dregur taum þeirra svæða sem eru í nágrenni þeirra og vinnur þar með að nokkru leyti óhjákvæmilega gegn landfræðilegri dreifingu atvinnugreinar s.s. fiskvinnslu.

Þessi áhrif hafa orðið sterkari á síðari árum eftir því sem sérhæfing í fiskvinnslu og áhersla á ferskfiskmarkað hefur aukist. Með auknum landflutningum hafa vegir mun meiri áhrif á samkeppnishæfni svæða en áður og því afar mikilvægt að til staðar séu góðar heilsársamgöngur til hinna einstöku svæða.

Skýr áhrif bættra samgangna má t.d. sjá af áhrifum Hvalfjarðarganga sem stuðlað hafa að verulegri hækkun fasteignaverðs á Vesturlandi. Ávinningur góðra samgangna er ekki bara ávinningur íbúa viðkomandi svæðis, heldur og ekki síður allra þeirra sem um það svæði fara, íbúa þéttbýlis sem dreifbýlis.

Auknir landflutningar og mikil og vaxandi ferðaþjónusta um allt land gerir á sama tíma kröfur um “samkeppnishæfa” heilsársvegi til og innan hinna einstöku svæða. Skilvirkt samgöngukerfi er því ein af meginforsendum fyrir samkeppnishæfu atvinnulífi sem og hagvexti viðkomandi svæða og þar með landsins alls.

Mikilvægi samgangna hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum og kemur þar margt til, stóru auknir vöruflutningar, fjölgun ferðamanna, stækkun atvinnusvæða o.fl. Atvinnulífið hefur breyst verulega og krefst þess að möguleikar á að fara á milli staða með skjótum og öruggum hætti séu fyrir hendi. Einnig er augljóst að góðar samgöngur hafa mikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu og mikilvægt er að verja fjármunum til að bæta samgöngur til staða sem gegna mikilvægu efnahagslegu hlutverki fyrir þjóðfélagið í heild.

Þá eru úrbætur í samgöngumálum ekki síst mikilvægar til að tryggja aukið umferðaröryggi. Samgönguframkvæmdir eru þegar á heildina er litið hagkvæmar fyrir þjóðfélagið og draga, þegar allt kemur til alls, úr rekstrarútgjöldum hins opinbera, fyrirtækja og almennings.

Með hliðsjón af því gríðarlega aukna álagi sem færsla á vöruflutningum af sjó á land hafði, vakna oft spurningar um hvort fjárveitingar til samgöngumála, hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli, endurspeglir þetta gríðarlega aukna álag af vöruflutningum, aukinni bifreiðaeign sem og ferðamannastraumi. Þetta verulega aukna álag kemur m.a. skýrt fram í umferð til Vesturlands frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem Vesturland er í mörgum tilvikum eins og úthverfi höfuðborgarsvæðisins. Tillögur nefndarinnar endurspeglar þessar áherslur og þróun.

---

## 1. Samgöngubætur á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins

### Tillaga

Vegasamband á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins verði bætt eins fljótt og unnt er í samræmi við breytta byggðaðþróun og aukið umferðarálag og skipulag á svæðinu.

### Markmið

Auðvelda samskipti landshlutanna með bættum samgöngum í takt við hraða útvíkkun stórhöfuðborgarsvæðisins.

### Leiðir

1. Vegtenging frá Sæbraut yfir Elliðavog.
2. Vegur með ströndinni að Kollafirði.
3. Vegtenging yfir Kollafjörð.
4. Tvöföldun vegarins um Kjalarnes.
5. Tvöföldun Hvalfjarðarganga í einum eða tveimur áföngum.
6. Vegur vestan Hvalfjarðarganga 2+1 upp í Bifröst.
7. Þverun Grunnafjarðar.
8. Færsla þjóðveggar 1 út fyrir byggðina í Borgarnesi.

### Rök

Frá opnun Hvalfjarðarganganna hefur umferð rúmlega þrefaldast um Hvalfjörðinn. Stofnun Faxaflóahafna mun án efa stuðla að miklum vexti á Grundartanga sem þegar hefur orðið allnokkur af öðrum óskyldum ástæðum. Þetta má sjá á mikilli aukningu skipakoma. Sú þróun mun auka ferðatíðni þungra flutningatækja á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins. Vöxtur háskólanna í Borgarfirði, ásamt hratt vaxandi frístundabyggð, stuðlar einnig að auknum umferðarþunga á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins. Af þessum sökum þarf að fylgja þróuninni eftir með endurhönnun og byggingu umferðarmannvirkja á milli svæðanna.

Samgöngur eru ein megin forsenda fyrir samkeppnishæfu samfélagi í viðum skilningi. Með góðum samgöngum er atvinnugreinum skapað skilyrði til vaxtar með góðu aðgengi að sérhæfðri og almennri þjónustu. Með nýrri og breyttri heimsmýnd þar sem ferða- og flutningstími styttest, mun sérhæfing skera úr um samkeppnishæfni fyrirtækja. Aukin sérhæfing kallar á aðgengi að fjölbreyttri sérhæfðri þjónustu sem í mörgum tilfellum er ekki að finna heima í héraði. Góðar samgöngur, ásamt öflugum fjarskiptakerfi, verða því megin forsendur fyrir vexti slíkra fyrirtækja.

Samgöngur eru einnig megin forsenda búsetu. Íbúar í dreifbýli landsins sækja þjónustu og jafnvel vinnu bæði til höfuðborgarsvæðisins og nágrennabyggðarlaga. Þess vegna eru samgöngur mikilvægar íbúum landsins með beinum og óbeinum hætti.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Samgönguráðuneytið, Vegagerðin og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

## **2. Tilraunaverkefni um safn- og tengivegi**

### **Tillaga**

Samgöngur á Vesturlandi verði eflar með því að setja á stofn tilraunaverkefni sveitarfélaga á Vesturlandi annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar. Tilraunaverkefnið felst í því að fela sveitarstjórnnum að stýra skiptingu fjármagns til viðhalds og nýframkvæmda safn- og tengivega í landshlutanum. Jafnframt verði lagt meira fjármagn í uppbyggingu þessara vega.

### **Markmið**

Að auka skilvirkni þess fjár sem ætlað er til viðhalds vega og bæta vegakerfið í landshlutanum og auka þannig áhrif sveitarfélaga á stjórnun verkefna og vegabóta á svæðinu.

### **Rök**

Með því að fela sveitarstjórn að skipta fjármagni til vegagerðar er ábyrgðin færð nær notendum vegakerfisins og vænta má betri nýtingar fjárins. Auk þess má búast við betri vitund sveitarstjórna og skipulagsyfirlvalda í heimahéraði um vegakerfið, en stundum hefur borið á því að skipulag taki ekki nægilegt tillit til vegakerfisins.

### **Tillaga að ábyrgðaraðilum**

Samgönguráðuneytið, Vegagerðin og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

### **Tímaáætlun**

2006-2009.

### **Kostnaðaráætlun**

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

### 3. Aukið fjármagn til safn- og tengivega

#### Tillaga

Lagt er til að meira fjármagn verði lagt í safnvegi, tengivegi og styrkvegi, auk þess sem viðhaldi á því vegakerfi sem þegar hefur verið byggt upp verði sinnt áfram.

#### Markmið

Að styrkja enn frekar búsetuskilyrði á Vesturlandi en góðar samgöngur eru lykilþáttur að bættum búsetuskilyrðum. Með þessu er einnig verið að styðja enn betur við ytri umgjörð atvinnulífsins en gott vegakerfi er ein af frumforsendum velgengni margra vaxtasprota og kjölfestna þess á Vesturlandi eins og ferðaþjónustu, hluta þekkingarstarfsemi, iðnaðar- og úrvinnslugreina sjávarútvegs og landbúnaðar. Umferð um vegi á Vesturlandi hefur aukist mikið á nýliðnum árum, en vegakerfið þarf að bæta.

#### Leiðir

1. Áfram verði unnið að uppbyggingu þjóðveggar 1 um Norðurárdal.
2. Áhersla verði lögð á að leggja bundið slitlag á helstu tengivegi á Vesturlandi.
3. Uppbyggingu þjóðveggar um Fróðárheiði verði lokið.
4. Vegur um Lundarreykjadal verði lagfærður.
5. Bundið slitlag verði lagt á veg um Skógarströnd.
6. Uppbyggingu á Skorradalsvegi verði haldið áfram.
7. Gatnamót Varmalands og Borgarfjarðarbrautar verði lagfærð.

#### Rök

Góðar samgöngur eru lykilatriði fyrir blómlega byggð á landsbyggðinni. Umferð um vegi á Vesturlandi hefur aukist mikið á nýliðnum árum, en umbætur á vegakerfinu ekki fylgt umferðaraukningunni fyllilega eftir.

#### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Samgönguráðuneytið og Vegagerðin.

#### Tímaáætlun

2006-2009.

#### Kostnaðaráætlun

Efri mörk kostnaðaráætlanna eru:

- |  |              |
|--|--------------|
| 1. Áfram verði unnið að uppbyggingu þjóðveggar 1 um Norðurárdal.                   | 430 m.kr.    |
| 2. Áhersla verði lögð á að leggja bundið slitlag á helstu tengivegi á Vesturlandi. | 14.000 m.kr. |
| 3. Uppbyggingu þjóðveggar um Fróðárheiði verði lokið.                              | 600 m.kr.    |
| 4. Vegur um Lundarreykjadal verði lagfærður.                                       | 300 m.kr.    |
| 5. Bundið slitlag verði lagt á veg um Skógarströnd.                                | 2.000 m.kr.  |
| 6. Uppbyggingu á Skorradalsvegi verði haldið áfram.                                | 250 m.kr.    |
| 7. Gatnamót Varmalands og Borgarfjarðarbrautar verði lagfærð.                      | 50 m.kr.     |

**Alls 17.630 m.kr.**

## Menntun og rannsóknir

Breyttar aðstæður, aukin alþjóðavæðing og opnun hagkerfa hefur á umliðnum árum aukið verulega samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, byggðum og svæðum um skilvirkni og árangur. Þetta á einnig við um kröfur til atvinnulífs og mannauðs í fyrirtækjum, svæðum sem löndum.

Þjóðfélög eru í óða önn að þróast í átt til enn frekari þekkingarhagkerfa, þar sem mannauður er lykilatriði í samkeppnishæfni, hagþróun og bættum lífskjörum. Þessi þróun krefst aukinnar áherslu á uppbyggingu mannauðs s.s. innan menntakerfis, ekki síst háskólamenntunar, eigi viðkomandi lönd og svæði að verða samkeppnishæf í verðmætum og lífskjörum.

Hjá stofnunum s.s. OECD má einnig sjá vaxandi umfjöllun um svæðisbundinn hagvöxt og þátt háskóla, rannsóknastofnana og samstarf þessara eininga við atvinnulífið, sem hlekk í samræmdri og skilvirkri hagþróun einstakra svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Í nýlegri skýrslu OECD<sup>25</sup>, koma áðurnefnd atriði skýrt fram þar sem m.a. er lögð áhersla á 3 atriði en þau eru :

1. *Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingarkjarnar.*
2. *Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.*
3. *Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana – klasar - aukið fjármagn aðila.*

Nýlega kom fram að Ísland á ekki háskóla á lista yfir 100 bestu háskóla í heimi og þykir mikilvægt að bæta þar úr vegna áðurnefndra atriða, en áherslur í háskólamálum eiga ekki síður við um einstök svæði.

Á Vesturlandi hafa 35,8% íbúa eingöngu lokið grunnskólaprófi á móti 25,5% á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar sem eingöngu hafa lokið grunnenntun er hæst á Norðurlandi vestra 45,1%. Íbúar á Vesturlandi sem lokið hafa framhaldsskólamenntun eru 23,8%, sem er lægra en í öðrum landshlutum. Hlutfall íbúa á Vesturlandi sem lokið hafa háskólamenntun er 10,5% á móti 17,8% á höfuðborgarsvæðinu. Tækifærin á Vesturlandi liggja því einkum í að efla framhalds- og háskólamenntun, enda afar mikilvægt að auka hlut háskólamenntunar á tímum alþjóðavæðingar, þar sem hagkerfi eru að þróast í átt að þekkingarþjóðfélögum.

Staða Vesturlands, hvað háskólamenntun varðar, er þannig að hlutfall háskólamenntaðra er innan við helmingur þess sem er á höfuðborgarsvæðinu, þó staða á öðrum sviðum menntunar sé betri.

Af fyrrgreindum ástæðum er talið afar mikilvægt að gera átak á sviði háskólamenntunar og rannsókna á Vesturlandi og taka ítarlegar tillögur mið af því.

<sup>25</sup> *Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD 2005*

## 4. Landbúnaðarháskóli Íslands

### Tillaga

Landbúnaðarháskóli Íslands verði gerður að leiðandi menntastofnun hérlendis í náttúrunýtingu.

### Markmið

Að efla fræðasvið náttúrunýtingar hérlendis með áherslu á landbúnað og lífvísindi, auk umhverfis- og skipulagsfræða.

### Leiðir

Helstu leiðir til þess að ná ofangreindu markmiði:

1. Skapa fleiri kosti til náms með nýjum námsbrautum til fyrstu háskólagráðu í náttúru- og umhverfisfræðum, skógfræði- og landgræðslu, skipulagsfræðum auk garðyrkju og hestafræði. Byggja enn frekar við nám til annarrar og þriðju háskólagráðu. Opna möguleika til fjarnáms á öllum brautum. Leggja í auknum mæli áherslu á nám sem hefur alþjóðlega skírskotun. Hlúa að starfsmenntanámi við Landbúnaðarháskóla Íslands með því að tengja það námi til stúdentsprófs m.a. hjá Menntaskóla Borgarfjarðar.
2. Efla rannsóknarstarf á m.a. eftirtöldum sviðum:
  - a. Viðskipta- og hagfræði náttúrunýtingar.
  - b. Landmótun, skipulag í dreifbýli og umhverfismál.
  - c. Kolefnisbúskapur, hnattrænar umhverfisbreytingar, jarðvegsvernd.
  - d. Sameindaerfðafræði og líftækni.
3. Byggja upp Hvanneyri sem fyrirmyndarþorp á landsvísu í umhverfismálum með fjölpættri skírskotun.
4. Byggja upp aðstöðu skólans á Hvanneyri með forgangsáherslu á fyrirlestasali, bókasafn og lesaðstöðu.

### Rök

Starfsfólk Landbúnaðarháskóla Íslands býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á þessu sviði og því hefur skólinn alla burði til að skipa sér í fremstu röð innan þessara fræða. Starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands snýst að stórum hluta um rannsóknir (60%) og er skólinn því vel í stakk búinn til að sinna nemendum í rannsóknartengdu námi og samþætta slíka eflingu á rannsóknum almennt á þessu sviði. Uppbygging á Hvanneyri sem fyrirmyndarþorps í umhverfismálum, auk almennrar uppbyggingar á staðnum, mun hafa gríðarleg áhrif á aðsókn fólks að svæðinu og er liður í því að skapa skólanum sterka ímynd á sviði náttúrunýtingar og umhverfisfræða.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Landbúnaðarháskóli Íslands, landbúnaðarráðuneytið, umhverfisráðuneytið, menntamálaráðuneytið, sveitarstjórnir á Vesturlandi, íbúar á Hvanneyri og ýmsir aðrir aðilar eftir atvikum.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.



## 5. Viðskiptaháskólinn á Bifröst

### Tillaga

Að Viðskiptaháskólinn á Bifröst bjóði upp á hæsta þjónustustig við nemendur og starfsmenn íslenskra háskóla og verði í fremstu röð hvað það varðar á alþjóðavísu.

### Markmið

Að háskólaþorpið á Bifröst verði miðstöð þekkingarsköpunar og þekkingarmiðlunar (rannsókna og kennslu) sem jafnist á við það besta sem gerist af svipaðri stærðargráðu í okkar heimshluta. Markmiðið er einnig að efla íslenska háskólamenntun og rannsóknir, samfélagi og atvinnulífi til heilla og að skólinn verði drifkraftur uppbyggingar atvinnulífs og lífsgæða í Borgarfirði og á Vesturlandi öllu.

### Leiðir

1. Að fjölga deildum við skólann og fara inn á ný svið, sérstaklega á sviði félags- og hugvísinda, kennslufræða og lista.
2. Að efla rannsóknir á ofangreindum sérsviðum og stofna um þau rannsóknarsetur sem sinni hagnýtum þjónusturannsóknum og grunnrannsóknum á sínum sviðum og skjóti styrkari stoðum undir nám við Viðskiptaháskólann á Bifröst.
3. Að byggja háskólaþorpið á Bifröst upp sem fyrsta flokks búsetukost hvað varðar þjónustu við íbúa og fjölskyldur. Það þýðir að efla þarf leikskólann á Bifröst enn frekar og byggja grunnskóla, auk íþrótt- og tómstundaaðstöðu fyrir íbúa.
4. Að bæta samgöngur við háskólaþorpið á Bifröst enn frekar, jafnvel með almenningsamgöngum og tengja starfsemi með þeim hætti betur við aðra starfsemi í Borgarfirði og á Vesturlandi.

### Rök

Ekkert hefur reynst heilladrýgra fyrir atvinnulíf og samfélag í Borgarfirði en uppbygging háskólanna í héraðinu, eins og rannsóknir sýna. Enda vilja nú flestir landshlutar fá til sín slíka starfsemi. Borgarfjörður og Vesturland hefur nú tækifæri til að ná afgerandi forystu í menntamálum á Íslandi og verða öndvegishérað á því sviði. Eins og dæmin erlendis sanna að þá eru úthrif af starfsemi háskóla gríðarleg og slík starfsemi er líkleg til að breyta héruðum þar sem vel tekst til á þeim sviðum í eftirsóttustu búsetusvæðin atvinnulífi og samfélagi til heilla.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Viðskiptaháskólinn á Bifröst, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, sveitarstjórnir á Vesturlandi og SSV – Þróun og ráðgjöf. Aðrir aðilar eftir atvikum.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

## 6. Þekkingarver Vesturlands

### Tillaga

Þekkingarver verði stofnað á Vesturlandi.

### Markmið

Þekkingarver er stofnun þar sem tvær eða fleiri rannsóknastofnanir eiga aðild að og ætlað er að stuðla að faglegum samskiptum þeirra í milli og vera samheiti þeirra (regnhlíf). Með uppbyggingu þekkingarvers er stefnt að því að skapa öflugt nýsköpunar-, frumkvöðla- og vísindaumhverfi sem færir viðkomandi stofnunum og fyrirtækjum á svæðinu samlegðaráhrif, sem yrði öllu samfélagi svæðisins til hagsbóta.

Fyrst um sinn verða allir aðilar netsins með sérstaka stjórn, en óformlegt samstarf sín á milli með sérstakri áherslu á að ná fram samlegðaráhrifum í þekkingu, búnaði og aðstöðu í þeim tilgangi að hámarka nýtingu fjármuna sem til ráðstöfunar eru.

### Rök

Tilgangur þekkingarversins er að efla vísindastarf og auka þekkingu á Vesturlandi með ákveðinni samhæfingu og samstarfi og stuðla að fjölbreytni atvinnulífs, sérstaklega á svæðum þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft. Það mun laða að ungt og menntað vinnuafli sem verður mikilvægasta auðlindin í þekkingarheimi framtíðarinnar og um leið styrkja stoðir hefðbundins atvinnulífs með auknum rannsóknum og aukinni þekkingu, bæta nýtingu og sjálfbærni auðlinda og efla með því hagsæld til lengri tíma lítið.

### Leiðir

Þekkingarver Vesturlands er net (netsamstarf) sex stofnana, setra og stofa:

1. Rannsóknarsetur um lífríki sjávar.
2. Háskólasetur Snæfellsness.
3. Þekkingarmiðstöð Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.
4. Náttúrustofa Vesturlands.
5. Rafræn skráning á sjúkraskrá.
6. Þekkingarsetur á Akranesi.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

Sjá einstaka tillögur hér á eftir.

## 7. Rannsóknarsetur um lífríki sjávar í Breiðafirði

### Tillaga

Rannsóknir á lífríki sjávar í Breiðafirði verði auknar með tilkomu rannsóknarseturs.

### Markmið

Markmiðið er að auka rannsóknir á vistkerfi sjávar í víðasta skilningi, með megináherslu á vistkerfið í Breiðafirði í þeim tilgangi að auka þekkingu á vistkerfinu og að auka arðsemi nýtingar auðlindarinnar. Leitast verður við að svara spurningum sem gjarnan brenna á sjómönnum, fræðimönnum og leikmönnum og brúa þá gjá sem oft virðist vera á milli sjónarmiða þessara aðila og auka gagnkvæman skilning manna þar á.

### Leiðir

1. Safna saman ýmis konar rannsóknum sem fram hafa farið á lífríki Breiðafjarðar, þar sem það liggur ljóst fyrir að enginn hefur góða yfirsýn yfir þær rannsóknir og gagnagrunna tengda þeim. Þetta er gert til að setja fyrri rannsóknir í heildstæða mynd og gera þær mun aðgengilegri öðrum.
2. Að vinna skipulega að kortlagningu á sérstöðu lífríkis næstu 3 – 5 árin.

### Rök

Lög um verndun Breiðafjarðar eiga að stuðla að auknum rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar. Með tilkomu þessa rannsóknarseturs er lífríki sjávar sinnt sérstaklega, sem er mjög mikilvægt í ljósi þess að afkoma byggðanna við Breiðafjörð er verulega háð vexti og viðgengi fiskistofna og annarra sjávarlífvera sem þar eru og eru að nokkru staðbundið. Mikilla breytinga hefur orðið vart í Breiðafirði síðustu misseri og ár. Má þar nefna "hrun" hörpudisksstofnsins, færri síli, meira er um ufsa, ýsu og skötusel heldur en áður var svo eitthvað sé nefnt. Settar hafa verið fram tilgátur um að sjór hafi hlýnað og valdið þessum breytingum sem ekki er hægt að styðja sökum skorts á mælingum.

Alþjóðlega sérstöðu náttúru svæðisins má glögg sjá af því að fulltrúar 21 rannsóknastofnunar í löndum Evrópusambandsins hafa valið Breiðafjörð sem eitt 32 svæða og það eina á Íslandi, þar sem talið er sérstaklega heppilegt að stunda rannsóknir á líffræðilegum fjölbreytileika í sjó. Til að leggja enn fremur áherslu á sérstöðu Breiðafjarðar má benda á að rætt hefur verið um að gera Breiðafjörð að Ramsarsvæði<sup>26</sup> og jafnvel setja svæðið á heimsminjaskrá UNESCO.<sup>27</sup>

### Ábyrgðaraðilar

Hagsmunaaðilar, fyrirtæki, sveitarfélög og sjávarútvegsráðuneyti.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

143 m.kr.

<sup>26</sup> Ramsar samþykktin gengur út á verndun votlendis sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

<sup>27</sup> Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna (UNESCO) gerði árið 1972 samning um verndun menningar- og náttúruafleiðar heimsins. Árið 1995 gerðust Íslendingar aðilar að samningnum og Breiðafjörður er eitt þeirra svæða sem Íslendingar vilja tilnefna á heimsminjaskrá.

## 8. Háskólasetur Snæfellsness

### Tillaga

Háskólasetri Snæfellsness verði gert kleift að stunda rannsóknir á sjó- og vaðfuglum og þáttum er þeim tengjast.

### Markmið

Markmiðið er að efla rannsóknir og auka fjölbreytni á sviði náttúruvísinda á Vesturlandi. Með beinum tengslum við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vesturlands og samstarfi við aðrar rannsókn- og menntastofnanir hér á landi og erlendis opnast ný tækifæri í náttúrurannsóknum á Breiðafirði og Vesturlandi. Meginhlutverk háskólasetursins verður að stunda rannsóknir og að búa háskólanemum í rannsóknartengdu framhaldsnámi góða aðstöðu sem og að taka á mótí nemendahópum og kynna fyrir þeim starfsemi setursins og þau verkefni sem hafa verið unnin og verið er að vinna að hverju sinni. Auk þess verður þekkingu miðlað til stjórnvalda og heimamanna.

### Leiðir

- Ráðning starfsmanns í fullt stöðugildi til að stunda rannsóknir á sjó- og vaðfuglum og þáttum er þeim tengjast.

### Rök

Háskólasetrið er nýstofnað, en það er með aðal starfsstöð sína í Stykkishólmi í sama húsi og Náttúrustofa Vesturlands og Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða. Þar er lögð áhersla á rannsóknir og eflingu framhaldsnáms í náttúrufræðum við Háskóla Íslands með rannsóknum sérfræðinga og stúdenta á sérstæðri náttúru Breiðafjarða og Snæfellsness.

Öflugt háskólasetur Snæfellsness getur aukið þekkingu á náttúru Vesturlands og Breiðafjarða. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fyrir fuglalíf og er sérstaklega mikilvægt fyrir sjófugla, gæsir, vaðfugla og haförninn. Hvergi við Ísland finnast jafn fjölbreytt búsvæði lífvera í sjó eins og í Breiðafirði. Stór hluti lífauðugustu fjörugerða landsins finnst þarna í ríkum mæli; u.þ.b. 65% af klapparfjörum landsins eru við Breiðafjörð og 40% af leirum landsins. Tækifæri til rannsókna á fuglum og lífríki sjávar eru því einstök við Breiðafjörð. Þá er jarðfræði Snæfellsness einkar áhugaverð og fjölbreytt og býður upp á fjölda rannsókna. Með þessu háskólasetri verður aðgengi náttúruvísindamanna stórbætt að einstakri náttúru svæðisins, sem býður upp á ýmis sóknarfæri því tengt, bæði m.t.t. nýtingar auðlinda og aukinna umsvifa ferðaþjónustunnar. Stefnt er að nánú samstarfi fjölda stofnana á sviði náttúruvísinda hérlandis og erlendis og enn frekari eflingu starfseminnar.

### Ábyrgðaraðilar

Menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands, Stykkishólmsbær.

### Samstarfsaðilar

Náttúrustofa Vesturlands.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

29 m.kr.

## 9. Þekkingarmiðstöð þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

### Tillaga

Bætt verði aðgengi almennings að þjóðgarðinum Snæfellsjökli með stofnun þekkingarmiðstöðvar.

### Markmið

Markmiðið er að vernda náttúruna en einnig að gera hana aðgengilega og veita gestum fræðslu, ásamt því að hægt verði að efla náttúrutengda ferðaþjónustu án þess að náttúran hljóti skaða af. Jafnframt er markmiðið að lengja dvöl ferðamanna á svæðinu til hagsbóta fyrir byggðina.

### Leiðir

1. Unnið verði markvisst að því hvernig best verði staðið að bættu aðgengi og auknum merkingum á t.d. gönguleiðum, hellum, fossum og náttúru-, sögu- og atvinnuminjum.
2. Stofnun þjóðgarðsmiðstöðvar, þar sem gestir geta fengið upplýsingar um náttúru og þjónustu á svæðinu.
3. Unnið verði að gerð sagnabrunns sem mun innihalda sem flestar þeirra fjölmörgu sagna sem gerast undir jökli og þær gerðar aðgengilegar jafnt á interneti sem og í þjónustumiðstöð og víða um þjóðgarðinn.

### Rök

Þjóðgarðar eru stofnaðir til að varðveita sérstætt landslag, lífríki og menningarminjar og veita almenningi upplýsingar og aðgang um landsvæðið eftir tilteknum reglum. Sérstaða þjóðgarðsins felst í Snæfellsjökli, fjölbreytilegum jarðfræðiminjum, nálægð við sjóinn og merkum sögulegum minjum tengdum árabátaúterð og eina af stærstu verstöðvum landsins allt frá landnámi fram á 20. öld.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull býr yfir mikilli sérstöðu, m.a. er hann eini þjóðgarðurinn sem nær í sjó fram. Snæfellsjökull er talinn vera einn af sjö stærstu orkustöðum jarðar, auk þess sem í þjóðgarðinum er að finna mikilvægar náttúru- og menningarminjar. Lagt er til að hlúð sé að þessum menningarverðmætum en að sama skapi að lofa ferðamanninum að njóta þeirra í stórbrotinni náttúru. Þjóðgarðurinn er með alþjóðlega umhverfsvottun frá Green Globe, sem vottar sjálfbæra ferðaþjónustu og samfélög. Þjóðgarðurinn er mikilvægur fyrir Vesturland, m.a. þar sem hann laðar ferðamenn að og hefur því efnahagslegt gildi fyrir ferðaþjónustu. Einnig má nefna að fegurð og sérstaða svæðisins gerir það að verkum að sjónrænt hefur þjóðgarðurinn einnig viðskiptalegt gildi, t.d. fyrir kvikmyndun.

Aðgengi og verndun eru tvíþætt hlutverk þjóðgarða og mjög brýnt er því að bæta og stýra aðgengi að þeim náttúruperlum sem eru innan þjóðgarðsins. Til þess þarf m.a. að bæta stíga, setja upp merkingar og vinna rannsóknir.

Þar sem sífellt fleiri ferðamenn leggja leið sína á Snæfellsnes og ferðamannatíminn er alltaf að lengjast, þá liggur það beint við að ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnugrein á Snæfellsnesi. Þjóðgarðurinn og ferðaþjónusta eru því mikilvæg byggðamál sem munu geta bætt hag einstaklinga á stóru svæði.

### Ábyrgðaraðilar

Umhverfisráðuneyti, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Umhverfisstofnun.

### Samstarfsaðilar

Snæfellsbær, Háskólasetur Snæfellsness, Náttúrustofa Vesturlands, Ferðamálasamtök Vesturlands, All Senses ferðaþjónustuklasi, stofnanir tengdar menningar- og ferðamálum.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

100 m.kr.

## 10. Náttúrustofa Vesturlands

### Tillaga

Náttúrustofa Vesturlands auki rannsóknir á rándýrum og miðlun rannsóknaniðurstaðna almennt.

### Markmið

Markmiðið er að efla starfsemi Náttúrustofu Vesturlands svo hún geti enn styrkt sig í sessi í samfélaginu og uppfyllt í auknum mæli hlutverk sín. Þannig verða til ný þekkingarstörf á svæðinu sem skapa mikilvæga staðbundna þekkingu á náttúrunni. Með miðlun hennar til fyrirtækja, einstaklinga og stofnana verður hlúð að búsetu- og starfsskilyrðum á svæðinu.

### Leiðir

1. Rannsóknir verði gerðar á áhrifum rándýra á nytjastofna á landi og í ferskvatni.
2. Fræðslustarf verði aukið, m.a. í skólum og með fræðslu til almennings.

### Rök

Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands hefur verið öflug og vaxandi frá því hún fór almennilega af stað á árinu 2001. Byggst hefur upp mikilvæg staðbundin þekking, sem bæði hefur nýst í vísindalegum tilgangi og til staðbundinnar eflingar samfélagsins á Vesturlandi. Mörg áhugaverð verkefni hafa verið unnin<sup>28</sup>. Hins vegar fer því fjarri að hægt hafi verið að uppfylla öll lögbundin hlutverk Náttúrustofunnar í þeim mæli sem metnaður stendur til vegna fjármagnsskorts. Með því að gera Náttúrustofu Vesturlands kleift að rannsaka ýmsar hliðar vistkerfisins, eins og t.a.m. samband rándýra og nytjastofna og koma niðurstöðum þeirra á framfæri við áhugamanna- og hagsmunahópa mun fjármagni því sem til starfsins er varið nýtast samfélaginu til framdráttar. Það gerist bæði með bættri afkomu fyrirtækja sem byggja afkomu sína á náttúrunýtingu svo og í betri búsetuskilyrðum heimamanna auk ferðamanna sem kunna að meta fjölbreytta náttúru landsins.

### Ábyrgðaraðili

Náttúrustofa Vesturlands.

### Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar í rannsóknum og sveitarfélög á Snæfellsnesi.

### Tímaáætlun

2007-2009.

### Kostnaðaráætlun

23 m.kr.

---

<sup>28</sup> Náttúrustofa Vesturlands (2006) <http://www.nsv.is/>

## 11. Rafræn skráning á sjúkraskrá

### Tillaga

Þekkingarmiðstöð SHA<sup>29</sup> fyrir rafræna sjúkraskráningu á Vesturlandi verði stofnuð.

### Markmið

Skapa forsendur til eflingar sérþekkingar á svæðinu í rafrænni sjúkraskráningu sem mun nýtast öðrum heilbrigðisstofnunum landsins. Þess utan skapar þetta fleiri og fjölbreyttari störf fyrir háskólamenntað fólk. Að þróa og auka samstarf og sérstöðu heilbrigðisstofnana á Vesturlandi.

### Leiðir

1. SHA verði gert kleift að halda utan um núverandi þekkingu á rafrænum sjúkraskráningum.
2. Þróaðar verði áfram aðferðir og tækni við hjúkrunarskráningu sem er hluti af rafrænni sjúkraskrá. Grundvöllur að vinnuaðferðum hefur þegar verið lagður og kynntur víða á heilbrigðisstofnunum.
3. SHA nái að miðla þekkingunni áfram til annarra heilbrigðisstofnana landsins.

### Rök

SHA hefur skapað sér sterka stöðu sem sjúkrahús með vaxandi sérþekkingu á sviði nokkurra sjúkdóms- og aðgerðaflokka. Stofnunin er jafnframt af þeirri stærðargráðu að hagkvæmt er að vinna að ýmsum þróunarverkefnum sem mögulegt er að yfirfæra á stærri og smærri einingar í heilbrigðisþjónustu. Nú þegar er fyrir hendi umtalsverð þekking og reynsla í rafrænni sjúkraskráningu innan stofnunarinnar. Sex heilsugæslustöðvar og tvö sjúkrahús eru á Vesturlandi sem hægt er að tengja þróunarverkefnum á sviði rafrænnar sjúkraskráningar eins og hér um ræðir. Stefnt er að því að vinnuaðferðir þessar verði þróaðar áfram innan sjúkraskrárkerfisins SAGA sem er þegar nýtt að meira eða minna leyti á öllum heilsugæslustöðvum í landinu og að hluta til og í vaxandi mæli á sjúkrahúsum.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi, samstarfshópur um eflingu heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Landlæknisembættið.

### Tímaáætlun

2006 – 2009.

### Kostnaðaráætlun

16 m.kr.

---

<sup>29</sup> Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi.

## 12. Þekkingarsetur á Akranesi

### Tillaga

Þekkingarsetur á Akranesi verði stofnað þar sem lögð er áhersla á umhverfis-, málmeðlis- og efnafræðirannsóknir.

### Markmið

Að safna saman, auka og miðla þekkingu á sviði málmiðnaðar á Íslandi og þeim möguleikum sem felast í rannsóknum í umhverfis-, málmeðlis-, og efnafræði tengt málmiðnaði. Stuðla að bættri sambúð orkufreks iðnaðar, náttúru, annarra atvinnugreina og allra þjóðfélagshópa með aukinni þekkingu og upplýsingagjöf.

### Leiðir

- Tengsl þekkingarsetursins við háskóla og fyrirtæki hérlendis sem og erlendis væri m.a. á grunni rannsókna doktorsnema sem þá hefðu aðstöðu til rannsókna hjá þekkingarbankanum.
- Einnig gæti þekkingasetrið staðið fyrir námskeiðum og rannsóknum sjálfst eða í samvinnu við háskóla og fyrirtæki.

### Rök

Leggja þarf aukna áherslu á rannsóknir og þekkingaruppbyggingu á Íslandi er tengist vaxandi málmiðnaði. Sú þekking sem er til staðar hefur hingað til verið aflað að mestu erlendis en hlutur innlendrar þekkingar fer hraðvaxandi. Gríðarleg tækifæri felast í því að færa þessa þekkingu og þekkingaröflun til Íslands þar sem allar aðstæður eru ákjósanlegar til rannsókna. Staðsetning þekkingarseturs á sviði umhverfis-, málmeðlis- og efnafræðirannsókna á Akranesi, í nálægð við iðnfyrirtækin á Grundartanga, er ákjósanlegt með tilliti til landfræðilegra staðhátta en einnig sem tenging svæðisins við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

Sem dæmi um rannsóknarmöguleika og þróun á þekkingu má nefna rannsókn á möguleikum á því að nýta enn frekar rafmagn við ýmsa framleiðsluferla í stað eldsneytis. Þegar hefur verið unnið mikið og árangursríkt starf á þessu sviði á Grundartanga. Slík þekking gæti nýst öllum fyrirtækjum á þessu sviði hér á landi og víðar um heim.

Afleiddar atvinnugreinar orkufreks iðnaðar hafa ekki vaxið jafn hratt í litlum hagkerfum og þeim stóru. Fram að þessu hefur málframleiðsla á Íslandi verið hlutfallslega lítil en með aukinni starfsemi eru forsendur breyttar og er verðugt viðfangsefni að rannsaka vaxtarmöguleika á þessu sviði.

Auk þess er mikilvægt að rannsaka hvort ekki megi leita faglegra leiða til að ýta undir faglega umræðu um starfsemi atvinnugreinarinnar og hvernig sætta megi mismunandi sjónarmið.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Akraneskaupstaður, Norðurál, Kapla, ÍJ, Iðntæknistofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands, menntamálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.



### **13. Framhaldsskólar á Vesturlandi**

#### **Tillaga**

Framhaldsskólum á Vesturlandi verði gert kleift að bjóða upp á öflugt nám og hlúð verði að samstarfi þeirra í milli sem og við atvinnulíf og stofnanir.

#### **Markmið**

Að framhaldsskólum á Vesturlandi verði búið enn betra starfsumhverfi. Að þeir veiti nemendum framúrskarandi undirbúning undir frekara nám eða störf út í atvinnulífinu. Að finna megi fleiri námsleiðir sem taki sérstaklega mið af atvinnulífi á Vesturlandi og auki þar með árangur fyrirtækja svo og möguleika ungra Vestlendinga á að finna sér framtíðarstarf á Vesturlandi, standi hugur þeirra til þess.

#### **Rök**

Afar mikilvægt er að ungmenni fái notið góðrar og krefjandi menntunar í heimabæ sínum. Mikilvægi þess hefur vaxið um leið og þarfir atvinnulífsins fyrir menntað starfsfólk hafa vaxið. Sérhæfing smárra framhaldsskóla í formlegu samstarfi sín á milli getur skilað framúrskarandi árangri sem nýtist víða.

#### **Tillaga að ábyrgðaraðilum**

Menntamálaráðuneyti, Fjölbrotaskóli Vesturlands, Fjölbrotaskóli Snæfellinga, Menntaskóli Borgarfjarðar.

#### **Tillaga að samstarfsaðilum**

Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands og Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi.

#### **Tímaáætlun**

2006-2009.

#### **Kostnaðaráætlun**

2 m.kr.

## 14. Menntaskóli Borgarfjarðar

### Tillaga

Að Menntaskóla Borgarfjarðar verði gert kleift að sérhæfa sig í viðskiptagreinum með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki (e. SME's) sem óvenjuhátt hlutfall er af á Íslandi og þá sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins. Að auki verði Menntaskóli Borgarfjarðar studdur í að leggja sérstaka áherslu á kennslu í náttúrfræðigreinum og félagsvísindum.

### Markmið

Eiga frumkvæði í kennslu á hagnýtu rekstrarnámi á framhaldsskólastigi sem skilar framúrskarandi einstaklingum í almenn skrifstofustörf eða til reksturs lítilla fyrirtækja. Að lögð verði sérstök áhersla á frumkvöðlaþjálfun í viðskiptanámi skólans og með þeim hætti opna augu nemenda fyrir því að þeir geti stofnað fyrirtæki byggð á þeirra hugmyndum og áhugasviðum. Veita fyrirmyndarnám á sviði náttúrufræði og félagsvísinda. Eiga möguleika á að samþætta námssviðin tvö og veita þar með nemendum einstakan undirbúning undir frekara nám og starf.

### Leiðir

1. Vinna undirbúningsvinnu í nánu samstarfi við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands og fulltrúa lítilla fyrirtækja á svæðinu.
2. Koma á gæðaeftirliti námsins.

### Rök

Mikil þörf er á sérhæfðu skrifstofufólki og fólki með mjög hagnýta þjálfun í almennum skrifstofustörfum án þess endilega að viðkomandi hafi farið í gegnum háskóla. Með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki væri hægt að sníða þetta nám sérstaklega að fyrirtækjum á Vesturlandi eða landsbyggðinni almennt. Slíkt kynni að opna augu ungs fólks fyrir atvinnumöguleikum þar.

Viðskiptafræðingar með innsýn í náttúrufræði ættu að verða meðvitaðri um sjálfbæra þróun. Að sama skapi ætti náttúrufræðingur, með innsýn í heim viðskiptanna, að vera líklegri til að skilja sjónarmið atvinnulífsins. Fólk af þessu tagi kann því að geta orðið sérstaklega verðmætt í atvinnulífinu.

Hagvöxtur framtíðarinnar verður drifinn áfram á hugviti. Til þess að hugmyndir geti orðið að veruleika þarf fólk til að koma þeim á framfæri og í framleiðsluhæft ástand, þ.e. frumkvöðla. Menntaskóli Borgarfjarðar ætlar að veita hagnýta frumkvöðlaþjálfun sem felst m.a. í að efla frumkvöðlakraft nemenda, þjálfna þá í að koma auga á viðskiptatækifæri í umhverfinu, efla sjálfstæð vinnubrögð og sýna frumkvæði.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Menntaskóli Borgarfjarðar, menntamálaráðuneyti, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands.

### Tímaáætlun

2007-2009.

### Kostnaðaráætlun

6 m.kr.

---

## Undirtillaga sem fellur undir ofangreinda megingtillögu

### Þriggja ára nám

Tilraunaverkefni - Undirbúningur starfsfólks grunnskóla á Vesturlandi varðandi kennslu fyrir þriggja ára framhaldsskólanám -

Taka forystu í framkvæmd og uppbyggingu þriggja ára náms til stúdentsprófs. Þetta verkefni þarf einnig að veita fyrstu 3-5 árgöngum framhaldsskólans sérstaka aðlögun á meðan breytingarnar ganga yfir. Þetta má framkvæma með því að vera tilraunaskóli í þriggja ára námi til stúdentsprófs með því að undirbúa starfsfólk grunnskóla á Vesturlandi til undirbúnings námsefnis og kennslu nemenda fyrir þriggja ára framhaldsskólanám.

## 15. Fjölbrautaskóli Vesturlands

### Tillaga

Að þróa tengingu starfsnáms við framhaldsnám á háskólastigi í tæknigreinum.

### Markmið

Að byggja enn frekar upp metnaðarfullt starfsnám á Vesturlandi og ekki síður að gera skólanum kleift að standa framarlega í samkeppni við aðra skóla á þessu sviði. Að tengja betur tækninám á háskólastigi við núverandi starf skólans.

### Leiðir

1. Tryggja fjármagn til að endurnýja og auka tækjakost verknámsdeilda og standa undir stofnkostnaði og rekstri nýrra starfsnámsbrauta.
2. Að kynningar- og markaðsstarf skólans verði aukið.

### Rök

Fjölbrautaskóli Vesturlands er alhliða framhaldsskóli sem býður bæði upp á bóknað til stúdentsprófs og fjölbreytt starfsnám. Á næstu árum þarf að auka tengsl skólans við atvinnulíf á svæðinu og fjölga námsbrautum svo hann þjóni betur þörfum samfélagsins.

Á síðustu árum hafa nemendur á starfsnámsbrautum við skólann verið á bilinu 20 - 25% af nemendafjölda skólans. Til að fjölga nemendum á starfsnámsbrautum þarf að auka kynningu á starfsnámi í grunnskólum og fjölga starfsnámsbrautum. Kynna þarf möguleika þeirra sem ljúka starfsnámi á framhaldsskólastigi til háskólanáms. Einnig þarf að huga að möguleikum sem fjar- og dreifnám gefa. Fyrirtæki á svæðinu þurfa að koma að þeirri kynningu með skólanum.

Atvinnulífið á svæðinu hefur vaxandi þörf fyrir fólk með starfsmenntun. Er hér m.a. vísað til mikillar uppbyggingar sem átt hefur sér stað á Vesturlandi og þá meðal annars á sviði stóriðju á Grundartanga. Skólinn þarf að vera vel í stakk búinn til að mæta þessum þörfum.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Fjölbrautaskóli Vesturlands, menntamálaráðuneyti.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

## 16. Fjölbrautaskóli Snæfellinga

### Tillaga

Nýjar kennsluáðferðir verði þróaðar í stærðfræði við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

### Markmið

Að stærðfræðinámið skili betri árangri og að viðhorf nemenda til stærðfræðinnar breytist til hins betra með því að þeir fara að keppa við sjálfa sig en ekki við tímann eða aðra nemendur.

### Leiðir

1. Nýtt kennslufyrirkomulag: Kennslan verður skipulögð þannig að öllum nemendum í fyrstu 6 einingum í stærðfræði er skipt í jafnstóra hópa á tilviljunarkenndan hátt og þar með horfið frá getuskiptingu sem tíðkast hefur. Tveir kennarar sinna hverjum 25-28 nemenda hópi og hver nemandi setur sér markmið í upphafi annar í samráði við kennara um hversu mörgum einingum hann ætlar að ljúka á önninni. Með þessu verður stærðfræðinámið algjörlega einstaklingsmiðað og nemendur geta ráðið hraðanum, hægt ferðina ef þörf er á, en einnig farið hraðar en hefðbundin yfirferð hefur gefið færi á.
2. Stærðfræðin verði kennd með hagnýtum dæmum fengnum úr atvinnulífi á Snæfellsnesi, þ.e. fiskveiðar, fiskvinnsla, flutningastarfsemi og ferðaþjónusta.

### Rök

Ákveðinn hópur nemenda hefur ekki náð nógu góðum árangri í stærðfræði með þeim aðferðum sem notaðar hafa verið og þess vegna er mjög mikilvægt að brjóta upp og finna nýjar leiðir.

### Ábyrgðaraðilar

Skólameistari og stærðfræðikennarar í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

### Tillaga að samstarfsaðilum

Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskóli Íslands, fulltrúar frá starfandi fyrirtækjum.

### Tímaáætlun

2007-2009.

### Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður áætlaður um 1,5 m.kr. sem verkefnið kallar á sérstaklega.

## 17. Snorrastofa. Menningar- og miðaldasetur í Reykholti

### Tillaga

Byggja upp minjagarð í Reykholti og styðja við auknar miðaldarannsóknir.

### Markmið

Að efla rannsóknir á sviði miðaldafræða og sögu Borgarfjarðar samhliða því að byggja upp minjagarð og styrkja Reykholt í sessi sem þjóðmenningarstað. Einnig verði stuðlað að áframhaldandi uppbyggingu menningar- og miðaldasetursins Snorrastofu í Reykholti. Helstu markmið með stofnun minjagarðs eru:

1. Að miðla með fjölbreyttum hætti sögu, menningu og náttúru svæðisins.
2. Að efla héraðsvitund íbúa samhliða eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu á svæðinu.
3. Að setja Reykholt, Snorra Sturluson og söguna í evrópskt samhengi.
4. Að efla tengsl við aðrar menningarstofnanir.
5. Að gera minjagarð í Reykholti að einum helsta viðkomustað ferðamanna á Vesturlandi.

### Leiðir

Snorrastofa hefur nú þegar í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins, sem hafa umsjón með helstu fornminjum í Reykholti, tekið ákvörðun um uppbyggingu minjagarðs í Reykholti. Sú uppbygging felst m.a. í:

1. Byggingu nýrra sýningarsala.
2. Yfirbyggingu yfir fornleifasvæðið.
3. Gerð gönguleiða um svæðið og merking þeirra.
4. Skipulagningu ráðstefna, fyrirlestra og atburða sem tengjast hlutverki stofnunarinnar.

### Rök

Rætur menningar og sjálfsmyndar þjóðarinnar er að finna í bókmenntum og er vagma hennar í Reykholti. Þessi arfur er mjög mikilvægur öðrum Norðurlöndum og að þessum rótum þarf að hlúa. Snorrastofa hefur undanfarin ár skapað sér sérstöðu á sviði miðaldafræða og hafa íslenskir sem erlendir fræðimenn nýtt sér þá aðstöðu sem þar er til rannsóknarstarfa. Í Reykholti hafa auk þess fundist afar merkar fornminjar frá miðöldum, m.a. bær Snorra. Til þess að mæta auknum áhuga á fornminjum í Reykholti og sögu og verkum Snorra Sturlusonar þarf að efla þann þátt í starfsemiinni sem snýr að miðlun þessara rannsókna með stofnun minjagarðs.

Í Snorrastofu er gott safn fræðibóka jafnt sem almennra rita sem sífellt bætist við. Aukin umferð um svæðið leiðir til aukinnar notkunar á þeim verðmætum og þekkingu sem þar liggja ásamt enn frekari samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Ekki má gleyma því að rannsóknarþátturinn í starfsemi Snorrastofu er forsenda miðlunar á þekkingu á sögu Borgarfjarðar og ekki síst sagnfræði og bókmenntum Snorra Sturlusonar og sögu Reykhólts. Því þarf jafnhliða að stuðla að áframhaldandi rannsóknum á þessu fræðasviði.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Sveitarstjórnir í Borgarfirði, menntamála- og samgönguráðuneyti, Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Þjóðkirkjan.

### Tímaáætlun

Uppbygging Minjagarðs er langtímaverkefni sem unnið verður að næstu 10-15 árin. Þegar hefur farið fram undirbúningsvinna varðandi hönnun nýrra mannvirkja, hönnun nýrrar grunnsýningar, hafnar endurbætur á svæðinu, gerðar merkingar, lagðar gönguleiðir o.fl. Stefnt er að því byggja nýja sýningarsali neðanjarðar innan næstu 5 ára.

### Kostnaðaráætlun

1.000 m.kr.

## **Almennar tillögur til hækkunar menntunarstígs á Vesturlandi**

### **Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi**

Með auknum kröfum og örum breytingum í þjóðfélaginu er sífelld lögð meiri áhersla á sí- og endurmenntun starfsmanna. Þess vegna er það nauðsynlegt fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir að þau hafi greiðan aðgang að aðila sem getur skipulagt og útfært námskeið á sviði fullorðinsfræðslu sem eru sniðin að þeirra þörfum.

Námsframboð á öllum stigum innan skólakerfisins og utan hefur aukist gífurlega á síðustu árum og þess vegna er mikilvægt að miðla því til fólks og veita því ráðgjöf til þess að auka almenna starfs og persónulega hæfni sem og að stuðla að hækkun menntunarstígs á svæðinu.

Sérstaða Vesturlands felst m.a. í að tveir háskólar eru starfandi á svæðinu sem búa yfir mikilli þekkingu sem hægt er að miðla til annarra íbúa á Vesturlandi m.a. með meiri fjölbreytni námskeiða og stuðla þannig að aukinni þátttöku íbúa í hvers konar sí- og endurmenntun.

Að sama skapi þarf að efla Símenntunarmiðstöðina enn frekar sem upplýsingaveitu varðandi tækifæri fullorðinna til náms.

### **Námsver á Vesturlandi**

Mikilvægt er að íbúum á Vesturlandi sé sköpuð góð aðstaða til að stunda sitt nám í heimabyggð og boðið sé upp á námsver til að miðla fjarkennslu og skapa góða aðstöðu fyrir nemendur.

Með eflingu námsvera er hægt að gera fjarnám að mun aðgengilegri kosti fyrir íbúa og stuðla að því bæði með öflugum fjarfundabúnaði og eins að þar skapist gott námsumhverfi - ekki síst félagslega.

## Ferðapjónusta og menning

Um langt árabíl miðaðist markaðssetning Íslands erlendis á vegum íslenskra og erlendra ferðaskrifstofa fyrst og fremst við Reykjavík, Suður- og Suðvesturland. Það var á sínum tíma eðlilegt, enda fjölsóttustu náttúruperlur landsins flestar á Suðurlandi svo sem Gullfoss, Geysir, Þingvellir og svo má lengi telja. Suðurland hefur verið allra landshluta mikilvægast í móttöku ferðamanna utan Reykjavíkur. Vesturland er ekki síður mikilvægt ferðamannasvæði enda nýtur það nálægðar við höfuðborgina og alþjóðaflugvöllinn í Keflavík eins og Suðurland. Mikið framboð er af afþreyingu af ýmsu tagi, en það hefur sýnt sig að það er að minnsta kosti jafn mikilvægt og góð hótél og góðir veitingastaðir.

Vesturland er ríkt af menningu og öðrum mjög fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum frá náttúrunnar hendi, sem auðvelt er að kynna fyrir ferðamönnum enda hefur mikil uppbygging átt sér stað í þessari atvinnugrein á Vesturlandi. Má í því samhengi nefna vottunina frá Green Globe 21 sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi fengu á svæðið sem umhverfisvænan áfangastað ferðamanna. Vottunin mun án efa hafa mikil áhrif á ferðapjónustu og uppbyggingu hennar á Vesturlandi í framtíðinni. Að sama skapi er gífurlegur vöxtur sumarbústaðabyggðar á Vesturlandi og aukid streymi ferðamanna um Vesturland. Það er skoðun skýrsluhöfunda að ennþá séu fjölmargir möguleikar vannýttir í ferðapjónustu á Vesturlandi. Á grundvelli þessa eru lagðar fram eftirfarandi tillögur:

---

### 18. Markaðsstofa ferða- og kynningarmála Vesturlands

#### Tillaga

Komið verði á fót Markaðsstofu Vesturlands sem standi fyrir markaðs- og kynningarmálum fyrir Vesturland í heild.

#### Markmið

Unnið verði að skilgreindri ímynd Vesturlands sem ferðamannasvæðis til þess að draga fram sérstöðu þess svo landshlutinn verði ekki bara enn ein óþekkt stæriðin í litrófi íslenskra ferðamannaíðnaðar. Að samræma og samþætta markaðs- og kynningarstarf á Vesturlandi, þannig að markaðssetning landshlutans verði unnin á einum stað í samstarfi við sveitarfélög og samtök innan svæðisins. Allt kynningarefni og áherslur í markaðssetningu taki mið af skilgreindri ímynd svæðisins og aukin áhersla lögð á jaðartíma ferðapjónustunnar.

#### Leiðir

1. Helstu sérkenni svæðisins komi fram í markaðssetningu annars vegar fyrir innlendan markað og hins vegar fyrir erlendan og þeim sérkennum haldið á lofti í eigin markaðssetningu sem og markaðssetningu opinberra aðila eins og Ferðamálastofu.
2. Reka áfram landshluta upplýsingamiðstöð í Borgarnesi sem er miðlæg fyrir allan landshlutann.
3. Markaðsstofan aðstoði fyrirtæki við að koma á framfæri þjónustu sem svarar eftirspurn markaðarins á hverjum árstíma, auk þess sem hún verði sveitarfélögum og öðrum aðilum til ráðgjafar í skipulagi og uppbyggingu ferðapjónustu á Vesturlandi.
4. Markaðsstofan annist almenna kynningu á Vesturlandi fyrir mismunandi hópa ferðamanna, framleiði og dreifi almennu kynningarefni fyrir landshlutann, vinni með öðrum aðilum að öflugri upplýsingaveitu á veraldarvefnum.
5. Markaðsstofan taki, sem opinber aðili, þátt í kynningarherferðum, ferðasýningum og námskeiðum fyrir starfsfólk í ferðapjónustu á svæðinu.
6. Markaðsstofan skipuleggi og annist móttöku fjölmiðlafólks, innlends og erlends, auk þess að koma umfjöllun um svæðið á framfæri, komi á samböndum og aðstoði ferðaskipuleggjendur við samskipti við þá þjónustuaðila á svæðinu sem þjónað geta mismunandi hópum.
7. Skrifstofan verði opinber móttökuaðili fyrir allt starfssvæðið.

#### Rök

Ferðapjónusta er eitt af mikilvægustu atvinnutækifærum utan höfuðborgarsvæðisins vegna þess að sýnt þykir að spurn eftir þjónustu hennar fari stöðugt vaxandi á meðan þessu er öfugt farið gagnvart

mörgum öðrum mikilvægum atvinnugreinum á landsbyggðinni. Þess vegna er mikilvægt að koma á samræmingu í markaðsstarfi ferðaþjónustunnar á Vesturlandi og með öflugri miðlægri skrifstofu verður markaðsstarfið skilvirkara og árangursríkara. Að öðrum landshlutum ólöstuðum er sérstaða Vesturlands mikil gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum sem of langt mál væri að tíunda hér. Það er tækifæri Vestlendinga sem og síðferðisleg skylda að halda henni sem best á lofti í þeim tilgangi að nýta landið Vestlendingum til framdráttar og ferðamönnum til yndis- og ánægjuauka.

**Tillaga að ábyrgðaraðilum**

Sveitarfélög á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

**Tillaga að samstarfsaðilum**

All Senses ferðaþjónustuklasi, Ferðamálasamtök Vesturlands.

**Tímaáætlun**

2007-2009.

**Kostnaðaráætlun**

57 m.kr.

---

**Undirtillaga sem fellur undir ofangreinda megingintillögu**

**Fjöldgun skemmtiferðaskipa á Vesturlandi**

Leitað verði leiða til að stuðla að fjöldgun á viðkomu skemmtiferðaskipa á Vesturlandi. Á Vesturlandi eru margar sérstakar náttúruperlur. Ferðir skemmtiferðaskipa til Grundarfjarðarhafnar hafa aukist verulega á undanförunum árum, en síðastliðin tvö ár hafa komið yfir 20 skip með rúmlega 7.000 farþega. Í þessu felast tækifæri fyrir ferðaþjónustu á Vesturlandi.



## 19. Sérhæfðir safnahringir á Vesturlandi

### Tillaga

Unnið verði að sameiginlegri kynningu og samstarfi safna og sýninga á Vesturlandi með ákveðnum þemum.

### Markmið

Markmið tillögunnar er að koma á laggirnar sérhæfðu safnakerfi til að fjölga afþreyingarmöguleikum á Vesturlandi sem og að vera liður í kynningu og fræðslu, m.a. með því að styðja við uppfræðslu barna og unglunga í grunn- og framhaldsskólum landsins á náttúru-, menningar- og söguarfi Íslands.

### Leiðir

1. Komið verði á mismunandi þemum á Vesturlandi í náttúrugripasöfnun. Í fyrsta lagi verði Náttúrugripasafni Íslands fundinn staður á Hvanneyri. Í framhaldi af því verði hannað náttúrugripasafnakerfi á Vesturlandi sem gæti litið út með eftirfarandi hætti: Steinasafn á Akranesi, fuglasafn í Borgarnesi, fiskasafn í Ólafsvík, skelfiskdýrasafn í Stykkishólmi, jarðeðlissafn í Grundarfirði, vatnasafn í Stykkishólmi.
2. Víkinga (Mið) aldarhringur Vesturlands: Landnámssetur í Borgarnesi, Eiríksstaðir í Dölum, Snorrastofa í Reykholti, Snorri Goði (Eirbyggja) í Stykkishólmi, Björn Breiðvíkingakappi í Snæfellsbæ.

### Rök

Mjög fjölbreytt flóra safna og sýninga er fyrir hendi á Vesturlandi, og mikill styrkur hlytist af samstarfi þeirra sem og að laða að heimamenn og gesti.

Á Vesturlandi má nefna söfn og sýningar eins og Eiríksstaði og Eiríkssafn í Dölunum, Byggðasöfn Snæfellinga, Dalamanna og Borgarfjarðar, auk Safnasvæðisins á Akranesi, Búvéla- og landbúnaðarsafn á Hvanneyri, Landnámssetur, Snorrastofu, Sögumiðstöðina í Grundarfirði og fleiri einstakar sýningar og söfn.

Samstarf þessara safna og sýninga er enn fremur æskilegt til að tryggja þeim frekari rekstrargrundvöll í framtíðinni, auka afþreyingarmöguleika á Vesturlandi ásamt því að auka fræðslu til almennings.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Markaðsstofa ferða- og kynningarmála Vesturlands, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og viðkomandi hagsmunaaðilar.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

## 20. Green Globe 21

### Tillaga

Vottun sveitarfélaga á Vesturlandi samkvæmt staðli Green Globe fyrir samfélög.

### Markmið

Með því að fá vottun samkvæmt staðli Green Globe fyrir samfélög marki landshlutinn sér sérstöðu og taki forystu í markaðssetningu á forsendum sjálfbærrar þróunar. Þar með nái Vesturland forskoti í umhverfisvænni ferðamennsku. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki með fullnaðarvottun svæðisins samkvæmt staðli Green Globe 21 fyrir samfélög.

### Leiðir

- Undirbúningur svæðisins fyrir vottun, þ.m.t. samskipti við Green Globe 21.
- Söfnun tölulegra upplýsinga.
- Mótun stefnu um sjálfbæra þróun.
- Gerð framkvæmdaáætlunar til næstu ára.

### Rök

Sveitarfélög á Snæfellsnesi hafa unnið sameiginlega að hliðstæðu verkefni um tveggja ára skeið. Þar hefur fengist mikilvæg reynsla sem unnt er að byggja á í framhaldinu. Starfið á Snæfellsnesi er frumkvöðlastarf á heimsvísu, sem hlotið hefur mikla athygli innanlands sem utan. Ávinningur samfélaga af vottun Green Globe 21 felst einkum í bættri ímynd og nýjum tækifærum til markaðssetningar; aukinni meðvitund og áherslu á nýtingu staðbundinna auðlinda í forni vinnuafls, vöru og þjónustu, aukinni samvinnu milli sveitarstjórna, atvinnulífs og almennings, hnitmiðaðri upplýsingagjöf; markvissari stjórnun og sparnaði í rekstri sveitarfélaga og í bættu ástandi og verndun náttúrulegra og samfélagslegra auðlinda. Loks má nefna að vottun svæðis styður við markaðssetningu fyrirtækja á svæðinu, bæði í ferðaþjónustu og öðrum greinum.

Green Globe 21 og Staðardagskrá 21 eru angar af sama meiði. Hvort tveggja er sprottið upp úr samþykktum Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro 1992, þar sem þjóðir heims urðu sammála um að stefna að sjálfbærri þróun á 21. öldinni. Staðardagskrá 21 er verkefni sveitarstjórna, jafn breytilegt að gerð og innihaldi og sveitarstjórnirnar eru margar. Green Globe 21 er hins vegar staðall og til að uppfylla hann þurfa sveitarstjórnir að ná tilgreindum lágmarksárangri í tilgreindum málaflokkum. Því má líta á Green Globe staðalinn sem aðhald við staðardagskrárstarf sveitarfélaganna.

Sjálfbær nýting auðlinda ferðaþjónustunnar á Vesturlandi er lykilatriði varðandi afkomu greinarinnar í framtíðinni. Þessar auðlindir eru öðru fremur náttúra, menning og samfélag svæðisins. Séu þömlörk þessara auðlinda ekki virt mun draga úr hagnaði og afkomumöguleikum greinarinnar þegar til lengri tíma er litið. Vinna samkvæmt staðli Green Globe 21 fyrir samfélög felur í sér langtíma stefnumótun og markvissa stjórnun auðlinda.

Á hverju ári eykst velta í ferðaþjónustu í heiminum um u.þ.b. 3%. Vöxtur í því sem mætti kalla sjálfbæra ferðaþjónustu er mun meiri. Því er ljóst að mikil tækifæri liggja í þessari grein.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Sveitarfélög á Vesturlandi, Markaðsstofa ferða- og kynningarmála Vesturlands.

### Tillaga að samstarfsaðilum

Ferðamálasamtök Vesturlands, ferðaþjónustuaðilar á svæðinu, All Senses ferðaþjónustuklasinn.

### Tímaáætlun

2007-2009.

### Kostnaðaráætlun

10 m.kr.

## Matvælaframleiðsla og sjávarútvegur

Sú umræða sem nú er í gangi um mikilvægi klasa er sennilega ekki eins ný fyrir Íslendinga eins og fyrir íbúa margra annarra landa Evrópu. Um áratugaskeið voru stór og voldug fyrirtæki á Íslandi sem byggðu á svipaðri hugmyndafræði, enda þótt þau væru ekki kallaðir klasar. Nokkur stór og sterk fyrirtæki eru ennþá starfandi á Vesturlandi, sem byggjast á svipaðri hugmyndafræði og klasakenningar nútímans.

Rétt er þó að geta þess, að engin stærðarmörk eru talin á hugsanlegu klasasamstarfi fyrirtækja. Því kann vel að vera að hin stóru fyrirtæki, sem fyrir eru á markaðnum í dag, sjái sér hag í því að taka upp þess háttar samstarf við önnur fyrirtæki þegar fram líða stundir. Þannig samstarf er sjálfsagt til staðar í dag.

Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun til að fara af stað með fjóra klasa á afmörkuðu svæði á Vesturlandi. Þetta voru klasar á sviði ferðaþjónustu, matvælaíðnaðar, byggingariðnaðar og þekkingarstarfsemi. Þessi tilraun gekk vel í ferðaþjónustu og hefur nú verið stofnaður klasi sem gengur undir nafninu All Senses. Hann nær nú yfir allt Vesturland. Einnig eru menn mjög jákvæðir í byggingar- og þekkingarstarfsemi þó svo að þeir klasar hafi ekki verið endanlega stofnaðir. Nú þykir ljóst að klasi verður ekki stofnaður í matvælaíðnaði nema fyrir Vesturland allt. Sama gildir um allar þessar atvinnugreinar, að klasinn verði ekki nægjanlega virkur nema að hann nái yfir allt Vesturland, jafnvel þó lagt hafi verið af stað eingöngu með Borgarfjörð í huga í þeim öllum.

---

### 21. Svæðisbundin þróun lífrænnar framleiðslu

#### Tillaga

Þróunarverkefni um uppbyggingu lífræns landbúnaðar í Dalabyggð, með áherslu á lífræna sauðfjárrækt.

#### Markmið

Að stuðla að myndun þyrpingar eða hópa frumframleiðenda sem taka upp lífrænar aðferðir, einkum í sauðfjárrækt, þannig að bændur hafi aukinn stuðning hver af öðrum, hagkvæmt verði að vinna úr afurðunum, og auðveldara að markaðssetja þær sem hágæða sérvöru sem er upprunamerkt viðkomandi bændum og viðkomandi byggð.

#### Rök

Mjög góðar aðstæður virðast vera fyrir hendi í Dalabyggð til þess að ráðast í tilrauna- og þróunarverkefni af þessu tagi. Dalabyggð er fyrst og fremst svæði landbúnaðar og náttúrunytja. Ástand nytjalands er þar almennt mjög gott og landnýting er hæfilega dreifbær sem hentar vel til lífræns landbúnaðar. Lífræn framleiðsla á afmörkuðu svæði veitir möguleika á aukinni hagkvæmni, bæði hvað varðar fræðslu og leiðbeiningar og varðandi úrvinnslu og markaðssetningu afurðanna. Þá mun slíkt verkefni tvímælalaust styrkja ímynd Dalabyggðar og því hærra hlutfall bænda sem þátt tekur í verkefninu, þeim mun meiri verður sérstaða hennar hvað varðar framleiðslu, markað og umhverfi.

#### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Sveitarfélagið Dalabyggð, bændur í Dalabyggð, Sláturhúsið í Búðardal.

#### Tillaga að samstarfsaðilum

Ráðgjöf varðandi ræktunarmál: Landsráðunautur BÍ í lífrænum búskap, Vottunarstofan Tún.

#### Tímaáætlun

2007-2009.

#### Kostnaðaráætlun

29 m.kr.

## 22. Aukin arðsemi hlunninda

### Tillaga

Farið verði í verkefni sem stuðlar að aukinni náttúrunýtingu þannig að landeigendur fái notið hlunninda í ríkara mæli.

### Markmið

Að hámarka arðsemi af hlunnindum landeigenda með því að ýta undir landnýtingu almennt.

### Leiðir

1. Kortlagning allra mögulegra náttúrupplifana. Stangveiði og skotveiði, berjatínsla, kræklingafjörur, kjörlendi sveppa, fjallagrasa o.m.fl. Almenn náttúruskoðun, svo sem selir, ránfuglar, steintegundir, jarðmyndanir, hellar, ölkeldur.
2. Námskeiðahald á ofangreindum möguleikum í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi.
3. Markaðssetning á ofangreindum möguleikum.

### Rök

Hægt er með markvissum aðgerðum að auka arðsemi af hlunnindum t.a.m. silungsveiði. Í þessu sambandi má nefna dæmi af Rangám á Suðurlandi, þar sem silungsveiðar voru lítils virði fyrir nokkrum árum síðan (15 – 20 árum) en eru afar verðmætar í dag. Til að ná fram þessu markmiði þarf að sinna ýmsum verkefnum. Í fyrsta lagi þurfa eigendur vatna og silungsáa að sjá sér hag í að nýta hlunnindin, þar sem t.d. má nefna að skipting arðs af hlunnindum hefur þvælst fyrir landeigendum og dregið úr vilja þeirra til að nýta hlunnindin. Rækta þarf vötn og ár, leggja vegi, jafnvel koma upp salernisaðstöðu, kortleggja veiðistaði, markviss áróður (auglýsingar) um hvað er í boði o.s.frv. Með tímabundnu verkefni væri hægt að leggja betra mat á efnahagslegt virði hlunninda almennt (veiðiréttinda), þar sem m.a. verði lögð áhersla á áhrif þess á almenna ferðaþjónustu á svæðinu.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Landeigendur og samtök þeirra, Landbúnaðarháskóli Íslands.

### Tímaáætlun

2007-2008.

### Kostnaðaráætlun

18 m.kr.

## 23. Samkeppnisstaða landvinnslunnar

### Tillaga

Staða landvinnslu verði rannsökuð á Snæfellsnesi og á Akranesi.

### Markmið

Athuga hvort sífellt hærra hlutfall af lönduðum afla á hafnir á Vesturlandi sé fullunnið á öðrum stöðum eigi sér eðlilegar og óviðráðanlegar ástæður eða hvort ástæður megi rekja til markaðsbresta. Ákveða í framhaldinu hvort skynsamlegt sé að grípa til aðgerða til að snúa fyrrnefndri þróun við og endurheimta forskot sem landshlutinn átti í vinnslu á bolfiskafla.

### Leiðir

1. Fara í nauðsynlega greiningarvinnu.
2. Gera aðgerðaráætlun ef niðurstaðan kveður á um það.
3. Framkvæmd aðgerða.

### Rök

Í hátt á annan áratug hefur tugum þúsunda tonna af bolfiski verið ekið á ári hverju frá höfnum á Vesturlandi til vinnslu á öðrum lands- og heimshlutum. Miðað við eðli vinnslunnar fara tugir milljóna króna í óþarfa flutningskostnað á ári hverju. Af þessum sökum hafa atvinnutæki og starfsfólk í fiskvinnslu á Vesturlandi verið illa nýtt. Þess vegna er það mikið hagsmunamál fyrir Vesturland og landið allt að kanna hvort það eigi sér eðlilegar skýringar að atvinnugrein sem hentar vel í dreifbýli sé í mikilli sókn á höfuðborgarsvæðinu og jaðri þess.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Byggðastofnun og Samkeppniseftirlitið.

### Tímaáætlun

2007-2008.

### Kostnaðaráætlun

8 m.kr.

## Iðnaður

Iðnaður hefur átt ríkan þátt í uppbyggingu vestrænna ríkja. Hann hefur verið forsenda hagvaxtar og mun verða það í framtíðinni með nýtingu upplýsingar- og hátækni. Vægi iðnaðar í útflutningsverðmætum og þjóðarframleiðslu á Íslandi hefur vaxið mjög á síðustu áratugum og fyrir séð er að það muni vaxa enn frekar.

Á Vesturlandi hefur iðnaður alltaf verið mikilvæg atvinnugrein á sviði landbúnaðar, byggingariðnaðar og málmíðnaðar sem stoðgrein sjávarútvegs. Mörg fyrirtæki á Vesturlandi, á sviði iðnaðar, hafa gengið í gegnum miklar breytingar á undanförunum árum og hafa verið að hasla sér völl á nýjum sviðum.

Málmíðnaður hefur einnig vaxið hröðum skrefum einkum á sunnanverðu Vesturlandi og tengist það uppbyggingu stóriðju á Grundartanga.

Fyrir séð er að iðnaður mun eftir sem áður spila stórt hlutverk í atvinnuuppbygginu á Vesturlandi.

## 24. Atvinnustarfsemi á Grundartanga

### Tillaga

Unnið verði að frekari eflingu iðnaðar og starfsemi fyrirtækja á Grundartanga.

### Markmið

Taka þátt í mótun atvinnulífsins, bregðast við breyttum aðstæðum og nýjum tækifærum. Annars vegar með því að efla þau fyrirtæki sem fyrir eru og hins vegar með því að fá fleiri fyrirtæki til að setja niður starfsemi sína á Grundartanga. Ennfremur verði unnið að því í samvinnu við Fjölbrautaskóla Vesturlands að koma á virkri iðju- og málmíðnaðarbraut við skólann í tengslum við starfsemi á svæðinu og á Akranesi og í Borgarbyggð.

### Leiðir

1. Skipaður verði starfshópur hagsmunaaðila sem beiti sér fyrir því að bein tengsl verði á milli starfseminnar á Grundartanga og menntastofnana í héraðinu.
2. Lagðir verði fjármunir í að stuðla að bættri og öflugri menntun.
3. Stuðlað verði að því að fulltrúar fyrirtækjanna og sveitarfélaganna geti kynnt sér uppbyggingu iðnaðar- og þjónustuklasa erlendis með það að markmiði að innleiða slíka klasa á Grundartanga.
4. Stofnaður verði starfshópur til að kynna Grundartanga sem vænlegan kost fyrir ýmis konar hafnsækna starfsemi og vinna að því að fyrirtæki flytji starfsemi sína á Grundartanga.

### Rök

Mikið landrymi og góð hafnaraðstaða styrkir Grundartangasvæðið með tilliti til plássfrekrar starfsemi. Mikilvægt er að nýta þá kosti sem Grundartangasvæðið hefur upp á að bjóða og fylgja eftir markmiðum eigenda Faxaflóahafna sf. um uppbyggingu á svæðinu. Samningur um Faxaflóahafnir færir svæðum í kringum Grundartanga tækifæri til að taka á móti og byggja upp hafnsækna starfsemi.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, sveitarfélögin á suðursvæðinu, Faxaflóahafnir sf., Norðurál og Íslenska járnblendifélagið.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

15 m.kr.

## **Undirtillaga sem fellur undir ofangreinda megingintillögu**

### **Tillaga**

Hafnir á Vesturlandi (Grundartangahöfn, hafnir Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarhöfn og Stykkishólms höfn) njóti jafnræðis varðandi tollafgreiðslu skipa og varnings gagnvart Reykjavíkurbænum, Akureyrarhöfn og fleiri höfnum.

### **Markmið**

Með þessu verði sköpuð forsenda fyrir hagkvæmari, meiri, hraðari og öruggari þjónustu við innlenda sem erlenda sjófarendur á Vesturlandi og grunnur lagður að aukinni umferð skipa.

### **Rök**

Á undanförunum árum hefur umferð um Grundartanga og Grundarfjarðarhöfn vaxið stórlega, aukning hefur orðið í losun og lestun varnings, lönduðum afla og komum skemmtiferðaskipa. Hafnaraðstaða á Vesturlandi er víðast góð auk þess sem hún hefur verið endurbætt og aukin verulega. Fyrir áframhaldandi þróun hafntengdrar þjónustu skiptir verulegu máli að skip geti haft fyrstu og/eða síðustu viðkomu sína hérlendis á Vesturlandi án þess að slíku fylgi kostnaður umfram það sem gerist t.d. í Reykjavík. Ef markmiðið næst þá ætti komum erlendra skipa að fjölga og ýmis tækifæri að skapast í tengslum við slíkt.

### **Tillaga að ábyrgðaraðilum**

Fjármálaráðuneyti, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

### **Tímaáætlun**

2006-2007.

### **Kostnaðaráætlun**

2 m.kr.

## **Viðbótartillögur til eflingar iðnaðar á Vesturlandi**

### **Klasamyndun á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar**

Undirbúningur á klasamyndun á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar verði útvíkkaður og nái yfir allt Vesturland. Með því móti verður hægt að ná ákveðinni sérstöðu og sérþekkingu til að auka samkeppnishæfni svæðisins.

### **Efling þjónustufyrirtækja á sviði iðnaðar á Vesturlandi**

Leitað verði leiða til að efla þjónustufyrirtæki á sviði iðnaðar á öllu Vesturlandi vegna mikilvægi þeirra sem stoðfyrirtækja grunnatvinnuvega og styrkingu búsetuskilyrða á svæðinu.



# Aðrar megintillögur

## 25. Upplýsingatækni

### Tillaga

Upplýsingatækni á Vesturlandi uppfylli og styðji sem best við þarfir nútíma atvinnulífs og bæti búsetuskilyrði.

### Markmið

Að upplýsingatæknimál verði ein af meginstoðum Vaxtarsamnings Vesturlands. Í því samhengi er mikilvægt að flýta fyrir uppbyggingu og stuðla að aukinni hagnýtingu upplýsingatækninnar á svæðinu. Á grundvelli stöðugreiningar, markmiðasetningar og framtíðarsýnar (þarfagreiningar) verði hægt að leggja fram áætlun um aðgerðir og lausnir.

### Leiðir

1. Gera þarfagreiningu fyrir Vesturland í upplýsingatækni sem m.a. felst í að kortleggja samskiptakerfin /grunngerð fjarskipta og þjónustuframboð og að framkvæma viðhorfskannanir á meðal íbúa, fyrirtækja og stofnana.
2. Að kynna sér þau verkefni sem unnið hefur verið að hérlandis sem erlendis með það að markmiði að yfirfæra reynslu og þekkingu þeirra á Vesturlandi.

### Rök

Kannanir leiða í ljós að aðgengi og hagnýting upplýsingatækninnar er ein af forsendum bættra búsetuskilyrða. Þess utan hefur óviðunandi burðargeta fjarskiptakerfisins staðið ýmsum fyrirtækjum utan stærri þéttbýla, einkum í þekkingarstarfsemi, fyrir þrifum. Bæði er gagnaflutningsþörf þeirra mikil og er sífellt að aukast. Hér skal minnt á að fræðimenn<sup>30</sup> telja að tækifæri dreifbýlis í að auka vægi þekkingarstarfsemi felist í fyrirtækjum sem geta gert raunverulegar fjarlægðir að engu í gegnum öflugt fjarskiptakerfi. Bent hefur verið á að sókn Vestlendinga hefur verið mikil í þekkingarstarfsemi, einkum í Borgarfirði, með tvo öfluga háskóla á bak við sig<sup>31</sup>. Óráðlegt væri að fylgja þeirri tilhneigingu ekki eftir. Ákveðin tækifæri liggja í tillögu 14 í byggðaaætlun og með stofnun Fjarskiptasjóðs.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Fjarskiptasjóður, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Byggðastofnun.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

8 m.kr.

<sup>30</sup> Banister, D. & J. Berechman (2000) *Transport Investment and Economic Development*.

<sup>31</sup> Vífill Karlsson (2004) Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi.

## 26. Ímynd Vesturlands

### Tillaga

Starfs- og búsetuáætlun Vesturlands verði unnin.

### Markmið

Að greina vaxtartækifæri svæðisins og byggja ímyndarsköpun svæðisins á þeim í þeim tilgangi að nýta breytingar í búsetuþróun landshlutanum í hag. Að koma á framfæri hver búsetu- og starfsskilyrði á Vesturlandi eru í þeim tilgangi að snúa fólksfækkunarþróuninni við og fjölga fyrirtækjum og atvinnutækifærum í landshlutanum.

### Leiðir

1. Sett verði af stað greiningarvinna af hálfu sérfræðinga til að meta samkeppnisstöðu (hlutfallslega yfirburði) Vesturlands.
2. Í framhaldi af því verði sett af stað greiningarvinna af hálfu sérfræðinga til að meta ímynd Vesturlands sem búsetuvalkosts og sem starfssvæði fyrir fyrirtæki og stofnanir.
3. Í kjölfarið verði farið að meta þá ímynd sem Vesturland hefur, hvar sóknarfærin liggja og hvar þurfi að bæta hana. Tekið verði tillit til sjónarmiða núverandi íbúa og forsvarsmanna fyrirtækja sem og utanaðkomandi aðila sem endurspeglad geta hugsanlega "nýbúa" (markhóp).
4. Þá verða skilgreindar leiðir til þess að koma þeim þáttum á framfæri sem geti bætt ímynd Vesturlands og að fengið verði fjármagn til þess að framkvæma það.
5. Aðgerðaáætlun framkvæmd.

### Rök

Líklegt er að einn meginþráttur breytinga á Vesturlandi séu breytingar á búsetuþróun svo sem tvöföld búseta og svokallaður borgarflótti sem er í takt við þá þróun sem verið hefur í nágrennalöndunum. Hækkandi lóða- og fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu gerir að verkum að fleiri munu velja að búa á landsbyggðinni en áður og hækkandi kostnaður gerir einnig að verkum að fleiri fyrirtæki, einkum í plássfrekri starfsemi, munu flytja út á land. Einnig fjölga þeim aðilum sem vilja stunda hrossarækt, skógrækt og annan frístundabúskap sem gerir að verkum að fólk eignast annað heimili fjarri borginni. Aðrir þættir sem skipta máli eru breytingar á hafnarstarfsemi og áhrif þess á flutninganet landsins o.fl. Þetta mun skapa samkeppni á milli landshluta um fólk og fyrirtæki og mikilvægt er að lagt sé í þá vinnu að greina búsetukosti í landshlutanum og hvaða ímynd Vesturland hefur sem búsetukostur í hugum annarra landsmanna. Einnig er mjög mikilvægt að Vesturland sé markaðssett sem góður búsetuvalkostur og þá sérstaklega nú þegar farið er að markaðssetja landsvæði og einstaka staði með markvissum hætti. Gott dæmi um mikilvægi ímynda er hvernig hestafólk hefur hópast á Suðurland, þar sem hefur skapast ímynd sem tilheyrir ákveðnum lífsstíl sem fólk sækist eftir og gerir að verkum að fólksflutningar og atvinnustarfsemi tengd þessum lífsstíl færast yfir á þann landshluta. Það er ekki nóg að greina ímyndina eins og hún er í dag. Það þarf að meta hvaða ímynd hægt er að skapa með rétttri markaðssetningu og einnig þarf að skilgreina hvaða leiðir eru færar í markaðssetningu á landshlutanum.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

SSV - Þróun og ráðgjöf, sveitarfélög á Vesturlandi, háskólarnir á Vesturlandi, Bygðastofnun.

### Tímaáætlun

2006-2008.

### Kostnaðaráætlun

15 m.kr.

## **27. Svæðisútlarp á Vesturlandi**

### **Tillaga**

Svæðisútlarp fyrir Vesturland verði stofnað.

### **Markmið**

Að efla til muna fréttamiðlun og framleiðslu dagskrárefnis fyrir útlarp og sjónlarp af svæðinu og styrkja þannig ímynd svæðisins og sjálfsmýnd þeirra sem þar búa.

### **Rök**

Svæðisútlarp er starfandi í öllum landsfjórðungum að Vesturlandi undanskildu. Nýlega hefur þó verið fastráðinn fréttamaður RÚV. Svæðisútlarpsstöðvarnar hafa reynst öflugar fréttaveitur sem bæði hafa nýst innan héraðs við að efla fréttalutning í héraði og einnig til að flytja fréttir og fróðleik frá landshlutanum á landsvísu. Það er brýnt að hafa greiðan aðgang að ljósvakamiðli, það snertir ímynd svæðisins, út á við sem inn á við, og ekki síður er það jafnréttismál fyrir íbúana.

### **Tillaga að ábyrgðaraðilum**

Menntamálaráðuneytið, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Útlarpsráð.

### **Tímaáætlun**

Vor 2007.

### **Kostnaðaráætlun**

Stofnkostnaður er 15 m.kr.

## 28. Björgunarskóli á Gufuskálum

### Tillaga

Skipaður verði starfshópur sem mun vinna áætlun um stofnun alþjóðlegs öryggis- og björgunarskóla á Gufuskálum.

### Markmið

Markmiðið er að undirbúa stofnun og starfrækslu björgunar- og öryggisskóla sem staðsettur verður á Gufuskálum. Byggt verði upp sérhæft nám á sviði björgunarmála fyrir innlenda og erlenda aðila.

### Rök

Þegar hefur verið lagður grunnur að björgunarskóla á Gufuskálum, en þar hafa verið haldin námskeið og æfingar m.a. í rústabjörgun og hefur það sýnt sig að veruleg þörf er á að samræma aðgerðir og skapa björgunarmönnum aðstöðu og umhverfi þar sem þeir fá faglega tilsögn og þjálfun í raunverulegum aðstæðum.

Aðstæður á Gufuskálum eru tilvaldar til þess að starfrækja þar öflugan alþjóðlegan björgunarskóla. Snæfellsjökull er við bæjardyrnar og gnæfir tignarlega yfir umhverfið á staðnum, hraun og fjallendi er í næsta nágrenni, sjór og klettótt strönd er innan seilingar og loks munu hafnirnar í Snæfellsbæ og fullbúinn flugvöllur á Rífi gegna mikilvægu hlutverki.

Erlendir aðilar hafa sýnt þessu mikinn áhuga og nú þegar hafa hópar útlendinga dvalið á Gufuskálum við þjálfun til björgunarstarfa. Það má því segja að með þessu skapist nýir möguleikar á útflutningi í formi kennslu og þjálfunar til björgunarstarfa.

Tilkoma björgunarskólans mun gefa björgunaraðilum og almannavörnum sóknarfæri sem fela það í sér að efla til muna björgunarstarf í landinu og ekki síður til að samræma betur þær aðgerðir sem þurfa að eiga sér stað þegar vá steðjar að. Íslenska þjóðin býr í landi þar sem ætíð má eiga von á einhverjum áföllum af völdum náttúruafllanna og því er mikilvægt að byggja upp eins öflugt björgunar- og almannavarnarstarf og kostur er á hverjum tíma.

Slysavarnafélagið Landsbjörg ræður yfir gistirými fyrir 80-100 manns, ásamt því að komið hefur verið upp fullkomnu mötuneyti og fundar- og fræðsluáðstöðu. Einnig er á svæðinu skemma sem nýst getur við inniæfingar og fleira. Og enn fremur eru fleiri byggingar sem ekki hefur verið ráðstafað. Því er það kjörið að efla þessa starfsemi ennfremur með stofnun þessa alþjóðlega björgunarskóla á Gufuskálum.

### Tillaga að ábyrgðaraðilum

Slysavarnafélagið Landsbjörg, Snæfellsbær.

### Tillaga að samstarfsaðilum

Menntamálaráðuneytið og önnur fagraðuneyti, Fjölbrotaskóli Snæfellinga og aðrir hagsmunaaðilar.

### Tímaáætlun

2006-2009.

### Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

## **29. Ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal**

### **Tillaga**

Unnið verði að því að tryggja til frambúðar rekstur Ungmenna- og tómstundabúða á Laugum í Sælingsdal.

### **Markmið**

Ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal hófu rekstur 1. janúar 2005, en markmið þeirra er að vera leiðandi í rekstri ungmenna- og tómstundabúða á Íslandi, m.a með því að vinna að metnaðarfullu og skapandi starfi þar sem aðstaðan er fyrsta flokks og þau mannvirki nýtt sem þar eru fyrir hendi.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar á Laugum í Sælingsdal eru reknar í anda hugmyndafræði Ungmennafélags Íslands, en þær sækja nemendur níunda bekkjar allra grunnskóla landsins og dvelja nemendur 5 daga í senn.

Aðalmarkmiðið með dvöl nemendanna í búðunum er að efla sjálfstraust þeirra og sjálfsvitund, þjálfa þau í að koma fram og viðra skoðanir sínar og undirbúa þau til að taka þátt í félagsstarfi og almennt í þjóðfélagslegri umræðu og gera þau meðvitaðri um náttúruna og landbúnaðarhætti fyrr og nú.

Stefnt er að faglegu samstarfi við tómstundabraut Kennaraháskóla Íslands til að efla starfið enn frekar.

### **Rök**

Aðstaðan á Laugum er einstök og kjörin fyrir tómstundastarfsemi. Öll mannvirki á Laugum og aðstaða eru sniðin fyrir starfsemi ungmenna- og tómstundabúða, en þar var áður heimavistar skóli. Á staðnum er nýleg 25 metra útisundlaug, heitir pottar og fullbúið íþróttahús. Umhverfið hentar í alla staði vel til útivistar og margar gönguleiðir standa til boða í nágrenninu. Fyrirkomulag ungmenna- og tómstundabúðanna á Laugum er nýbreytni hér á landi og hefur þetta verkefni farið mjög vel af stað. Þess vegna er það brýnt að tryggja áframhaldandi rekstur.

### **Tillaga að ábyrgðaraðilum**

Dalabyggð, Ungmennafélag Íslands og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

### **Tímaáætlun**

2006-2009.

### **Kostnaðaráætlun**

81 m.kr.

## **Viðbótartillögur að sértækum verkefnum**

### **Kynjahalli á Vesturlandi**

Gerð verði rannsókn á faglegri- og félagslegri stöðu kvenna á landsbyggðinni (Vesturlandi) og lagðar fram tillögur til úrbóta.

Í mörgum rannsóknum hefur komið fram að konur kjósi búsetu í borgum umfram dreifbýli. Þess vegna eru karlar hlutfallslega fleiri en konur í dreifbýli. Slíkt er talið óheillavænleg samfélagsgerð. En hvers vegna er þetta svona? Opinberar tölur benda til þess að konum fækki á Vesturlandi og hafi gert um nokkurt skeið, einkum í Dölum og á Akranesi. Slík þróun er óheillavænleg fyrir samfélög og því mikilvægt að finna orsakir og íhuga hvort það megi sporna gegn henni.

### **Nýbúar á Vesturlandi**

Markmiðið er að bæta aðstæður nýbúa á Vesturlandi og undirbúa samfélagið undir nýja heimsmynd og stuðla að því að þau vinni með henni en hvorki hlutlaust né á móti, m.a. með því að gerð verði rannsókn á faglegri- og félagslegri stöðu nýbúa á landsbyggðinni (Vesturlandi) og lagðar fram tillögur til úrbóta.

Einnig er lagt til að opinber þjónusta sem og ýmis almannagæði séu þessum nýju íbúum landsins aðgengileg.

Opinberar tölur benda til þess að nýbúum fjölgi á Vesturlandi og hafi gert um nokkurt skeið, einkum á Snæfellsnesi og í Dölum. Við þær aðstæður þurfa samfélögin að tryggja þeim viðunandi félagslega þjónustu sem og byggja brú á milli "heimamanna" og nýbúa þannig að þeir síðarnefndu finni sig velkomna og taki þátt í samfélaginu sem og þeir fyrrnefndu kynnist nýjum nágrönnum og myndi eðlileg tengsl.

### **Tvöföld búseta**

Sveitarfélög kanni stöðu sína gagnvart aðilum með tvöfalda búsetu í ljósi nýfallins dómsúrskurðar sem felur í sér bæði kröfur á hendur þeim sem og tækifæri sem verður að huga að. Þess vegna er brýnt að gerð verði ítarleg könnun á tvöfaldri búsetu á Vesturlandi og stöðu sveitarfélaga gagnvart henni.

## IX. Viðauki I – Viðtla við Ifor Williams

### Opnir kynningarfundir

## Vaxtarsamningar, alþjóðavæðing, klasar og samkeppnishæfni

### Ifor Flowcs-Williams, forstjóri, Cluster Navigator og alþjóðlegur ráðgjafi,

mun halda fyrirlestra um alþjóðavæðingu, samkeppnishæfni og klasa. Ifor mun fjalla um alþjóðleg verkefni á sviði klasa og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði. Ifor hefur m.a. unnið fyrir fjölda landa, OECD, Alþjóðabankann o.fl.

Opnir kynningarfundir á eftirtöldum stöðum vikuna 8. - 12. maí n.k.:

**Egilsstaðir, mánudaginn 8. maí, kl. 12:00 - 14:00, Hótel Hérað Egilsstöðum**  
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Austurlands

**Ísafjörður, þriðjudaginn 9. maí, kl. 12:00 - 14:00, Hótel Ísafjörður, Ísafirði**  
Fundur á vegum Vaxtarsamnings Vestfjarða

**Sauðárkrókur, miðvikudaginn 10. maí, kl. 12:00 - 14:00, Kaffi Krókur, Sauðárkróki**  
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Norðurlands vestra

**Akureyri, fimmtudaginn 11. maí, kl. 12:00 - 14:00, Alþýðuhúsið, Skípagata 14, 4. hæð, Akureyri**  
Aðalfundur Vaxtarsamnings Eyjafjarðar

**Akranesi, föstudaginn 12. maí, kl. 11:00 - 12:30, Garðakaffi, Byggðasafninu á Görðum, Akranesi**  
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Vesturlands

### Fundirnir verða auglýstir nánar á viðkomandi landssvæðum.

Fundirnir eru hluti af stefnumörkun stjórnvalda og iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, um eflingu byggðakjarna og vaxtarsvæða, m.a. með uppbyggingu Vaxtarsamninga, er stuðla eiga að aukinni samkeppnishæfni og vexti atvinnulífs og svæða.

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið,  
nefndir um Vaxtarsamninga viðkomandi svæða, Atvinnuþróunarfélög viðkomandi svæða**



Morgunblaðið/Stímur Ásmundóttir

Kynningarfundur Ifor Williams flytur fyrirlestur sinn á Egilsstöðum líkt og hann gerði á Akureyri, Akranesi, Ísafirði og Sauðárkróki.

# Viðskiptataækifæri í vaxtarsamningum

■ Nýsjálandsk ráðgjafinn Ifor Williams telur samvinnu og traust miklu skipta við uppbyggingu atvinnulífs

Eftir Björn Jóhann Björnsson  
bjb@mbli.is

Ifor Williams, forstjóri Cluster Navigators á Nýja-Sjálandi og erlendir ráðgjafi stjórnvalda við gerð svonefndra vaxtarsamninga, var nýverið staddur á Íslandi og fór um landið með kynningarfundum og fyrirlestra. Fjallaði hann um alþjóðleg verkefni á sviði klasamyndunar fyrirtækja og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði. Sagði hann þessa vaxtarsamninga geta skapað fjölmörg viðskiptatækifæri.

Ifor hefur unnið samberileg ráðgjafarverkefni fyrir fjölda aðila, m.a. OECD, Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankann og stjórnvöld nokkurra ríkja. Í Íslandsferð sinni kom hann við á þeim svæðum þar sem stjórnvöld hafa komið vaxtarsamningi á eða eru í undirbúningi, þ.e. á Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi, Ísafirði og Sauðárkróki.

## Fleiri vaxtarsamningar

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur að undanförnu lagt áherslu á vaxtarsamninga með það að markmiði að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og landsvæða. Með samningnum hafa

stjórnvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðilar skuldbundið sig til að leggja fram fjármagn yfir ákveðið tímabil til uppbyggingu atvinnulífs í viðkomandi svæði. Unnið hefur verið sérstaklega að uppbyggingu slíkra samninga á vegum ráðuneytisins og hefur Baldur Pétursson deildarstjóri stíft því starfi. Þegar eru komnar í rekstur vaxtarsamningar fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og í undirbúningi eru vaxtarsamningar fyrir Austurland, Vesturland og Norðurland vestra. Nýlega var kynnt skýrsla um vaxtarsamning Stöðvaxtarsamningur fyrir það svæði einnig og er unnið að þeim undirbúningi.

„Þetta hefur verið mjög góð samstaða innan byggðarlaga og viðskiptavæðing. Þetta hefur verið mjög góð samstaða innan byggðarlaga og viðskiptavæðing.“

„Þetta hentar í mörgum tilfellum fyrir atvinnulíf og opinbera aðila, en á tímum sífellt vaxandi alþjóðavæðingar og samkeppni er mikilvægt að nýta öll slík tækifæri. Með starfsemi vaxtarsamninga og klasa gefst tækifæri á hagnýtri samvinnu,“ segir Baldur og bendir á að í einni skýrslu OECD sé smáð fyrirtækja ekki talin vandamála, heldur einangrun þeirra. Með þessu módeli sé einnig meiri ábyrgð á atvinnu- og byggðamálu færð yfir til viðkomandi svæða. Með vaxtarsamningum hafi því tekist að koma á nýjum tilfelli í samskiptum aðila á viðkomandi sviði, til að mynda taki fjármálastofnanir þátt í slíku



Morgunblaðið/Ómar

Fyrirtækjaskilar Ifor Williams frá Nýja-Sjálandi hefur um nokkurt skeið veitt stjórnvöldum ráðgjöf við að koma á vaxtarsamningum í héruðum landsins þannig að tækifæri skapist m.a. fyrir lítil fyrirtæki.

starfi á Vestfirðum. Það sé nýjung hér á landi en afar mikilvægt samstarf.

Baldur segir undirbúning og rekstur vaxtarsamninga byggjast á samstarfi við fjölda fólks á viðkomandi svæði, sem eigi mikinn þátt í þessu ferli og sömuleiðis atvinnuþróunarfélagin, enda komi það síðan í hlut fólksins á svæðunum að reka vaxtarsamninga og starf þeim tengt. „Slíkt er enda hluti af þessu ferli og stefnumörkun stjórnvalda, að atvinnulíf, einstaklingar, skólar og opinberir aðilar á viðkomandi svæðum beri meiri ábyrgð á starfi er varðar samkeppnishæfni, vöxt og þróun atvinnuáætlun og bygginga,“ segir Baldur. Hann segir enn fremur að í starf-

semi vaxtarsamninga sé áhersla lögð á að auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana og að efla klasasamstarf innan atvinnulífsins og á milli atvinnulífs, háskóla og fleiri aðila, innanlands sem erlendis. Að sögn Baldurs hefur við uppbyggingu á þessu sviði verið stuðin við alþjóðlega ráðgjöf og þekkingu, einkum frá Ifor Williams.

## Sami vandi annars staðar

Ifor Williams segist í samtali við Morgunblaðið vera mjög ánægður með Íslandsheimsóknina og hvernig samstarf vinstri hafa komist á milli stjórnvalda, fyrirtækja, einstaklinga og menntastofnana. Hann segir Íslandinga vera að glíma við svipaðan

vanda og margar þjóðir heims; smærri byggðarlög séu að missa ungt og hæfileikaríkt fólk til stórborganna. Þetta fólk snúi yfirleitt ekki til baka til heimahaganna, þá ekki fyrr en á eftirlaunarárunum.

„Í einhverjum tilvikum er þetta óhjákvæmileg þróun, sem lítið eða ekkert er hægt að gera við, en við sjám mörg dæmi þess um allan heim að smærri byggðarlögum er að takast að halda og fá til sín ungt og menntað hæfileikafólk. Á þessum stöðum hefur tekist að skapa atvinnutækifæri við hæfi þessa fólks,“ segir Williams.

Á fundum sínum á Íslandi sagðist Williams hafa lagt sérstaka áherslu á tvö atriði. Annars vegar mikilvægi samvinnu og trausts milli hagsmunaaðila og að allir séu sammála um að halda verkinu áfram. Hins vegar mikilvægi sérhæfingar, þ.e. að viðkomandi svæði leggi áherslu á sín einkenni og hvaða svið atvinnulífs sé vænlegust til árangurs, hvort sem það er landbúnaður, sjávarútvegur, ferðahjónusta eða vísindastörf.

Aðspurður segir hann að íslensk stjórnvöld séu á réttri leið með gerð þessara vaxtarsamninga. Góð reynsla af þeim eigi eftir að verða lýðum ljós. Sem dæmi nefnir hann Hólaskóla í Hjaltdal í Skagafirði. Þar hafi hann fengið áhugaverða kynningu hjá rektorum, Skúla Skúlasyni, á starfi skólans og hugmyndafræði og rétt við tvo nemendur í framhaldsnámi. „Annar þeirra var frá Frakklandi og hinn frá Norgegi. Þetta sýnir manni skýrt hvað svæðisbundin sérhæfing á að snúast um. Henni er ekki eingöngu ætlað að laða til sín starfsemi fyrirtækja og viðskiptavini heldur einnig langskólamentað og sérhæft fólk. Ég tel að þetta eigi að geta spilað vel saman,“ segir Williams. Hann segist einnig hafa hrifist af því sem hann sá á Ísafirði og hvernig tekist hafi að skapa Vestfirðum sína sérstöðu í ferðahjónustu. Þar sé t.d. áherslan á galdra og aðra fjölkynngi á Ströndum einstök á heimsvísu.

„Ég hef beðið fólk að einblína á sína sérstöðu, hún getur verið mjög misjöfn. Hvað getur gefið okkur forskot umfram aðra? Landbúnaður í Eyjafirði er ekki með sömu áherslu og landbúnaður annars staðar á landinu og hlíf sama gjaldur um ferðahjónustuna,“ segir hann.

## Tækifæri kríngum stóriðju

Meðal þeirra svæða í heiminum sem hann hefur veitt aðstoð sína er Ástralía. Williams segist hafa starfað þar á mun afskekktari stöðum en þekktist á Íslandi. Þar hafi tekist góð samstaða innan byggðarlaga og að skapa tækifæri fyrir ungt fólk.

Spurður hvort stóriðja líkt og verið er að byggja upp á Austurlandi sé lausn á því að stöðva fólksflóta segir Williams að slík starfsemi skapi vísulega mörg varanleg störf. Hann segir miklu skipta í þessu sambandi að fólk leiti eftir tækifærum á starfsemi eða þjónustu sem stór fyrirtæki eins og Bechtel og Alcoa kalli eftir. Ef t.d. litlu fyrirtæki takist að selja Bechtel tilbúnað matvæli á Reyðarfirði geti skapast tækifæri á sömu viðskiptum við Bechtel annars staðar í heiminum.

Williams er víðförlur maður og hefur ærin starfa við að breiða út þekkingu sína og reynslu við uppbyggingu fyrirtækjaskilna og samstarf á sviði atvinnu- og byggðamála. Frá Íslandi lá leiðin til Pakistans og hlakkaði hann til þeirrar ferðar, þó ekki væri nema fyrir herra hitastigi.

## TENÓLAR

www.klassar.is



## X. Heimildarskrá

- Akranes (2006) [http://www.akranes.is/default.asp?sid\\_id=509&tre\\_rod=002|002|&tld=1](http://www.akranes.is/default.asp?sid_id=509&tre_rod=002|002|&tld=1) (skoðuð 28. maí 2006).
- Banister, D. & J. Berechman (2000) *Transport Investment and Economic Development*. London: Routledge.
- Fjölbrotaskóli Vesturlands (2006) <http://www.fva.is/> (Skoðuð 28. maí 2006)
- Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið (2005) Landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins: Ástæður mismunandi þróunar fasteignaverðs eftir kjördæmum landsins. Reykjavík: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.
- Íslenska Járnblendifélagið (2006) [http://www.jarnblendi.is/01\\_fyrirtaekid/01\\_01\\_saga.html](http://www.jarnblendi.is/01_fyrirtaekid/01_01_saga.html) (skoðuð 28. maí 2006).
- McMillen, D. P. (2003) The return of centralization to Chicago: using repeat sales to identify changes in house price distance gradients. *Regional Science and Urban Economics*, 33, 287-304.
- Náttúrustofa Vesturlands (2006) <http://www.nsv.is/> (skoðuð 15. maí 2006).
- Norðurál (2006) [http://www.nordural.is/default.asp?sid\\_id=13699&tre\\_rod=001|001|004|&tld=1](http://www.nordural.is/default.asp?sid_id=13699&tre_rod=001|001|004|&tld=1) (skoðuð 30. maí 2006)
- Porter, M.E. (1990) *The Competitive Advantage of Nations*, London: The MacMillian Press LTD.
- Vífill Karlsson (2001) Byggðamál, vangaveltur um aðgerðir og aðgerðaleysi. Borgarnes: Atvinnuráðgjöf Vesturlands.
- Vífill Karlsson (2004) Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi. Borgarnes: Atvinnuráðgjöf Vesturlands.
- Vífill Karlsson (2005) Framhalds og háskólasókn Vestlendinga. Borgarnes: Atvinnuráðgjöf Vesturlands.
- Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD 2005*
- The Cluster Initiative Greenbook, Örjan Sövell, Göran Lindqvist, Christian Ketels, foreword by Michael E. Porter, 2003.*
- Mitchell, C.J.A. (2004) Making sense of counterurbanization. *Journal of Rural Studies*, 20, 15-34.
- Dahms F. And McComb J. (1999) 'Counterurbanization', interaction and functional change in a rural amenity area — A Canadian example. *Journal of Rural Studies*, 15, 129-146.

## Yfirlit yfir myndir

MYND 1: VESTURLAND. ....	9
MYND 2: SAMSTARFSADILAR VAXTARSAMNINGA .....	11
MYND 3: SKIPURIT VAXTARSAMNINGS .....	12
MYND 4: ÞRÓUNARÞREP KLASA. ....	13
MYND 5: SAMSTARFSADILAR VAXTARSAMNINGA .....	14
MYND 6: VAXTARSAMNINGUR VESTURLANDS.....	15
MYND 7: FRAMMISTÖÐULÍKAN KLASA. ....	17
MYND 8: ALGENGUSTU MARKMID Í STARFSEMI KLASA. ....	18
MYND 9: KLASAR Á ÍTALÍU. ....	18
MYND 10: ÁVINNINGUR ATVINNULÍFS AF STARFI KLASA, SAMKV. ERLENDUM ATHUGUNUM. ....	19
MYND 11: NETTENGL KLASA. ....	20
MYND 12: VIRKNI KLASA OG UMHVERFI HANS. ....	20
MYND 13: MANNEFJÖLDI Á VESTURLANDI. ....	23
MYND 14: TÍÐNI ADFLUTTRA UMFRAM BROTTFLUTTA. ....	24
MYND 15: ALDURSDREIFING Á VESTURLANDI Í HEILD.....	31
MYND 16: ALDURSDREIFING Á AKRANESI/BORGARFJ.....	26
MYND 17: ALDURSDREIFING Á SNÆFELLSNESI.....	31
MYND 18: ALDURSDREIFING Í DALABYGGÐ.....	26
MYND 19: ÍBÚAFJÖLDI OG MEÐALALDUR Á VESTURLANDI. ....	27
MYND 20: KYNJAHALLI Á VESTURLANDI.....	28
MYND 21: NÝBÚAHLUTFALL Á VESTURLANDI OG ÖÐRUM SVÆÐUM. ....	29
MYND 22: NÝBÚAHLUTFALL Á VESTURLANDI .....	29
MYND 23: HLUTFALLSLEG BREYTING STARFA. ....	31
MYND 24: HLUTFALL STARFA Á VESTURLANDI ÁRIÐ 2004. ....	31
MYND 25: MEÐAL ATVINNULEYSI. ....	32
MYND 26: MEÐAL ATVINNUTEKJUR EFTIR LANDSHLUTUM. ....	33
MYND 27: MEÐAL ATVINNUTEKJUR EFTIR GREINUM. ....	34
MYND 28: MEÐAL ATVINNUTEKJUR EFTIR LANDSHLUTUM, ÞRÓUN. ....	34
MYND 29: HLUTFALL FJÖLDA LAUNAGREIÐENDA EFTIR ATVINNUGREINUM. ....	35
MYND 30: MENNTUN Á VESTURLANDI. ....	36
MYND 31: HÁSKÓLANEMENDUR Á ÍSLANDI. ....	36
MYND 32: HÁSKÓLANEMENDUR EFTIR LANDSVÆÐUM.....	37
MYND 33: DREIFING HÁSKÓLANEMA EFTIR HÁSKÓLUM. ....	37
MYND 34: BÍLAUMFERÐ Á VESTURLANDI. ....	39
MYND 35: VEGIR Á VESTURLANDI OG TILLÖGUR UM ENDRUBÆTUR. ....	41
MYND 36: FJÖLDI OPINBERRA STARFA Á VESTURLANDI.....	42
MYND 37: DEMANTSLÍKAN PORTERS. ....	43

## Yfirlit yfir töflur

TAFLA 1: SVEITARFÉLÖG Á VESTURLANDI. FLATARMÁL OG MANNEFJÖLDI 1.DES. 2005. ....	21
TAFLA 2: BÚFERLAFLUTNINGAR EFTIR SVEITARFÉLÖGUM 2005.....	25
TAFLA 3: FJÖLDI STARFA EFTIR ATVINNUGREINUM Á VESTURLANDI 1998-2004. ....	30
TAFLA 4: FJÖLDI HÁSKÓLANEMENDA EFTIR SKÓLUM OG LÖGHEIMILI. ....	38
TAFLA 5: STYRKLEIKAR VESTURLANDS. ....	45
TAFLA 6: VEIKLEIKAR VESTURLANDS. ....	45
TAFLA 7: TÆKIFÆRI VESTURLANDS .....	47
TAFLA 8: ÓGNANIR VESTURLANDS. ....	49



lðnaðar- og viðskiptaráðuneytið - Júlí 2006